


**KRISTJÁN ÞÓR OG HJALTI ANDRÉS**
*Tróndu á toppnum*
• heilsa • bílar • ferðir • nám
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**ANDRI FREYR**
*Orðinn þreyttur á uppsögnum*
Miklar væringar á öldum ljósvakans
FÓLK 38



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

3. janúar 2007 — 2. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Fólk syngur með í hjartanu

Þóra Einarsdóttir sópransöngkona syngur á sívinsælum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



MENNING 26



### Hetjan með hattinn

Harrison Ford er ekki hræddur við Indiana Jones.

FÓLK 32

### Mannréttindin sniðgengin

„Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur eiga vítur skilið fyrir sinnuleysi sitt gagnvart réttindum launafólks,“ segir Sigurður T. Sigurðsson, fyrrverandi formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.

Í DAG 20

### Einar Hólmgeirsson úr leik

Stórskyttan Einar Hólmgeirsson verður ekki með íslenska landsliðinu í handbolta á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi.



ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**LÆGIR Í KVÖLD** - Í dag verður allhvöss eða hvöss norðaustanátt sunnan og austan til en yfirleitt nokkuð hægari á Norður- og Vesturlandi. Lægir í kvöld. Rigning eða slydda en þurrt og skýjað með köflum vestan til. Hiti 0-6 stig.






**TURN Í TÓMASARHAGANUM** Ungir Vesturbæingar voru ekki í vandræðum með að finna notagildi fyrir leifar gamlárskvölds. Útbrunnar kökur urðu efniviður vígalegs turns með rauðu flaggi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ummæli Jóns Baldvins til rannsóknar

**Ummæli Jóns Baldvins Hannibalssonar um fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík tekin fyrir í opinberri rannsókn. Heimild til þess staðfest í Hæstarétti.**

**DÓMSMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, verður kallaður í annað sinn til skýrslutöku hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík vegna ummæla sinna um Sigurjón Sigurðsson, fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík. Kallaði Jón Sigurjón heitinn „lögreglustjórann alræmda“ í þættinum Kastljósi 10. október síðastliðinn.

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að heimilt sé að hefja opinbera rannsókn á þessu máli. Jón Baldvin hafði farið fram á að málið yrði sótt og varið sem einkamál. Egill Stephensen saksóknari segir að málið sé rannsakað sem sakamál. Eftir skýrslutöku verði ákveðið hvort embættið gefi út ákæru í málinu.

Börn Sigurjóns kærðu Jón Baldvin fyrir ummælin í Kastljósi. Sigurjón hefur verið mikið í umræðunni síðasta misserið vegna aðkomu sinnar að innri öryggismálum íslenska ríkisins.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Jóns Baldvins, segir að úrskurður Hæstaréttar sýni að „það skiptir máli þegar svona mál er rekið, hvort börnin séu börn opinbers starfsmanns eða börn annarra og [þau fyrrnefndu] njóta annarrar og betri réttarstöðu en hin. Með því að staðfesta niðurstöðu Héraðsdóms er Hæstiréttur að segja að það eigi að mismuna fólki að þessu leyti.“

Í dómsorði Hæstaréttar segir að „hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða hafi verið opinber starfsmaður og móðgunin eða aðdróttunin varði að einhverju leyti það starf hans skuli slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.“ Sé embættismaðurinn látinn, „hafi eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn, barnabörn og systkin rétt til að [...] bera fram kröfu um opinbera málshöfðun“.

Tekið var fram í dómsorði að með úrskurðinum væri ekki tekin afstaða til þess hvort Jón Baldvin hafi gerst sekur um meiðyrði. Málið dæmdu þau Ingibjörg Benediktsdóttir, Hjördís Hákonardóttir og Ólafur Börkur Þorvaldsson.

- bg / kóþ

Samningar flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf.:

# Viðræður í uppnámi

**SAMGÖNGUR** Forsvarsmenn Flugstoða ohf. og Félags flugumferðarstjóra, FÍF, komust ekki að samkomulagi í gærkvöldi.

Að sögn Þorgeirs Pálssonar, forstjóra Flugstoða, var ásteytingarsteinninn sá að „menn lýstu sig vanhæfa til að taka afstöðu á þessari stundu og vildu leggja samkomulagið fyrir félagsfund FÍF. En þetta eru ekki kjarasamningar, þetta var samkomulag um lífeyrissjóðsréttindi og við komumst að ákveðinni niðurstöðu um þau. Ástæðulaust er að bíða niðurstöðu félagsfundar þegar um einstaklingsbundnar ráðningar er að ræða.“

Loftur Jóhannsson, formaður FÍF, sagði í tilkynningu í gær að þessi afstaða Flugstoða hefði komið í veg fyrir samkomulag.

„Þeir gengu frá vettvangi og við það stendur. Það er greinilega ekkert um að ræða,“ segir Þorgeir Pálsson.

- kóþ

Hesturinn Sokki drapst á flótta undan flugeldasprengingum á nýársnótt:

# Þetta var eins og á vígvelli

**ÁRAMÓT** Sautján hross á bænum Arnarstapa á Mýrum fældust illa í sprengjulátunum á gamlárskvöld. Tóku þau á rás og stukku meðal annars yfir skurð á flóttanum. Eitt þeirra, Sokki sem var sex vetra foli, lenti ofan í skurðinum og drapst.

Ásgerður Pálsdóttir, bóndi á Arnarstapa, segist hafa farið á gá að hrossunum um klukkan hálf eitt um nóttina og þá hafi þau verið hlaupin. „Þau fældust við sprengingarnar og lætin enda var þetta eins og á vígvelli. Eða það getur maður ímyndað sér,“ segir Ásgerður.

Skepnurnar á Arnarstapa hafa ekki áður fælst við sprengjulæti en Ásgerður segir að stillt hafi verið í veðri á nýársnótt og því óvenju hljóðbært. „Svo var meira um sprengingar núna en áður. Þetta er alltaf að aukast.“

Ásgerður kveður sprengjulætin hafa borist úr næsta nágrenni og eins frá Borgarnesi sem er í þrettán kílómetra fjarlægð frá bænum.

Kindur, kýr og geitur á Arnarstapa héldu ró sinni.

Ásgerður og bóndi hennar Sturla Stefánsson fóru eftir hrossunum og voru þau erfið viðureignar. „Þau voru snarvitlaus og hrukku við við minnstu hreyfingu,“ segir Ásgerður sem sökum þessa naut ekki ljósadýrðarinnar á himnum þessi áramótin.

- bþs



**ÁSGERÐUR Á ARNARSTAPA** Geiturnar á bænum kipptu sér ekki upp við sprengjulætin á gamlárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## SPURNING DAGSINS



*Er skollið á stéttastríð, Gunnar?*

„Nei, en við nálgumst óðum villta vestrið með þessari amerísku nálgun á félagafrelsið!“

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir að sátt hafi verið rofin milli stéttarfélaga með samkeppni um félagsmenn. Hann varar við því að sæki menn að VR muni VR „gjalda í sömu mynt“.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi óskuðu starfsmönnum sínum gleðilegra jóla með víni:

# Gáfu tæplega 3.500 vínflöskur

**STJÓRNSÝSLA** Yfirvöld í Kópavogi sendu starfsmönnum bæjarins tvær léttvínsflöskur í jólagjöf. Bæjaryfirvöld gáfu starfsmönnum konfekt árið 2005 en nú var ákveðið að breyta til enda er léttvín almenn viðurkennd tækifærisgjöf sem mörg fyrirtæki gefa við ýmis tímamót, að sögn Páls Magnússonar bæjarritara í Kópavogi. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem Kópavogsbær gefur starfsmönnum sínum vínflöskur á jólunum og segir hann að starfsmenn bæjarins hafi almennt verið mjög ánægðir með gjöfina.

1.800 starfsmenn vinna hjá Kópavogsbæ og eru um 70 þeirra of ungir til að mega neyta áfengis og fengu þeir því geisladisk með íslensku söngkonunni Lay Low frá bænum að sögn Páls. Bærinn gaf því 3.460 vínflöskur í jólagjafir. Hver flaska kostar 990 krónur í ríkinu.



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Segir hugsunina hafa verið góða, en að auðvitað sé alltaf umdeilt þegar menn gefa vín í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, segir að hugsunin hafi verið góð hjá bæjaryfirvöldum og hún vilji ekki gagnrýna þau of mikið. „En auðvitað er það alltaf umdeilt þegar menn gefa vín í jólagjöf og ég veit að það var kurr í mörgum vegna þessa,“ segir Guðríður og bætir því við að það sem hafi stungið hana mest við gjöfina var að á kortinu sem fylgdi kom fram að hún væri frá Gunnari Birgissyni bæjarstjóra og Ómari Stefánssyni, formanni bæjarráðs. - ifv

Íslensk stúlka slasaðist:

# Hryggbrotin eftir skíðaslys

**SKÍÐASLYS** Arna Sigríður Albertsdóttir, 16 ára stúlka frá Ísafirði, slasaðist alvarlega í skíðaslysi í Noregi 30. desember. Hún liggur nú á sjúkrahúsi í Ósló hryggbrotin og með innvortis blæðingar eftir að hún lenti á tré í skíðabrekkunni þar sem hún var við æfingar ásamt félögum sínum í Skíðafélagi Ísfirðinga.

Albert Óskarsson, faðir Örnu, segir líðan dóttur sinnar eftir atvikum og vonast til að hægt verði að flytja hana heim um helgina. Hann fór til Noregs 1. janúar til að vera hjá dóttur sinni. - sdg

Lögreglan í Vestmannaeyjum:

# Vildu upplýsingar úr símum

**LÖGREGLUMÁL Tryggvi Kr. Ólafsson, rannsóknarlögreglumaður í Vestmannaeyjum, segist ekki geta svarað því hvort upplýsingar úr farsímakerfum hefðu hjálpað til við rannsókn á íkveikju í Ísfélaginu. „Þetta var einfaldlega tilraun og ætlunin var að bera upplýsingarnar saman við önnur gögn í málinu, hefðu þær fengist. Þetta var bara hugmynd sem við ákváðum að láta reyna á.“**

**Að sögn Tryggva er ekkert nýtt að frétta af rannsókninni og engar handtökur hafa verið að átt sér stað. Bruninn í Ísfélaginu var fjórða íkveikjan í Eyjum í desembermánuði einum og sú ellefta á sex árum.** - þsj / sjá síðu 10

Frumvarpið um Ríkisútvarpið:

# Ekki verið rætt um breytingar

**STJÓRNMÁL** Frumvarpið um Ríkisútvarpið hefur verið til umfjöllunar í menntamálanefnd Alþingis síðan hlé var gert á þingstörfum 9. desember.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Nefndin fundar í dag og verður Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, meðal gesta. Sigurður Kári Kristjánsson nefndarformaður segir upplýsingum og sjónarmiðum hafa verið safnað en enn hafi ekki borið á góma að breyta frumvarpinu. „Málið er ekki komið á það stig,“ segir Sigurður Kári.

Hann býst við að nefndin komi saman einu sinni eða tvisvar áður en þingstörf hefjast 15. janúar en þá verður Ríkisútvarpið fyrsta mál á dagskrá. - bþs

# Ætla auðmanni lóð samkvæmt pöntun

**Bæjaryfirvöld í Kópavogi vilja verða við ósk milljarðamæringsins Þorsteins Vilhelmssonar og skipuleggja nýja einbýlishúsalóð á Rjúpnahæð við hlið endalóðar sem hann fékk ekki við úthlutun. Verðandi nágrannar eru afar ósáttir.**

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Kópavogs hefur ákveðið að skipulögð verði sérstök lóð í Kórahverfinu fyrir einbýlishús auðmannsins Þorsteins Vilhelmssonar.

Lóðum í Austurkór var úthlutað í nóvember síðastliðnum. Um 300 umsækjendur voru um lóðirnar, um sem langflestar, eða um 60 talsins, eru fyrir einbýlishús. Flestir munu hafa sótt um endalóðina Austurkór 159. Meðal þeirra voru hjónin Þorsteinn Vilhelmsson og Þóra Jónsdóttir. Þorsteinn er einna þekktastur fyrir að vera einna svokallaðra Samherjafrænda frá Akureyri. Hann er í dag aðaleigandi fjárfestingafélagsins Atorku.

Við útdrátt kom umrædd lóð í hlut Gunnars Jóhannssonar og Lindu Bentsdóttur. Mánuði síðar, sex dögum fyrir jól, átti Þorsteinn fund með Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra og fór fram á að fyrir hann yrði skipulögð sérstök byggingarlóð á opnu svæði norðvestan við Austurkór 159. Daginn eftir sendi Þorsteinn Gunnari formlegt bréf og vísaði í samtal þeirra:

„Undirritaður leyfir sér jafnframt að ítreka það sem þá kom fram að hann hefur mikinn áhuga á því að búa áfram í Kópavogi,“ skrifar Þorsteinn bæjarstjóranum. „Leyfi ég mér nú að óska eftir því að málið verði tekið til velviljaðrar skoðunar af hálfu Kópavogsbæjar og mér úhlutuð umrædd lóð komi til þess að hún verði samþykkt,“ segir loks í bréfi Þorsteins sem bæjarstjórinn lagði fyrir bæjarráðsfund 21. desember.

Bæjarráð kvaðst telja jákvætt að skoða hvort hægt væri að koma lóðinni fyrir og óskaði eftir að fá umsögn Smára Smárasonar skipulagsstjóra bæjarins. Smári sagðist ekki gera athugasemd við stofnun lóðarinnar.



**ÞORSTEINN VILHELMSSON** Segist vilja búa áfram í Kópavogi en vill fá einbýlishúsalóð í sunnanverðri Rjúpnahæð. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL



**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjórinn átti fundi með Þorsteini Vilhelmssyni og ræddi þar hvort útvega mætti Þorsteini lóð á góðum útsýnisstað í sunnanverðri Rjúpnahæð.



**LINDA BENTSDÓTTIR** Fékk úthlutað endalóð og er ósátt við að ný lóð sé skipulögð við hliðina.

Ekki náðist í Gunnar bæjarstjóra sem er í leyfi. Staðgengill hans, Páll Magnússon bæjarritari, segist ekki geta sagt til um hvort Þorsteinn fái lóðina eða hvort hún verði auglýst til úthlutunar samkvæmt gildandi reglum. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það en hins vegar fer málið af stað að hans beiðni. Bæjarráð mundi væntanlega taka ákvörðun um það hvernig lóðinni yrði ráðstafað ef hún verður til,“ segir Páll.

Linda Bentsdóttir og Gunnar Jóhannsson, sem verða ekki lengur á endalóð, segjast afar ósátt við vinnubrögð bæjaryfirvalda. „Þetta er í þriðja skipti sem við sækjum um lóð. Nú lentum við í útdrætti og fengum endalóð. Þá er einhver sem er ekki sáttur og þá á bara að búa til lóð við hliðina. Ég vissi ekki að menn gætu bara pantað sér lóðir. Ég mun gera mitt til að reyna að hnekkja þessu,“ segir Linda Bentsdóttir. gar@frettabladid.is



**SUÐURNESJANÓT** Eysteinn Már Guðvarðarson og Valgerður Einarsdóttir með nýfædda dóttur sína.

Stúlka á Suðurnesjum:

# Annar Íslendingur ársins

**ÁRAMÓT** Annar Íslendingurinn til að líta dagsins ljós árið 2007 var stúlka sem fæddist á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja klukkan sex mínútur í fjögur aðfaranótt nýársdags. Í Fréttablaðinu í gær var ranglega sagt frá því að annar Íslendingurinn hefði fæðst á Landspítalanum klukkan rúmlega fimm.

Móðirin mætti upp á fæðingardeild þegar hálftími var liðinn af nýja árinu. Stúlkan var rúmar 13 merkur og 51 sentimetri. Hún er fyrsta barn foreldra sinna og heilsast móður og barni vel. - sdg

Ensku vændiskvennamorðin:

# Gæsluvarðhald fram í maí

**BRETLAND, AP Fjörutíu og átta ára gamall karlmaður, sem grunaður er um að hafa myrt fimm vændiskonur í Austur-Englandi, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram í maí. Dómari í Ipswich ákvað þetta í gær.**

**Steve Wright var ákærður fyrir morðin þann 21. desember síðastliðinn. Er hann kom fyrir dómarann í gær andmælti hann hvorki ákærunum né fór fram á lausn gegn tryggingu.**

**Lík kvennanna, sem voru á aldrinum 19 til 29 ára, fundust á ellefu daga tímabili fyrri hluta desember í kringum Ipswich.** - aa


BÍLL DAGSINS

SUBARU IMPREZA GL

Nýskr. 04.99 - Sjálfskiptur - Ekinn 160 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Valgerður Sverrisdóttir viðstödd viðhafnarútför Gerald Ford fyrrverandi forseta:

# Jarðsunginn í heimabæ sínum í dag

**WASHINGTON, AP** Meira en þrjú þúsund manns voru viðstaddir viðhafnarútför Geralds Fords, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem haldin var í dómkirkjunni í Washington í gær. Meðal gestanna var Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra ásamt öðrum fulltrúum erlendra ríkja.

Líkkista Fords hafði í tvo daga legið á viðhafnarbörum í hvelfingu bandaríska þinghússins í Washington þar sem ættingjar hans og fyrrverandi jafnt sem núverandi ráðamenn Bandaríkjanna vottuðu hinum látna virðingu sína.

Ræður við útförina héldu George W. Bush forseti, Henry Kissinger, fyrrverandi utanríkisráðherra, og Tom Brokaw, fyrrverandi fréttaþulur NBC-sjónvarpsstöðvarinnar.

Eftir athöfnina í Washington í gær var kista Fords flutt til bæjarins Grand Rapids í Michigan, þar sem hann ólst upp. Þar verður hann borinn til grafar í dag að lokinni smærri athöfn fyrir nánustu ættingja og vini.

Ford tók við forsetaembættinu árið 1974 þegar Richard Nixon hrökklaðist frá völdum vegna Watergate-málsins. Ford tapaði síðan forsetakosningum fyrir Jimmy Carter rúmlega tveimur árum síðar.



**FYRRVERANDI OG NÚVERANDI RÁÐAMENN** Á myndinni má meðal annars sjá George W. Bush forseta og Lauru eiginkonu hans, Dick Cheney varaforseta og þrjá fyrrverandi forseta, þá George Bush eldri, Bill Clinton og Jimmy Carter. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ford lést á heimili sínu í Kaliforníu 26. desember síðastliðinn, 93 ára gamall. - gb


SÉRFRÆÐINGAR
KAUPÞINGS VINNA
FYRIR ÞIG
„Það er ekki eins og ég sjái um
að stjórna þessu.“
KAUPÞING
kaupthing.is
ENNEMM / SÍA / NM25386

## GENGIÐ 02.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,66 | 72 |
| Sterlingspund | 140,64 | 141,32 |
| Evra | 94,35 | 94,87 |
| Dönsk króna | 12,65 | 12,72 |
| Norsk króna | 11,42 | 11,48 |
| Sænsk króna | 10,42 | 10,48 |
| Japanskt jen | 0,6025 | 0,6061 |
| SDR | 107,72 | 108,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
129,1819

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eini lögreglubíll lögreglunnar í Búðardal hefur bilað 58 sinnum á tveimur árum:

# Lögreglan erindast á einkabílnum

**SAMGÖNGUMÁL** Eini lögreglubíllinn í umdæmi lögreglunnar í Búðardal hefur farið á verkstæði 58 sinnum á síðustu tveimur árum. Jóhannes Björgvinsson, aðalvarðstjóri í Búðardal, segir bílinn mikinn gallagrip. „Þetta er í einu orði sagt hræðilegur bíll og það hefur aukið enn á vandræðin að þetta var eini lögreglubíllinn í embættinu fram til þessara áramóta en þá var það sameinað lögreglunni í Borgarnesi,“ segir Jóhannes.

Bíllinn er af gerðinni Isuzu Trooper og er árgerð 2000. Jóhannes segist hafa vonast til þess í langan tíma að bílnum yrði skipt út fyrir annan en sú bið sé orðin ansi löng.

„Það hefur ekki verið um annað að ræða en að nota einkabifreið mína á meðan viðgerðunum stendur og það allt upp undir tvær vikur í senn,“ segir Jóhannes. Það sé afar slæmt, sérstaklega þar sem einkabíll hans sé ekki tryggður til forgangsaksturs. - kdk



**JÓHANNES BJÖRGVINSSON** Lögreglumaðurinn á gallagripnum sem hefur þurft að fara með á verkstæði í 58 skipti á síðustu tveimur árum. Stundum hefur viðgerðin tekið um það bil tvær vikur og hefur Jóhannes þá þurft að vera á einkabifreið sinni við embættisstörf.

Nýársávarp Stoltenbergs:

## Mengunarkvóti fyrir erindreka

**NOREGUR, AP** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, sagði í nýársávarpi sínu að ríkisstjórnin ráðgerði að kaupa gróðurhúsalofttegunda-útblásturskvóta fyrir embættismenn ríkisins, svo að þeir geti ferðast flugleiðis til útlanda með betri samvisku.

Stoltenberg sagðist búast við að stjórn sín yrði sú fyrsta í heiminum til að grípa til slíkrar ráðstöfunar, en hann hvatti stjórnir annarra landa heims til að gera það líka, því aðeins með samtakamættinum hrifu slíkar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. - aa



**UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Elín Ebba Ásmundsdóttir.

Samstarfssamningur:

## Bætt þjónusta við geðfatlaða

**GEÐHEILBRIGÐISMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra undirritaði þjónustusamning við AE starfsendurhæfingu á föstudag. Samningurinn gengur út á að AE geri úttekt á þjónustu við geðfatlaða. „Með samningnum er stuðlað að því að geðfatlaðir fái notið sín sem fullgildir borgarar samfélagsins samkvæmt stefnumótun og framkvæmdaáætlun átaks ráðuneytisins 2006-2010 í þjónustu við geðfatlaða,“ segir Magnús Stefánsson.

Samningurinn gildir á árunum 2007-2008 og felur meðal annars í sér að AE tekur að sér gerð fræðsluefnis um þjónustu fyrir geðfatlaða. - ifv

### SKIPULAGSMÁL

**Tíu kílómetra gaslögn**

Orkuveita Reykjavíkur hyggst leggja tíu kílómetra langa leiðslu fyrir metangas frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi að metanáfyllingarstöð Olíufélagsins við Bíldshöfða í Reykjavík. Skipulagsráð Reykjavíkur frestaði afgreiðslu óskar um framkvæmdaleyfi fyrir gaslögnina á síðasta fundi sínum fyrir jól.

### SLÓVENÍA

**Evrusvæðið stækkar**

Slóvenía varð um áramótin þrettánda ríkið sem tekur upp evru og fyrst nýju aðildarríkjanna, sem gengu í sambandið árið 2004, til að taka þátt í myntbandalagi ESB.

# Störfum fækkar um 2.000 í stóriðjugerð

**Mikil fækkun starfa við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir er fyrirsjáanleg á árinu. Störfum við vegagerð mun fjölga. Af 3.500 störfum við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir í árslok 2006 voru 2.600 mönnuð erlendum ríkisborgurum.**

**VINNUMARKAÐUR** Störfum við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir mun fækka um 2.000 á árinu 2007, úr 3.500 í tæplega 1.500. Er það í takt við fyrirsjáanleg verklok helstu framkvæmda.

Frá þessu er skýrt í nýrri skýrslu Vinnumálastofnunar um mannaflaþörf á árunum 2007 og 2008.

Undir lok síðasta árs unnu samtals 3.496 manns við nokkrar helstu stóriðju- og virkjanaframkvæmdir. Þar af unnu um 1.700 við byggingu álversins í Reyðarfirði, tæplega 1.200 við gerð Kárahnjúkavirkjunar, nærri 300 við Hellisheiðarvirkjun, um 200 við stækkun Norðuráls og um eitt hundrað við Reykjanesvirkjun og í Svartsengi.

Samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar fækkar störfum í um 3.000 á fyrsta fjórðungi þessa árs en fjölgar aftur lítillega á öðrum fjórðungi. Fækkun hefst svo á nýjan leik á þriðja ársfjórðungi og er áætlað að aðeins verði um 400 störf við áðurnefndar framkvæmdir á fyrsta fjórðungi ársins 2008. Þeim fjölgar svo á nýjan leik 2008 en í upphafi árs 2009 er áætlað að rúmlega 600 verði starfandi við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir.

Um leið og fækkun starfa í stóriðju er fyrirsjáanleg er reiknað með að störfum vegna nýframkvæmda í samgöngumálum fjölgi. Helgast það af ákvörðunum stjórnvalda um auknar framkvæmdir frá því sem var 2006. Þannig verður rúmum tíu milljörðum króna varið til samgöngubóta árin 2007 og 2008 en á síðasta ári runnu rúmir fjórir milljarðar til slíkra verkefna.

Á síðasta ári voru 216 störf í samgöngumannvirkjagerð en verða um 550 í ár og á næsta ári. Störfum fjölgar jafnt í jarðvinnu, brúar- og jarðgangagerð.

Af þeim 3.500 sem störfuðu við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir í á haustmánuðum 2006 voru 2.600 erlendir ríkisborgarar og um 900 Íslendingar. Því er spáð að útlendingar munu að stærstum hluta veljast til að gegna þeim störfum sem losna á næstu tveimur árum enda atvinnuleysi lítið og fáir vanir byggingaverkamenn án vinnu. bjorn@frettabladid.is



**VIRKJAÐ VIÐ HELLISHEIÐI** Störfum við stóriðju- og virkjanaframkvæmdir fækkar stórlega á árinu 2007. Störfum við vegagerð fjölgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sprengjutilræði í Madríd:

## Viðræður við ETA blásnar af

**SPÁNN, AP** Talsmaður spænska sósíalistaflokksins, sem heldur um stjórnartaumana í landinu, lýsti því yfir í gær að friðarsamningaumleitanir við aðskilnaðarhreyfingu Baska hefðu verið blásnar af, en ekki aðeins frestað. Yfirlýsingin kom í kjölfar sprengjutilræðis í bílageymslu við alþjóðaflugvöllinn í Madríd um helgina. 26 særðust í sprengingunni og tveggja er saknað og þeir taldir af.

„Ferlið er fyrir bí, það er það sem ETA hefur kosið,“ sagði Jose Blanco, háttsettur talsmaður flokksins. ETA er sakað um að bera ábyrgð á sprengingunni, eftir níu mánaða „vopnahlé“. - aa

Verkalýðsfélag Akraness:

## Fundað um eiturlyfjapróf

**VINNUMARKAÐUR Fundað verður á fimmtudag með forsvarsmönnum Norðuráls um fíkniefnaprófið, sem fyrirhugað er að láta fara fram á öllum starfsmönnum Norðuráls. Um þrjú hundruð starfsmenn eru í Verkalýðsfélagi Akraness. Formaður félagsins dregur í efa að heimilt sé að láta fara fram slíkt lyfjapróf án þess að rökstuddur grunur um neyslu ólöglegra lyfja liggi fyrir.**

**Á vefsíðu félagsins kemur fram að lögmaður ASÍ dragi í efa að fyrirtækinu sé stætt á að framkvæma slík lyfjapróf án þess að fyrir liggi grunur um brot starfsmannanna á neyslu fíkniefna. „Væntanlega munu stéttarfélögin óska eftir áliti frá Persónuvernd um það hvort fyrirtækinu sé heimilt að framkvæma fíkniefnapróf á öllum starfsmönnum án þess að grunur um brot hafi átt sér stað,“ segir þar.** - ghs


# BAKLEIKFIMI Í VATNI

BETRI LÍÐAN Í HÁLSI, HERÐUM OG BAKI.
SKEMMTILEG OG ÁRANGURSRÍK ÞJÁLFUN UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAÞJÁLFARA.

RÓLEGIR- OG KRÖFTUGIR HÓPAR, Í HÁDEGINU OG EFTIRMIÐDAGA Í NÝLEGRI OG BJARTRI SUNDLAUG VIÐ LAUGARÁS.

SKRÁNING FER FRAM Í SÍMA 897-2896 OG WWW.BAKLEIKFIMI.IS

SJÚKRAÞJÁLFARAR:
Harpa Helgadóttir MTc, MHSc
Ólöf I. Óladóttir Og Gunnur Robertsdóttir

BREIÐU BÓKIN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASSVIÐRI SUNNAN JÖKULS**

Það verður almennt vindasamt á landinu í dag. Hvassast verður sunnan Vatnajökuls og gæti vindhraði þar á köflum farið nokkuð yfir 20 m/s. Síðdegis fer að lægja vestan til og í kvöld verður vindur yfirleitt orðinn hægur, síst þó reyndar á Suðaustur- og Austurlandi þar sem lægir í nótt. Vindur fer svo í gang að nýju sunnan og vestan til síðdegis á morgun með allhvössum vindi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Norðan 5-10 m/s. Skýjað með köflum. Hiti 2-4 stig að deginum.

um hádegi »




» á morgun




Vaxandi suðaustanátt með vætu sunnan til síðdegis.

» föstudagur




Yfirleitt hæg suðvestlæg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skýjað | London | 15°C rigning | Alicante | 20°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 8°C rigning | París | 16°C skúrir | Mallorca | 19°C léttskýjað |
| Osló | 5°C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Algarve | 18°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C skúrir | Krít | 14°C skúrir |
| Gautaborg | 4°C hálfskýjað | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS**

– íslensk sókn um allan heim

## KJÖRKASSINN



*Varstu ánægð(ur) með Áramótaskaupið?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,4% |
| Nei | 59,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Strengdir þú áramótaheit?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Skæruliðasveitir herskárra múslima í Sómalíu sagðar vera sundraðar:

# Ógnin upprætt innan fárra vikna

**SÓMALÍA, AP** Forsætisráðherra Sómalíu sagði í gær að hann byggist ekki við neinum frekari stórátökum við skæruliða herskárra múslima og talsmenn Eþíópíuhers, sem kom sómölsku bráðabirgðastjórninni til hjálpar, segja ógnina munu verða upprætta innan fáeinna vikna.

Fulltrúi öryggismálayfirvalda í grannríkinu Kenía sagði enn fremur í gær að tíu erlendir liðsmenn skæruliðasveitanna hefðu verið handteknir í Kenía. Sagði fulltrúinn hina handteknu hafa greint frá því við yfirheyrslur að innbyrðis klofningur hefði lamað getu íslömsku skæruliðanna að halda þeim landsvæðum sem þeir höfðu unnið á sitt vald. Þar til fyrir hálfum mánuði réðu þeir megninu af suðurhluta Sómalíu, þar á meðal höfuðborginni Mógadisjú.

Sómalskir stjórnarhermenn rekja nú með aðstoð eþíópískra hermanna flótta þess sem eftir er af sveitum skæruliðanna. Forsætisráðherrann, Ali Mohamed Gedi, sagði í gær að sumir skæruliðanna hefðu boðist til að gefast upp. Þeir hefðu hrakist út í óbyggðir og lið þeirra tvístrast. - aa



**VOPNIN MUNDUÐ** Þungvopnaður eþíópískur hermaður á götu í Kismayu í Sómalíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenska friðargæslan :

# Flestir farnir út

**FRIÐARGÆSLA Flestir íslensku starfsmannanna hjá SLMM, Norrænu eftirlitssveitinni á Srí Lanka, eru farnir aftur til Srí Lanka eftir jóla- og áramótaleyfi hér heima, eða níu af ellefu. Anna Jóhannsdóttir hjá íslensku friðargæslunni segir að ekki verið tekin ákvörðun um að breyta neinu um framlag Íslendinga til friðargæslu þar ytra. Eftirlitsmennirnir verða þó ekki á eftirlitsstöðvum sínum fyrst um sinn, heldur staðsettir rétt utan höfuðborgarinnar. „Það má kannski segja að það hafi verið versnandi ástand á síðasta ári og það er verið að skoða stöðuna í framhaldi af því.“** - kóþ

Wilson Muuga:

# Tankar hreinsaðir á nýju ári

**SKIPSSTRANDIÐ Svartolía verður hreinsuð af tankveggjum og lest flutningaskipsins Wilson Muuga í Hvalnesfjöru næstu daga. Gottskálk Friðgeirsson, vettvangsstjóri í Hvalsnesfjöru, segir að öðruvísi búnað þarf til að hreinsa restina. Allur búnaður hefur verið tekinn úr skipinu.**

**Fjarlægja verður skipið af strandstað innan hálfs árs og verða eigendur þess að leggja fram áætlun og fá samþykki Umhverfisstofnunar. Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, segir að ekki sé komið að því að fjarlægja skipið í bráðina.** - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Skotkaka sprengd í blæjubíl

Kveikt var í skotköku inni í blæjubifreið á Selfossi í gærmorgun með þeim afleiðingum að bíllinn skemmdist nokkuð. Lögreglan á Selfossi segir bílinn hafa skemmst þó nokkuð við þetta en ekki sé vitað hver var að verki.

### Skotmaður ófundinn

Lögreglunni á Blönduósi hefur ekki enn tekist að upplýsa hver var að verki þegar skotið var á bíl lögregluþjóns í bænum aðfaranótt laugardags. Engin vitni voru að atburðinum en Hermann Ívarsson, varðstjóri lögreglunnar á Blönduósi segir að unnið sé úr gögnum jafnóðum og þau berast.



**BYRGIÐ** Málefni Byrgisins eru skoðunar hjá Ríkisendurskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Málefni Byrgisins til skoðunar:

# Fagmenn taka út aðstæður

**FÉLAGSMÁL** Fagmönnum hefur verið gert að leggja mat á aðstæður þeirra sem dvelja á meðferðarheimilinu Byrginu þannig að hagsmunir þeirra séu sem best tryggðir á hverjum tíma og til frambúðar.

Ríkisendurskoðun hefur fjármál Byrgisins til skoðunar að beiðni Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra en ákveðið hefur verið að hætta greiðslum til Byrgisins. Ráðuneytið sendi stjórn sjálfseignarstofnunar Byrgisins ábyrgðarbréf þar um 29. desember síðastliðinn.

Ráðuneytið óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun skoðaði fjármál Byrgisins en bréf þess efnis var sent úr ráðuneytinu 16. nóvember á síðasta ári. Lögreglan í Reykjavík og á Selfossi hefur til rannsóknar meint kynferðisbrot Guðmundar Jónsson, forstöðumanns Byrgisins, en 24 ára kona hefur kært hann fyrir kynferðisbrot. - mh

# Slasaðir eftir ókyrrð um borð í flugvél

**Veitingavagn um borð í þotu Icelandair á leið til Parísar tókst á loft í mikilli ókyrrð. Farþega sakaði ekki en þrír áhafnarmeðlimir slösuðust. Matur og drykkir dreifðust um alla vélina og farþegar hjálpuðu til við að þrífa.**

**SAMGÖNGUR** Þrír áhafnarmeðlimir í vél Icelandair á leið til Parísar í gærmorgun slösuðust lítillega þegar veitingavagn tókst á loft er þotan lenti í mikilli ókyrrð. 180 farþegar voru um borð í vélinni, flestir Frakkar, en engan þeirra sakaði.

Vélin, sem er af gerðinni Boeing 757, var komin rúmlega hálfa leið áleiðis til Parísar þegar hún flaug inn í mikla ókyrrð.

„Þetta var fyrirséð með örstuttum fyrirvara, þannig að farþegar voru rétt búnir að setja á sig beltin þegar þetta gerðist,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. Áhafnarmeðlimirnir sem slösuðust voru ekki spenntir í sínum sætum og segir Guðjón að þeir hafi slasast þegar veitingavagn tókst á loft og lenti á þeim.

Alda Lóa Leifsdóttir, einn farþeganna um borð í vélinni, segir að mikið högg hafi komið á vélina um það bil fimm mínútum eftir að flugstjórinn varaði við ókyrrð og bað farþega að spenna beltin.

„Við vorum að borða þegar kom rosalegur dynkur. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort vélin datt niður eða hvort hún hrökk upp, en maturinn og kaffið fór út um alla vél,“ segir Alda.

„Það kom viðvörun áður en þetta gerðist, en það kemur viðvörun í næstum hverju einasta flugi, svo þetta kom öllum á óvart,“ segir Alda Lóa.



**LENTI Í ÓKYRRÐ** Matur og drykkjarföng dreifðust yfir farþega Boeing 757 vélar Icelandair þegar hún lenti í ókyrrð á leið til Parísar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR JÓNASSON

Hún segir að flestir farþeganna hafi tekið atvikinu með ró. „Þetta var full vél af Frökkum, þeir voru ótrúlega jákvæðir og létu á litlu bera,“ segir Alda Lóa. Hún ber áhöfninni einnig vel söguna, brugðist hafi verið við af fagmennsku og ró.

Eftir að farþegum var leyft að losa beltin hófust þeir handa ásamt áhafnarmeðlimum við að tína upp matarleifarnar af gólfinu. Farþegarnir slösuðust ekki, en var samt boðið upp á áfallahjálp við komuna til Parísar um hádegi í gær að íslenskum tíma.

Guðjón segir það afar sjaldgæft að flugvélar lendi í svona mikilli ókyrrð.

Vélin þurfti að undirgangast öryggisskoðun á Charles De Gaulle flugvellinum í París, eins og reglur kveða á um eftir svo alvarlegt flugatvik. Önnur þota Icelandair með annarri áhöfn var send til Parísar, áætlun Icelandair raskaðist um þrjár klukkustundir vegna þessa. brjann@frettabladid.is




Gylfi Arnbjörnsson um hækkanir hjá hinu opinbera:

# Segir fordæmi hins opinbera slæmt

**HÆKKANIR** Margs konar verð- og gjaldskrárhækkun bætist við þá hækkun sem varð á gjaldskrám hjá mörgum sveitarfélögum um áramótin. Fyrir utan leikskólagjöld sem hækka um 8,8 prósent í Reykjavík hækkaði til dæmis barnameðlag um sex prósent, eða í rúmlega 18 þúsund krónur, auk þess sem hækkun varð á komugjöldum á spítala og heilsugæslustöðvar fyrir ósjúkratryggða.

„Fréttir hafa verið að berast úr matvörugeiranum, sérstaklega frá heildsölunum, og frá opinberum aðilum um hækkanir. Það er engin launung á því að auðvitað höfum við talsverðar áhyggjur af því að það séu miklar hækkanir,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Menn virðast reikna sér mjög rúmt hækkanasvigrúm. Auðvitað er þetta mjög slæmt fordæmi sem opinberir aðilar eru að gefa gagnvart atvinnulífinu. Það er ástæða til þess að það sé áfram aðhald og það þurfa allir að halda aftur af sér til þess að verðbólga hér náist niður,“ segir hann.

Launataxtar hækkuðu á vinnumarkaði um 2,9 til 3,15 prósent um áramótin eftir því hvaða kjarasamninga er um að ræða. Tekjuskattur lækkar um eitt prósent en persónuafsláttur einstaklinga hækkar úr 29.029 krónum í 32.150. - ghs



**TONY BLAIR**

Nýársávarp Blairs:

# Brýnir Breta að standa sig í Írak

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði í nýársávarpi sínu að Bretar yrðu að standa sína pligt bæði í Írak og Afganistan á árinu. Hann boðaði jafnframt að hann hygðist gera allt sem í sínu valdi stæði til að endurlífga friðarferlið í Miðausturlöndum.

Þetta var tíunda og væntanlega síðasta nýársávarpið sem Blair flytur, en hann hefur boðað að hann muni víkja úr embætti fyrir næsta haust.

Mestum hluta ávarpsins varði Blair í innanríkismál. Hvatti hann flokksmenn sína til að halda tryggð við stefnumið sín sem kennd hafa verið við „Nýja Verkamannaflokkinn“. - aa

Þrefaldur pottur 3

# 230 milljónir

170+60

1. vinningur

BÓNUS-
VINNINGUR
25
MILLJÓNIR

## Einn stærsti bónuspottur frá upphafi

ENNEMM / SIA / NM25300

**Potturinn er þrefaldur** og stefnir í 170 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 60 milljónir og bónusvinningurinn í 25 milljónir.

3-faldur fyrsti vinningur!
Vertu með fyrir kl. 17, í dag

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
lotto.is

**Fimleikadeild Ármanns**
**Innritun á vorönn 2007**

Innritun og stöðupróf fyrir nýja iðkendur á vorönn fara fram dagana 5. janúar frá kl. 16-18 og 6. janúar frá kl. 14-16, í Ármannshöllinni í Laugardal. Þjálfun framhaldshópa hefst 4. janúar og tekið er við greiðslu æfingagjalda vorannar laugardaginn 6. janúar frá 9:30-12 fyrir kríli og frá 13-16 fyrir aðra hópa. Skráningarblöð og upplýsingar um hópa og verð má nálgast á **www.armenningar.is** og nánari upplýsingar fást hjá **fimleikar@simnet.is** eða í síma 561-8470 frá 15-18 virka daga.


Sæstrengurinn sem bilaði um miðjan desember er enn í ólagi:

# Viðgerðarskip sent á vettvang

**FJARSKIPTI** Vonir standa til að lokið verði við að gera við CANTAT-3 sæstrenginn sem bilaði um miðjan desember fyrir lok þessa mánaðar.

Áætlað er að viðgerðarskip sigli frá Bermúda fimmtudaginn 5. janúar til lokaviðgerðar á sæstrengnum, en hann bilaði um 1.500 km vestur af Íslandi 16. desember. Í tilkynningu frá Farice kemur fram að þótt áætlanir geri ráð fyrir að viðgerð verði lokið fyrir 31. janúar kunni það að breytast verði veðurskilyrði óhagstæð.

16. desember kom upp bilun á tveimur stöðum á strengnum austurleggnum til Færeyja og Evrópu og svo vesturleggnum til Kanada. Viðgerð á austurleggnum var lokið strax daginn eftir, en viðgerð á tengingunni vestur um haf hélt ekki.

CANTAT-3 strengurinn er kominn til ára sinna og fyrirséð að koma þurfi á nýrri tengingu við útlönd héðan. Ríkisstjórn Íslands samþykkti enda rétt fyrir áramótin að hefja undirbúning að lagningu nýs sæstrengs, til viðbótar við Farice-1 strenginn sem tekinn var í notkun í ársbyrjun 2004. Örugg gagnatenging við útlönd hefur verið sögð ein af forsendum þess að hér verði hægt að byggja upp alþjóðlega fjármálamiðstöð. **- óká**



**SLITINN LJÓSLEIÐARI** Þótt þeir séu mikilvægir fyrir boðflutninga milli landa láta ljósleiðarar ekki mikið yfir sér. Þessi var slitinn í Skotlandi fyrir rúmu ári síðan.


Líf þitt er samansafn allra ákvarðana sem þú hefur tekið.

...og veldu nú!

- [x] AUKINN STYRK OG ORKU
- [x] HUGARRÓ OG EINBEITNI
- [x] VELSÆLD OG VELLÍÐAN
- [x] AÐ LOSA STÍFLEIKA Í BAKI
- [x] AÐ ÖRVA MELTINGUNA
- [x] ÞÁ LÍKAMSÞYNGD SEM ÞÚ VILT
- [ ] ...EÐA HAFA ALLT VIÐ ÞAÐ SAMA

Þann 3. janúar opnar Guðni Gunnarsson Rope Yoga Setur í Listhúsinu við Engjateig.

**Almenn námskeið**
Ropeyoga fyrir byrjendur
Ropeyoga ástundun
Ropeyoga mánaðarkort
Ropeyoga plús
Ropeyoga eftir barnsburð

**Helgarnámskeið framundan**

| | |
|---|---|
| Lífsráðgjafinn | 5.-7. jan. |
| Léttu á þér, náðu kjörþyngd | 19.-21. jan. |
| Lykilinn að betri heilsu | 2.-4. feb. |
| Betra bak | 16.-19. feb. |

„Markmið mitt er að auka andlega og líkamlega vellíðan þína með iðkun Rope Yoga hug- og heilsuræktar. Veldu að njóta lífsins!"

Guðni Gunnarsson

ROPE YOGA SETRIÐ



Rope Yoga Setrið
Engjateig 17 - 19
105 Reykjavík

sími 535 3800
ropeyogasetrid.is

MIND YOUR BODY™




**AFTÖKU SADDAMS MÓTMÆLT** Einn mótmælenda í bænum al-Dor á mánudaginn réttir upp hönd sína sem er þakin sauðablóði.

# Hörð mótmæli gegn aftöku Saddams

**Mótmælaaðgerðir súnnía í Írak hafa enn sem komið er flestar farið friðsamlega fram. Hópur súnnía ögraði sjíum með því að mótmæla í gullnu moskunni í Samarra, einum helsta helgidómi sjía.**

**BAGDAD, AP** Tveir háttsettir íraskir embættismenn, sem voru viðstaddir aftöku Saddams Hussein á laugardagsmorgun, voru með GSM-myndavélarsíma og tóku upp aftökuna þrátt fyrir að það hafi verið bannað.

Frá þessu skýrði Munkith al-Faroon saksóknari, sem einnig var viðstaddur aftökuna. Hann segist næstum því hafa ákveðið að fresta aftökunni þegar böðlar Saddams tóku að hrópa að honum hæðnisorðum.

Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hefur fyrirskipað rannsókn á framkvæmd aftökunnar og vill komast að því hver tók upp myndskeiðið sem birtist í sjónvarpi og á netinu strax á laugardaginn.

Viðbrögð íraskra súnnía við aftöku Saddams Hussein hafa verið mjög hörð. Þúsundir þeirra hafa mótmælt af krafti bæði aftökunni sjálfri, hvernig að henni var staðið, tímasetningu hennar við upphaf fórnarhátíðar múslima og myndskeiði sem tekið var með leynd með GSM-síma og hefur verið birt á netinu.

Súnníum svíður mjög að sjíar hafi séð um framkvæmd aftökunnar. Á myndskeiðinu úr farsímanum má sjá hóp sjía gera hróp að Saddam rétt áður en hann er tekinn af lífi. Þeir hrópa ýmis vígorð og meðal annars kalla þeir ítrekað nafn herskáa klerksins Muqtada al-Sadr, sem hefur yfir eigin her að ráða og er áhrifamikill í stjórn landsins.

Eftir innrás Bandaríkjanna árið 2003 hafa sjíar náð tökum á flestum valdstofnunum landsins en súnníar, sem réðu flestu meðan Saddam var við völd, hafa að sama skapi tapað stöðu sinni.

Í norðanverðri höfuðborginni, Bagdad, komu hundruð súnnía saman á mánudag til að syrgja Saddam. Sumir þeirra sögðust styðja Baath-flokkinn, hinn gamla flokk Saddams sem nú hefur verið bannaður. „Baathflokkurinn og Baathflokksmenn eru enn til í Írak og enginn getur ýtt honum til hliðar," sagði einn mannanna.

Hópur súnnía ögraði sjíum meðal annars með því að fara inn í rústirnar af gullnu moskunni í Samarra með platlíkkistu og myndir af Saddam. Gullna moskan, sem er einn helgasti staður sjía, var sprengd í febrúar síðastliðnum, sjíum til mikillar hrellingar. Sú sprengjuárás markaði upphafið að sífellt harðnandi átökum milli sjía og súnnía í landinu.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Hafnarstjórn Akraness veitti veglega peningastyrki áður en að sameiningu við Faxaflóahöfn varð:

# Styrkti listasetur og klukkuturn á síðasta fundi

**SVEITARSTJÓRNIR** Hafnarstjórn Akraness ákvað á síðasta fundi sínum áður en Faxaflóahafnir sf. tóku formlega til starfa um áramótin að veita veglega styrki til menningarmála í bænum. Þannig voru veittar 500 þúsund krónur til reksturs Listasetursins Kirkjuhvols og 250 þúsund krónur til endurnýjunar á klukkuturni að Görðum. „Turninn hefur á liðnum áratugum verið kennileiti fyrir sjómenn á Akranesi," segir hafnarstjórnin. **- gar**



**AKRANES** Hafnarstjórnin formlega gengin í Faxaflóahafnir.

JANÚAR 2007

ODDI SKRIFSTOFUVÖRUR

# Klár í nýtt bókhaldsár?




Fullt af öðrum spennandi vörum í janúartilboði á www.oddi.is

## Bréfabindi

Vönduð bréfabindi með stálkanti, 5 eða 7 sm breið. 10 stk. í kassa.

40% afsláttur



199kr./stk.
Áður 329kr.




## Fjölnotapappír

Vandaður 80 g pappír sem hentar í allar tegundir ljósritunarvéla, prentara og A4 faxtækja.

Allt að 42% afsláttur




## Pappírstætari

Sérlega hljóðlátur tætari til að hafa við skrifborðið.

| | |
|---|---|
| **Fjöldi blaða samtímis:** | 12 |
| **Tegund skurðar:** | Beinskurður |
| **Stærð skurðar:** | 6 mm |
| **Breidd inntaks:** | 200 mm |
| **Rúmtak geymslu:** | 22 lítrar |
| **Heftivír:** | √ |
| **Bréfaklemmur:** | √ |
| **Kreditkort:** | √ |
| **Stærð í mm (hxbxd):** | 502 x 258 x 382 mm |

34% afsláttur

9.895kr.
Áður 14.990kr.

## Dagbækur

Vandaðar bækur við allra hæfi.

Allt að 31% afsláttur




Verð frá
699kr.

ODDI HÖNNUN P06.00.292



**VETRARDAGUR** Það var fallegt um að litast við Novodevitsi-klaustrið í Moskvu fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leit stóð yfir í gær að farþegaþotu sem saknað er á Indónesíu:

# Ekki rétt að vélin hafi fundist

**INDÓNESÍA, AP** Stjórnvöld í Indónesíu báru síðdegis í gær til baka fréttir um að flak farþegaþotu, sem saknað er síðan á mánudag, hefði fundist. Um borð í vélinni voru 96 farþegar og sex manna áhöfn og bentu fyrstu fréttir til þess að tólf manns hefðu hugsanlega lifað af flugslysið.

„Við biðjumst afsökunar á fréttunum sem við sendum frá okkur fyrr í dag,“ sagði einn embættismannanna sem höfðu sagt flakið fundið og níutíu lík sömuleiðis. „Það var ekki rétt.“

Flugvélin týndist í slæmu veðri á mánudaginn og hafði þá sent frá sér tvær neyðartilkynningar. Grunur leikur á að hún hafi farist fjallahéraði á Sulawesi, einni af stærstu eyjum Indónesíu.

Björgunarsveitir gengu klukkutímum saman í gær í úrhellisrigningu eftir torfærum og hálum skógarstígum í leit að flugvélinni. Leitinni var hætt þegar myrkur féll yfir en halda átti af stað á ný í dögun í dag.

Slæmt veður undanfarnar tvær vikur, með roki og miklum rigningum, hefur valdið margvíslegu tjóni á Indónesíu, meðal annars vatnsflóðum, aurskriðum og sjóslysum. Á föstudaginn í síðustu viku fórst meðal annars ferja með um 400 manns innanborðs. - gb



**ÆTTINGJAR BÍÐA FRÉTTA** Margir ættingjar hinna látnu sátu sorgbitnir á flugvellinum í Surabaja í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lyfjafyrirtækið Portfarma:

# Ódýrara hjartalyf á markað

**LYF Nýtt samheitalyf við hjartasjúkdómum er komið á markað. Lyfið heitir Amlódípin Portfarma en það víkkar kransæðar og slagæðar, lækkar blóðþrýsting og eykur blóðflæði til hjartavöðva.**

**Skráð smásöluverð á 5 mg af lyfinu er á 5.715 krónur sem er 656 krónum ódýrara en frumlyfið sem kostar 6.371 krónu.**

**Nokkur lyf frá lyfjafyrirtækinu Portfarma eru nú í skráningarferli hjá Lyfjastofnun og enn fleiri eru tilbúin til skráningar en það tekur að jafnaði 7-12 mánuði að fá markaðsleyfi fyrir nýtt samheitalyf.** - hs

Barnavernd Reykjavíkur:

# Sjö sóttu um starf framkvæmdastjóra

**BORGARMÁL** Sjö sækja um starf framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur.

Upphaflega bárust tíu umsóknir um starfið en þrjár hafa verið dregnar til baka.

Umsækjendur eru: Auður G. Sigurðardóttir kennari, Bára Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Guðbjörg Erlendsdóttir viðskiptafræðingur, sem jafnframt hefur próf í sálfræði, Máni Radmanesh viðskiptafræðingur, sem jafnframt hefur próf í efnafræði, Steinunn Bergmann félagsráðgjafi, sem hefur próf í uppeldis- og menntunarfræði, Sveinn Þór Elínbergsson skólastjóri og Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur. - bþs

Lögreglan í Vestmannaeyjum krafðist símagagna vegna rannsóknar á íkveikju í fiskimjölsverksmiðju:

# Hæstiréttur hafnaði kröfu lögreglunnar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur felldi á föstudag úr gildi úrskurð Héraðsdóms Suðurlands um að Símanum og OG fjarskiptum yrði gert skylt að upplýsa um öll símanúmer sem notuðust við GSM-sendi í Vestmannaeyjum á tíu klukkustunda tímabili þann 16. desember síðastliðinn.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafði óskað eftir upplýsingunum vegna rannsóknar lögreglu á bruna í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja, en talið er fullvíst að um íkveikju hafi verið að ræða.

Símafyrirtækin vildu ekki una úrskurði Héraðsdóms og skutu málinu til Hæstaréttar. Þau héldu því fram að ekki væri rökstuddur grunur um að tiltekinn sími eða fjarskiptatæki hefði verið notað í tengslum við refsivert brot. Þá væri krafan einnig of víðtæk með tilliti til sjónarmiða um friðhelgi einkalífsins.

Hæstiréttur féllst á röksemdir símafyrirtækjanna og sagði að þeim væri ekki skylt að láta upplýsingarnar af hendi. Engin gögn hefðu verið lögð fram sem hafi sýnt að viðskiptavinir fyrirtækjanna hefðu tengst brunanum í Ísfélaginu heldur hafi krafan snúið að upplýsingum úr öllum símum sem notað hefðu GSM-sendinn á tíu klukkustunda tímabili. Með því væri gengið mun lengra en heimilt væri og því var kröfunni hafnað. - þsj



**ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA** Kveikt var í Ísfélaginu þann 16. desember síðastliðinn. Það var ellefti bruninn í Eyjum á síðustu sex árum og sá fjórði á tæpum mánuði.


Opið hús laugardaginn 6. janúar í Heilsuakademíunni, Egilshöll. Komið og prófið!

| | | |
|---|---|---|
| Herþjálfun | kl. 10:00 | Sýning á |
| Rope Yoga | kl. 10:00 | Scientific fighting og |
| Fit-Pilates | kl. 11:30 | Brazilian jiu-jitsu kl. 11:00 |







Komdu þér í besta form lífs þíns!

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
heilsuakademian.is - sími: 594 9666




# AFSLÁTTARMIÐAR

## VELDU ÞÉR BÍL, KLIPPTU ÚT MIÐA OG FÁÐU AFSLÁTT

---

**CR-V**

AFSLÁTTUR

**259.000** kr.



Honda CR-V ES, sjálfskiptur

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið betri í akstri en þú reiknaðir með!

---

**ACCORD**

AFSLÁTTUR

**150.000** kr.



Honda Accord Sport, 5 gíra

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið kraftmeiri en þú reiknaðir með!

---

**Jazz**

AFSLÁTTUR

**105.000** kr.



Honda Jazz, sjálfskiptur

**ATH:** Bíll á mynd gæti verið rúmbetri en þú reiknaðir með!

---

honda.is

Nú bjóðum við Honda-ótrúleg tilboð. Honda er gæðastimpill á betra verði en þig grunar. Byrjaðu árið með því að spara þér tugi þúsunda. Honda bílar eru umtalaðir hvar sem þeir eru enda vel búnir, traustir, kraftmiklir og rúmgóðir. Komdu og fáðu afslátt sem þú hefur ekki séð áður; hagstæð bílalán eða rekstrarleigu. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Veldu þér bíl, klipptu út miða og komdu strax í Bernhard og gerðu Honda-ótrúleg kaup sem allir eru að tala um.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**MÆTTUR Í NÝJU VINNUNA** Ban Ki-Moon, nýr framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, mætti í gær í fyrsta sinn til vinnu sinnar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríflega tólf hundruð vinnuslys hafa orðið á Kárahnjúkum frá því að framkvæmdir hófust árið 2003:

# Hvert einasta slys á Kárahnjúkum skráð

**VINNUSLYS** Ríflega tólf hundruð vinnuslys hafa orðið hjá Impregilo á Kárahnjúkum frá upphafi framkvæmda árið 2003. Yfir helmingur slysanna, eða rúm sextíu prósent, hafa valdið fjarveru frá vinnu í minna en þrjá daga. Rúmlega þrjú prósent mannanna hafa verið frá vinnu í tvær vikur eða lengur.

Ríflega sextán prósent slysanna hafa valdið fjarveru frá fjórum dögum upp í eina viku og allmörg slys, eða tæp ellefu prósent, hafa valdið fjarveru í þrjá daga.

Yfirgnæfandi meirihluti slysanna, eða tæp 87 prósent, eru minniháttar áverkar, til dæmis mar og tognanir. Um fimm prósent eru beinbrot, fimm prósent eru opin sár og svo aðrir óskilgreindir áverkar. Ekki eru öll nýjustu slysin inni í þessum tölum.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir að tölurnar séu háar og mikið hafi verið um mar og tognanir sem segi sitt um vinnuaðstæður mannanna. „Við höfum áhyggjur af alvarlegu slysunum, en svo ber líka að geta þess að hvert einasta slys er skráð,“ segir hann.

Átak hefur verið gert í öryggismálum á Kárahnjúkum. „Við erum búnir að lesa yfir mönnunum og það verður gert áfram. Mennirnir hafa tekið því með jákvæðum hætti og brugðist vel við,“ segir hann. - ghs



**ÁHYGGJUR AF SLYSUM** „Við höfum áhyggjur af alvarlegu slysunum,“ segir Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum.

**SLYS Á KÁRAHNJÚKUM 2003–2006**

| Samtals | | 1.231 slys |
|---|---|---|
| Slys | Hlutfall | Fjarvera |
| 731 | 60,3 % | minna en þrír dagar |
| 132 | 10,9 % | þrír dagar |
| 199 | 16,4% | 4–7 dagar |
| 113 | 9,3 % | 8–13 dagar |
| 21 | 1,7 % | 14–20 dagar |
| 11 | 0,9 % | 21–27 dagar |
| 6 | 0,5 % | fjórar vikur eða meira |

Alvarleiki slysa
86,7 % minniháttar áverkar (mar og tognanir)
4,7 % beinbrot
5,0 % opin sár
3,4 % annað

Félagsmenn VR:

## Vilja óbreyttar uppbætur

**KJARAMÁL** Mikill meirihluti félagsmanna VR vill fá orlofs- og desemberuppbætur greiddar með hefðbundnum hætti í stað þess að fella þessar uppbætur inn í laun sem myndu þá dreifast á tólf mánuði ársins. Þetta kemur fram í könnun sem um eitt þúsund félagsmenn VR svöruðu.

85 prósent svarenda fá desemberuppbót greidda eins og kjarasamingur segir til um og 80 prósent fá orlofsuppbót á hefðbundinn hátt.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 88 prósent þeirra sem svara eru mótfallin því að semja um það í næstu kjarasamningum að fella orlofs- og desemberuppbót inn í laun. - hs

**LÖGREGLUFRÉTT**

**Tvær bílveltur á klukkustund**

Mikil hálka myndaðist á veginum undir Eyjafjöllum milli klukkan tíu og ellefu í gær. Tveir ökumenn misstu stjórn á bílum og lentu utan vegar.

Ættleiðingarmál eru hjá áhugasamtökum:

## Vilja ættleiða frá fleiri löndum

**ÆTTLEIÐINGAR** Arnheiður Runólfsdóttir er ein þeirra fjölmörgu einhleypra kvenna sem bíða þess að ættleiða barn á vegum Íslenskrar ættleiðingar. Hún var búin að vera á svokölluðum hliðarlista í á annað ár þegar hún komst loks inn í umsóknarferlið. Arnheiður furðar sig á því að ekki sé hægt að ættleiða börn frá fleiri löndum en þeim sem Íslensk ættleiðing hefur á sinni könnu og þá sérstaklega frá löndum sem heimila einhleypum að ættleiða börn.

Arnheiði finnst að Íslensk ættleiðing hafi ekki sinnt þörfum einhleypra nægilega vel en hún var 38 ára þegar hún hóf ættleiðingarferlið en er nú 41 árs. Hún eygði von um að geta sent umsókn til Kína um næstu áramót en þær vonir eru nú að engu orðnar þar sem Kínverjar hafa breytt reglum sínum og útiloka einhleypa frá ættleiðingum þarlendra barna frá 1. maí 2007.

Það er skoðun Arnheiðar að ættleiðingarmál eigi að vera á hendi hins opinbera en ekki áhugamannasamtaka. „Önnur leið væri að Ísland hefði sameiginlega skrifstofu með einhverju hinna Norðurlandanna bæði vegna smæðar landsins og einnig vegna þess að hin Norðurlöndin eru í samskiptum við fleiri lönd sem styttir ættleiðingarferlið.“

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður ÍÆ, segir að alltaf sé verið að leita leiða til að finna fleiri lönd til að ættleiða börn frá en slíkt taki langan tíma. „Við höldum áfram að reyna að auka möguleikana fyrir umsækjendur okkar og við erum í samvinnu við ættleiðingarfélög á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu.“ - hs



**LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR** Safnið er ein mesta perla Reykjavíkurborgar. Listaverk Einars hafa þegar skemmst vegna óhentugs geymslupláss og flutninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verk Einars höfð í bílskúr

**Allt geymslurými Listasafns Einars Jónssonar er ófullnægjandi og endurbætur eru aðkallandi. Í geymslum eru 140 höggmyndir, málverk og pappírsverk. Ein geymslan er aflagður bílskúr.**

**SAFNAMÁL** Listaverkasafn Einars Jónssonar hefur verið í brýnni þörf fyrir nýtt geymsluhúsnæði í rúmlega aldarfjórðung. Allar geymslur safnsins eru óhentugar sem listaverkageymslur. Verk eru talin liggja undir skemmdum og sum hver hafa nú þegar laskast í flutningum.

Júlíana Gottskálksdóttir, forstöðumaður safnsins, segir ástandið eins og hjá öðrum söfnum á Íslandi. „Við höfum eingöngu bráðabirgðageymslur sem nauðsynlegt er að fá lausn á. Þetta er mjög óhentugt húsnæði sem við þurfum að nota og það er búið að biðja um fjármagn vegna geymslu-mála safnsins mörg undanfarin ár.“

Júlíana segir að svo virðist sem það þurfi að verða stórskaði, eins og listaverkabruninn í Fákafeninu, til að eitthvað gerist í geymslumálum safna. „Það hafði áhrif hér því eftir það var lagt nýtt rafmagn og fleira í safninu hjá okkur.“

Ein af geymslum safnsins er aflagður bílskúr að sögn Júlíönu. Í skýrslu sem starfshópur um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur látið vinna kemur fram að þar séu verk ekki aðgengileg, þau liggi undir skemmdum og að sum hver hafi laskast nú þegar í flutningum. Júlíana staðfestir þetta en tekur fram að verk hafi brotnað í flutningum fyrir mörgum árum síðan. Hún segir þetta bagalegt en sem betur fer séu skemmdirnar á verkunum afturkræfar þar sem hægt sé að gera við þau.

Í eigu safnsins eru rúmlega 300 verk. Af þeim eru 220 höggmyndir og 80 í sýningarsölum. „Það er óhætt að segja að þau verk sem eru ekki til sýnis eru geymd í aldarfjórðungs gömlu bráðabirgðahúsnæði.“ Auk höggmynda eru málverk og pappírsverk geymd í skrifstofuhúsnæði.

Júlíana telur að leysa þurfi geymsluvanda Listasafns Íslands og Listasafns Einars Jónssonar í sameiningu. „Það er eðli safngripanna sem skiptir máli. Ekki er sama hvort um gifs, tré, járn eða marmara er að ræða. Það þarf samstarf við forverði listmuna áður en að uppbyggingu kemur. Menn eiga það til að gleyma geymslunum af því að þær sjást ekki en erlendis eru þær einnig varðveislu- og kennslurými. Geymsla þarf að vera jafn góð og sýningarsalurinn. Ég tel að það þurfi að endurhugsa geymslumál safna á Íslandi frá grunni.“

svavar@frettabladid.is

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

**Innritun í Öldungadeild vorönn 2007**

**Innritun í Öldungadeild fer fram fimmtudaginn 4. janúar, föstudaginn 5. janúar og mánudaginn 8. janúar 2007.**

Símainnritun verður frá 09.00-12.00 í síma 595 5207

Innritun í MH frá 15.00-19.00.

Einnig er hægt að skrá sig vefrænt á www.mh.is, sjá nánar undir Öldungadeild.

Námráðgjafar verða á staðnum á fimmtudeginum 4.1 og á mánudeginum 8.1 frá 16.00-19.00.

Deildastjórar verða við á mánudeginum frá 17.00-18.00.

Menntaskólinn við Hamrahlíð 5955200 • www.mh.is

lokað í dag
Útsalan
hefst kl 07:00
í fyrramálið

# Útsala

50%
afsláttur af
öllum vörum

NEXT

sími 511 3200

# RISAÚ

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI

MYNDAVÉLAR MAGNARAR

MYNDBANDSTÆKI

FERÐATÆKI GEISLASPILARAR

ÍSSKÁPAR FRYSTIKISTUR SAUMAVÉLAR

ÞVOTTAVÉLAR MATVINNSLUVÉLAR

KAFFIVÉLAR

ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR

HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL SAFAPRESSUR

STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN HELLUBORÐ

BLANDARAR RYKSUGUR

REIKNIVÉLAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR

RAKVÉLAR HÁFAR OFNAR

POTTAR PÖNNUR

CASIO | Lenco | NAD | KENWOOD | PHILIPS | SuperTech | UNITED

BEKO | DēLonghi | elna | exido | ide line | Melissa | TecnoWind

Bauknecht | Bompani | GeneralFrost | INDESIT | VESTFROST | Whirlpool

HÁTALARAR HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ ÚTVÖRP

1000 VÖRUTEGUNDIR MEIRA EN

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR
HLJÓMTÆKI
SÍMAR
MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**Sjónvörp með allt að 200.000 króna afslætti**

**NAD hljómtæki með miklum afslættti**

**Þvottavélar á frábæru verði**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

Skoðið tilboðin á www.ht.is

**TAKMARKAÐ MAGN**

**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

Heimilistæki
www.ht.is

**REYKJAVÍK**
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

## „ORÐRÉTT“

### Ár stríðs, hörmunga og haturs

**„Árið sem leið var ár stríðs og hörmunga, haturs og hermdarverka.”**

HERRA KARL SIGURBJÖRNSSON, BISKUP ÍSLANDS, VAR HARÐORÐUR Í NÝÁRSPREDIKUN SINNI Á MÁNUDAGINN.

### Stress og gleði

**„Maður var ekki mönnum sinnandi vegna stress og taugarnar að gera út af við okkur.“**

GUÐNI THORARENSEN VAR ÁNÆGÐUR ÞRÁTT FYRIR MIKIÐ STRESS ÞEGAR KONA HANS ÓL FYRSTA BARN ÁRSINS 2007 Á ÍSLANDI.

nær og fjær
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR, EINN HÖFUNDA SKAUPSINS

## *Ekki fengið neina reiðilestra*



„Það er alltaf svo mikil spenna fyrir áramót þannig að mér finnst að tíminn eftir þau eigi að fara í rólegheit. Ég ætla að minnsta kosti að láta árið sjálft koma til mín en ekki að drífa í einu né neinu,“ segir Margrét Örnólfsdóttir en hún var ein af fimm höfundum áramótaskaups Sjónvarpsins.

„Ég hef svo sem bara fengið persónuleg viðbrögð við skaupinu. Það eru allir voðalega jákvæðir í hringum mig, maður býr svo vel. Ég hef samt séð að það eru ekki allir á eitt sáttir um þetta, svona eins og gengur og gerist. Sumir eru ofsakátir yfir þessu en aðrir ofsareiðir. Þannig verður það samt alltaf, ég hef að minnsta kosti ekki fengið neina reiðilestra.

Margrét segir að sér hafi ekki þótt einhver ákveðin manneskja hafa verið sérstaklega tekin til umfjöllunar í þessu skaupi. „Þeir sem sáust í skaupinu eiga það sameiginlegt að þeir voru teknir fyrir af mikilli ást,“ segir Margrét og hlær.

„Það voru fimm höfundar sem komu að skaupinu. Við unnum að mestu út af fyrir okkur en hittumst samt tvisvar til þrisvar í viku og ræddum þetta. Í lokin tók leikstjórinn við því sem við höfðum fram að færa og öllu var hrært saman í einn pott. Ég lít í raun svo á að við höfum komið með hráefnið, um útkomuna er svo engin leið að segja um fyrirfram enda lífrænt efni sem kemur út mismunandi í meðförum hvers og eins. Ég er mjög sátt við afraksturinn. Ný verkefni bíða nú og ég hlakka bara til að fást við þau.“

## STÆRSTA FJALL JAPANS

### KONUM EITT SINN BANNAÐ AÐ KLÍFA ÞAÐ



Fuji-fjall er stærsta fjall Japans, og er 3.776 metra hátt. Það er talið virkt eldfjall en gaus síðast árið 1707. Tindur þess er talinn heilagur og var konum bannað að fara þangað þar til á seinni hluta 19. aldar. Í dag ganga um 200.000 manns upp á fjallið ár hvert. Tónlistarmaðurinn Sakamoto lét eitt sinn bera píanó á tindinn til að halda þar tónleika.

## SJÓNARHÓLL

VEITING FÁLKAORÐUNNAR

### *Verðlaunað fyrir vinnuna*



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**
Borgarfulltrúi

Venja er að veita riddarakross fálkaorðunnar á Bessastöðum á nýársdag til einstaklinga sem þykja hafa gefið mikið til íslenskrar menningar og þjóðlífs. Að þessu sinni fengu fjórtán Íslendingar orðuna fyrir mismunandi framlög. Ekki eru allir á eitt sáttir um veitingu þessara verðlauna. „Ég hef alltaf verið á móti því að veita fólki, sem er á besta aldri og á fullu í atvinnu- og menningarlífi orðu fyrir störf sín. Mér finnst að orða eigi að vera viðurkenning í lok starfsævi eða við einhvern hápunkt. Ég sé enga ástæðu til að verðlauna fólk fyrir að vinna vinnuna sína. Orður eiga að vera fyrir fólk sem hefur lagt eitthvað á sig umfram það sem skyldan kallar eða rútínan kveður á um. Það má veita fólki viðurkenningu fyrir sjálfboða- eða líknarstörf en mér finnst fáránlegt að verðlauna embættismenn eða pólitíkusa fyrir að vinna vinnuna sína. Án þess að ég vilji hnýta í einhvern einn sérstakan finnst mér að alltof margar orður hafi verið veittar nú um áramót,“ segir Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi.

# Megrun með kókosolíu

**Inntaka kókosolíu til grenningar nýtur sífellt meiri vinsælda vestanhafs. Hún er talin auka brennslu í líkamanum og gefa aukna orku í amstri dagsins. Kristín Kristjánsdóttir, hómópati segir undarlegt að Íslendingar hafi ekki uppgötvað kosti hennar fyrr.**

„Sem betur fer er fólk alltaf að uppgötva betur hversu marga kosti kókosolían hefur,“ segir Kristín Kristjánsdóttir hómópati en hún hefur veitt fólki ráðgjöf um mataræði, bætiefni og leiðir í baráttu við aukakíló um árabil í versluninni Maður lifandi.

Kristín segir kókosolíuna vera nýjasta ráð þeirra sem leita að aukinni vellíðan og ekki spilli það fyrir vinsældum olíunnar að hún hafi grennandi áhrif.

„Kókosolían inniheldur efni sem vinnur gegn fitu og það er ef til vill sá kostur sem flestir líta til núna eftir jól,“ segir Kristín en ítrekar að það sé langt frá því eini kostur þessarar olíu. „Hún er mjög heilnæm og það átta sig ekki allir á því að hún hentar mjög vel til steikingar vegna þess hvað hún þolir hátt hitastig,“ segir hún og bætir við að hún voni að margir hafi áttað sig á því fyrir jól hve vel olían hentar í konfektgerð.

Þó segja megi að Vesturlandabúar séu nú að uppgötva kosti þessara olíu hefur hún verið hluti af næringu og fegrunarráðum fólks við Kyrrahaf í langan tíma. Til að mynda hafa konur þar löngum borið hana á húð og í hár til að fá aukna mýkt og glans.

Kristín segir ef nota eigi olíuna til megrunar sé best að taka inn tvær til fjórar matskeiðar af henni á dag. Gæði olíunnar sem hér fáist séu misjöfn, til steikingar sé best að nota harða olíu í ódýrari kantinum en ef eigi að taka hana beint inn eða bera hana á húð gefist betur að festa kaup á mýkri olíu sem kosti yfirleitt ögn meira en sú harða.

Hún viðurkennir að frásagnir hennar af kostum þessarar afurðar hljómi eins og um undraefni sé að ræða en þó sé margt óupptalið.



**KÓKOSHNETA** Kristín segir lyfjaiðnaðinn nú óðum að kanna fleiri kosti kókoshnetunnar.



**KRISTÍN KRISTJÁNSDÓTTIR** segir kosti kókoshnetunnar ótvíræða.

„Lyfjaheimurinn er að kanna kosti hennar í tengslum við sýkingar eins og sveppasýkingar, herpes, lifrarbólgu og alnæmi. Það er samt þegar vitað að hún virkar mjög vel á sveppasýkingar þá bæði sem áburður og til inntöku. Í raun má segja að þetta sé óplægður akur en kostir kókoshnetunnar eru mjög margir,“ segir Kristín, fullviss um að nýjasta ráðið í heimi heilsu og megranna eigi fullan rétt á sér.

karen@frettabladid.is


Skrifstofuvörur
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka

Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV



148 kr.



Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.

898 kr. pk.



Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.

1.240 kr. ks.



Mopak ljósritunarpappír, 5x500 blöð í ks.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6222A


Nemendur og kennarar jákvæðir gagnvart enskukennslu í grunnskólum:

# Notuð í tölvuleikjum til lesturs

Nemendur og kennarar hafa almennt séð jákvæð viðhorf til enskukennslu í grunnskólum landsins. Nemendunum finnst enskan skemmtileg grein. Þeir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að kunna ensku og geta rætt um það hvernig enskan nýtist þeim, bæði utan skóla og í framtíðinni.

Nemendurnir telja sig geta notað enskuna á margvíslegan hátt, meðal annars í samskiptum erlendis, til að skilja kvikmyndir og sjónvarpsþætti og til að lesa blöð og tímarit á ensku. Strákarnir sögðu miklu oftar en stelpurnar að þeir gætu notað hana í tölvuleikjum og á netinu. Stelpurnar sögðust hins vegar frekar geta notað hana til að lesa blöð og bækur. „Þegar ég vil vera svalur þá tala ég ensku“ er svar sem einn nemandinn gaf.

Þetta kemur fram í rannsókn sem Samúel Lefever, lektor í ensku við Kennaraháskóla Íslands, hefur gert á enskukennslu í grunnskólum landsins. Samúel lagði spurningalista fyrir nemendur og kennara í fimmta, níunda og tíunda bekk í átta grunnskólum, tók viðtöl við enskukennara og fylgdist með kennslu.

Samúel segir að sér þyki óneitanlega alvarlegt hve lágt hlutfall af kennurum á grunnskólastigi hafa sérmenntun í faginu en í rannsókninni kom fram að það er aðeins þriðjungur.

- ghs



**SAMÚEL LEFEVER** Enskan nýtur vinsælda meðal nemenda og kennara í grunnskólum landsins. Þetta kemur fram í rannsókn sem Samúel Lefever lektor hefur gert.

PEUGEOT

# ÁR SJÖUNNAR

## OPNAR MEÐ SJÖUTILBOÐ

ALLT AÐ **320.000 KR** AFSLÁTTUR Í LJÓNAMERKINU




DÆMI UM AFSLÁTT

| | Tilboðsverð | Verð áður | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| 1007 City 1,4 Hdi diesel, 5 gíra | 1.599.000 | 1.919.000 | 320.000 |
| 206 1,4 S-line bensín, 5 gíra | 1.564.000 | 1.664.000 | 100.000 |
| 307 1,4 bensín 5 dyra, 5 gíra | 1.770.000 | 1.885.000 | 115.000 |
| 307 1,6 Station, 5 gíra | 1.990.000 | 2.119.000 | 129.000 |
| 307 1,6 SW bensín 5 gíra | 2.120.000 | 2.256.000 | 136.000 |
| 407 1,8 4dyra bensín 5gíra | 2.090.000 | 2.379.000 | 289.000 |
| 407 SW 2,0 bensín sjálfsk. | 2.630.000 | 2.799.000 | 169.000 |
| 807 2,0 Hdi diesel sjálfsk. 7 manna | 3.765.000 | 3.599.000 | 166.000 |

Bílar á mynd geta verið með aukabúnaði




www.peugeot.is

Ár sjöunnar er runnið upp. Komdu og lyftu þér upp og sjáðu Peugeot 1007, 307, 307 SW, 307 Station, 407, 407 SW og 807 á einstöku sjöutilboði; frábær afsláttarkjör í boði, bílalán og rekstrarleiga. Peugeot sjöan er meistarahönnun með víðáttu í innanrými, hlaðin tækninýjungum og ýmsum völdum búnaði sem þú getur hæglega bætt við, allt eftir þínum óskum og þörfum. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Vertu gáfnaljón, komdu í Bernhard, Vatnagörðum, og tryggðu þér sjöutilboð.

07

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

## Svona erum við

Meðalneysla gosdrykkja á íbúa í lítrum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: JÖKLAR LANDSINS

# Jöklar landsins minnka hratt

**Hvers vegna eru stærstu jöklarnir á suðurhelmingi landsins?**
Rúmlega ellefu prósent Íslands eru þakin jöklum. Stærsti jökull landsins, og jafnframt sá stærsti í Evrópu, er Vatnajökull. Stærstu jöklar landsins eru á suðurhluta landsins. Helsta ástæðan fyrir því að stærstu jöklar landsins eru á suðurhluta landsins er sú að úrkoma er meiri sunnanlands en norðan.

Jöklar voru minni á landsnámsöld en þeir eru núna. Þeir stækkuðu hins vegar hratt þegar kólnaði á síðmiðöldum og uxu jafnt og þétt fram undir aldamótin 1900. Þá tóku þeir að minnka.

**Hvað hraðar bráðnun jökla?**
Augljóslega hraðar hækkandi hitastig minnkun jökla. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, greindi frá því í viðtali við Fréttablaðið í ágúst á síðasta ári að hugsanlegt sé að Vatnajökull geti bráðnað niður á tvö hundruð árum vegna hækkandi hitastigs af mannavöldum. Fylgst er náið með bráðnun jökla, einkum Vatnajökuls, en líklegt má telja að umfangsmiklar breytingar á jöklum landsins geti haft það í för með sé að eldstöðvar verði virkari þegar því mikla fargi sem jöklarnir eru léttir af landinu.



**Hver er sérstaða íslenskra jökla?**
Íslenskir jöklar eru þíðjöklar og eitt þeirra aðaleinkenni er fjöldi skriðjökla sem eru á tíðri hreyfingu. Stundum skríða þeir fram með látum en þess á milli hopa þeir þar til sagan endurtekur sig. Mikilvægustu vatnsforðabúr fyrir orkuver hér á landi eru Vatnajökull og Hofsjökull. Fjórir stærstu jöklar landsins, Vatnajökull, Langjökull, Mýrdalsjökull og Hofsjökull eru á eldvirku belti en tíðust hafa eldgos verið undir Vatnajökli.

Jöklarnir hafa áratugum saman verið mikið aðdráttarafl fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn. Snæfellsjökull hefur til að mynda dregið að sér fjölda ferðamanna allt árið um kring.

## SPURT & SVARAÐ

LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

### *Sýnileg löggæsla aukin*



**JÓHANN R. BENEDIKTSSON**
Lögreglustjóri á Suðurnesjum.

Lögregluembættin í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði sameinuðust um áramótin og lögregluumdæmum landsins fækkaði um ellefu. Sýslumenn lykilembætta verða lögreglustjórar í nokkrum lykilumdæmum. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, Jóhann R. Benediktsson, er lögreglustjóri á Suðurnesjum.

**Í hverju felst þessi breyting helst?**
Við stefnum að því að auka sýnilega löggæslu, efla rannsóknardeild sameinaðs embættis og auka grenndarlöggæslu. Þetta eru þeir þættir sem við höfum sett á oddinn. Við viljum reyna að auka þjónustu við borgarana á sem flestum sviðum.

**Verður óbreyttur mannafli og bílakostur?**
Nei, við stefnum að því að fjölga ökutækjum lögreglu og kannski munum við ná að fjölga lögreglumönnum á götunni. Þegar við kynnum hið nýja skipulag munum við fara yfir alla þessa þætti.

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

# Samfélagsleg ábyrgð eða mútur?

**Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, hefur verið í fréttum upp á síðkastið vegna fríðinda og gjafa sem fyrirtækið veitti Hafnfirðingum á síðasta ári. Sumir Hafnfirðingar hafa gengið svo langt að segja að fyrirtækið reyni að múta bæjarbúum til að samþykkja fyrirhugaða stækkun álversins, sem þeir munu kjósa um á næstu mánuðum.**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Mikil umræða hefur verið um fyrirhugaða stækkun álversins í Straumsvík í kjölfar þess að fyrirtækið Alcan, sem rekur álverið, gaf Hafnfirðingum gjafir og veitti þeim ýmis fríðindi á seinni hluta ársins 2006, en bæjarbúar munu kjósa um stækkunina á næstu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi vinstri grænna í Hafnarfirði, segir að frekar lítið hafi borið á fyrirtækinu Alcan, sem rekur verksmiðjuna, í bæjarlífinu, en að þetta hafi breyst mikið á síðastliðnu ári. „Alcan hefur aldrei verið eins áberandi og núna, þeir hafa aldrei áður boðið Hafnfirðingum á íþróttaleiki, tónleika eða sent þeim gjafir,“ segir Guðrún og bætir því við að sér virðist sem fyrirtækið sé í ímyndarstríði um þessar mundir til að reyna að keyra það í gegn að íbúar Hafnarfjarðar samþykki fyrirhugaða stækkun álversins, en þeir munu líklega kjósa um hana á næstu mánuðum. Með stækkuninni mun árleg framleiðslugeta álversins aukast úr 180 þúsund tonnum upp í 460 þúsund tonn.

**Styrkir eða auglýsing?**
Alcan hefur styrkt íþróttastarf barna og unglinga í Hafnarfirði frá árinu 2002. Styrkurinn hljóðar upp á 5 milljónir á ári og gildir út árið 2007. Í honum kemur fram að íþróttafélög sem njóta styrkjanna skuli birta merki Alcan á vefsíðu sinni, bréfsefni og öllu kynningarefni, sem og setningu sem segir að fyrirtækið styðji barna- og unglingastarf félagsins. Einnig er kveðið á um það í sumum tilfellum að keppnisbúningar félagsins skuli merktir með fyrirtækismerki Alcan, þegar það er heimilt, auk þess sem skilti og fánar með merkinu skuli settir í og við íþróttamiðstöðvar.

„Þetta er ekki styrktarsamningur, heldur auglýsingasamningur. Ástæðan fyrir því að Alcan ákveður að styrkja barna- og unglingastarf er að með því vill fyrirtækið reyna að höfða til kvenna, sem hafa haft hvað mesta andúð á álverinu í gegnum tíðina,“ segir Pétur Óskarsson hjá Sól í Straumi, þverpólitískum hópi áhugafólks um stækkun álversins í Straumsvík.

„Samningurinn er kynntur sem styrktarsamningur en er í rauninni íþyngjandi auglýsingasamningur,“ segir Sigurður P. Sigmundsson, sem situr í stjórn frjálsíþróttadeildar FH, og bætir því við að samningurinn hafi ekki verið gerður á réttum forsendum.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort haldið verður áfram að styrkja íþróttastarf í Hafnarfirði með nákvæmlega þessum hætti þegar samningstíminn er liðinn. „Alcan ætlar sér að halda áfram að starfa í þessum anda og koma að samfélagslegum verkefnum,“ segir Hrannar.

**Samfélagssjóður Alcan**
Alcan byrjaði að veita fé úr svokölluðum samfélagssjóði fyrirtækisins árið 2005. Síðan þá hefur verið veitt þrisvar sinnum úr sjóðnum til aðila og félaga, nú síðast á föstudaginn þegar rúmum níu milljónum var veitt úr honum. Hæstu styrkina, að upphæð eina milljón króna, hlutu Vímulaus æska og verkefnið Þjóð gegn þunglyndi.

**NOKKUR ATRIÐI Í SAMSKIPTUM ALCAN OG HAFNFIRÐINGA 2001–2007:**

2001
Hafnarfjarðarbær, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íslenska álfélagið hf. (ÍSAL) gerðu með sér samning um að efla íþróttastarf 16 ára og yngri iðkenda íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Samningurinn öðlaðist gildi í ársbyrjun 2002 og gildir til ársins 2007. Samkvæmt honum leggur Alcan 5 milljónir á ári til starfs félaganna gegn ákveðnum skilyrðum.

2005
Alcan byrjar að veita ýmsum félögum og verkefnum styrki úr svokölluðum Samfélagssjóði. Veitt er úr sjóðnum tvisvar á ári. Síðast var veitt úr sjóðnum á föstudaginn og námu styrkirnir þá rúmum 9 milljónum króna.

September 2006
Alcan býður Hafnfirðingum á tónleika með Björgvini Halldórssyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands í Laugardalshöllinni.

Desember 2006
Alcan býður Hafnfirðingum á bikarleik í handbolta á milli Hauka og FH.

Desember 2006
Alcan sendir mynd- og geisladisk með upptöku frá tónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll inn á hvert heimili í Hafnarfirði, í alls 7.200 upplögum.

Janúar 2007
Alcan mun brátt senda almanak með myndum af verkum eftir hafnfirska listamenn inn á hvert heimili í Hafnarfirði.

Að sögn Hrannars er hlutverk sjóðsins að leggja góðum málefnum í samfélaginu lið og að setja ákveðinn ramma utan um styrkveitingar frá Alcan.

**Gjafir og fríðindi**
Alcan hefur auk styrkveitinga gefið Hafnfirðingum ýmsar gjafir og veitt þeim fríðindi á síðustu mánuðum. Í september bauð fyrirtækið Hafnfirðingum á tónleika með Björgvini Halldórssyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands og í desember bauð það þeim á bikarleik Hauka og FH í Hafnarfirði. Í lok ársins sendi fyrirtækið svo mynd- og geisladisk með upptöku frá tónleikum Björgvins inn á hvert heimili í Hafnarfirði, alls 7.200 eintök.

Að sögn Hrannars Péturssonar, upplýsingafulltrúa Alcans, ætlar fyrirtækið á næstunni að senda almanak með myndum af verkum eftir hafnfirska listamenn inn á hvert heimili í Hafnarfirði.

Aðspurður segir Hrannar að ástæðan fyrir því að fyrirtækið veiti Hafnfirðingum þessar gjafir og fríðindi sé sú að fyrirtækið hafi átt 40 ára afmæli á liðnu ári og fyrirtækið vilji minna á sig því stækkun álversins sé mikið hagsmunamál fyrir fyrirtækið. Hann vill ekki tjá sig um hversu mikið þessar gjafir og fríðindi kostuðu Alcan, né hversu mikið sjónvarpsauglýsing frá fyrirtækinu sem sýnd var yfir hátíðarnar kostaði í framleiðslu.

**Styrkir Alcan Hafnfirðinga meira en áður?**
„Það hefur orðið mikil breyting á liðnum árum á því hvernig fyrirtæki koma að samfélagsmálum og það á líka við um aðkomu Alcan. Fyrirtæki taka meiri þátt í samfélagslegum verkefnum núna en fyrir tíu árum,“ segir Hrannar og bætir því við að álverið hafi byrjað að veita meiri styrki eftir að það varð hluti af Alcan-samsteypunni árið 2000, en á árunum þegar svissneska fyrirtækið Alusuisse rak álverið.

Spurningin er sú hvort og hvernig Alcan muni halda áfram að gera eins vel við Hafnfirðinga og Íslendinga með gjöfum og styrkveitingum ef Hafnfirðingar kjósa gegn stækkuninni, og eins ef þeir samþykkja hana. Þá mun hugurinn sem hvílir á bak við aðgerðir fyrirtækisins líklega koma í ljós: hvort fyrirtækið telji sig bera samfélagslega ábyrgð sem það sýnir í verki, eins og Hrannar Pétursson segir, eða hvort fyrirtækið hafi verið að reyna að kaupa sér atkvæði Hafnfirðinga svo álverið verði stækkað eins og sumir Hafnfirðingar vilja meina.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is

# útsala



**Curve stóll á snúningsfæti**
39.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 29.900 kr.**



**Tungusófi** litir: brúnn • hvítur
192.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 129.800 kr.**



**Simply stóll**
14.900 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 9.900 kr.**



**Prag stóll**
12.800 kr. **ÚTSÖLUVERÐ 8.900 kr.**

**10 – 50% afsláttur af öllum vörum**

**Soho hilla**
89.700 kr.
**ÚTSÖLUVERÐ 59.900 kr.**



LÍNAN
HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aftaka Saddams Hussein:

## Leysir ekki vanda sundraðs Íraks

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Myndir af aftöku Saddams Hussein ganga nú eins og eldur í sinu um netheima. Myndskeið, sem tekið var upp með farsíma án vitundar eða heimildar íraskra yfirvalda er einræðisherrann fyrrverandi var hengdur eldsnemma að morgni laugardags, hafði komið fyrir sjónir milljóna manna um allan heim áður en varði. Í fréttatímum sjónvarpsstöðva um víða veröld voru auk þess birtar opinberar myndir frá aftökunni sem Íraksstjórn sendi frá sér.

Á myndunum fer ekki milli mála að Írakarnir sem framfylgja dauðadóminum eru sjía-múslimar. Sú staðreynd er olía á eld trúflokkaátakanna í landinu og eykur líkurnar á því að minnihluti súnní-araba líti svo á að Saddam hafi dáið píslarvættisdauða. Að minnsta kosti er ljóst að aftakan sameinar ekki hina sundruðu þjóð sem hann drottnaði yfir sem miskunnarlaus einræðisherra í áratugi. Hengingin eykur frekar hættuna á að hatursfull átök ólíkra fylkinga Íraka verði að taumlausu borgarastríði.

Í stjórnartíð Saddams nutu súnní-arabar, sérstaklega ættmenni harðstjórans frá Tikrit, forréttinda en sjíar og kúrdar (sem eru reyndar súnní-múslimar) sættu ofsóknum og harðræði. Hann dreymdi um að verða leiðtogi hins arabíska heims, eða arabísku þjóðarinnar eins og það hét í áróðri Baath-flokks hans. Þessi draumur varð að martröð fyrir Írak. Hann átti stóran þátt í að Saddam hóf stríð við Íran árið 1980, svo og í innrásinni í Kúveit 1990. Ástæðuna fyrir hinni harkalegu niðurbælingu sjía-múslima má eflaust að miklu leyti rekja til ótta Saddams um að þeir reyndu að steypa sér af stóli og sjía-klerkarnir í Teheran myndu hjálpa til við það.

Helzta stjórntæki Saddams var ótti. Margir þeirra sem lifðu í stöðugum ótta í stjórnartíð hans – kúrdar, sjíar og aðrir – fagna því nú skiljanlega að harðstjórinn fyrrverandi sé loks allur. En hættan er sú að harðneskju-stjórnarhættir af því tagi sem einkenndi stjórnartíð hans muni aftur verða ofan á, undir ólíkum formerkjum.

Lykilspurningin nú er hvernig rjúfa megi þann vítahring æ meiri borgarastríðsátaka, sem þessi atburðarás er liður í. Innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra fyrir nær fjórum árum hefur ekki einvörðungu leyst óútreiknanleg sundrungaröfl úr læðingi í Írak, heldur einnig breytt valdajafnvæginu í Mið-Austurlöndum. Írak er nú „útflytjandi óstöðugleika“ eins og margir fréttaskýrendur orða það. Klerkarnir í Teheran hafa nú þegar mikil ítök í stjórnmálum grannríkisins og þjóð eins og Sádi-Arabía, þar sem strangtrúaðir súnní-arabar ráða ferðinni, dregur enga dul á að hún vilji koma „bræðrum sínum“ í Írak til hjálpar ef aðstæður krefjast þess. Þannig er ekki loku fyrir það skotið að upplausnarástandið í Írak verði á stuttum tíma að víðtækari deilu sem hrekur mestu olíuframleiðslulönd heims í harkalegan hagsmunaárekstur með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er því mikið undir því komið hvernig George W. Bush Bandaríkjaforseti ákveður að breyta Íraksstefnu stjórnar sinnar, en tilkynningar um þá stefnubreytingu kvað vera að vænta á næstu dögum. Lítil von er þó til að sú breytta stefna muni megna að snúa málum til áþreifanlega betri vegar en á horfir. Bush ætti í það minnsta að hafa lært þá lexíu, að lýðræði og réttarríki verður ekki „flutt út“ með þeim aðferðum sem hann hefur beitt í Írak hingað til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

BBC
WORLD
SERVICE

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Engar áhyggjur**

Síðan prófkjör framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi fór fram hafa áhugamenn um pólitíska framtíð Kristins H. Gunnarssonar velt fyrir sér fyrirætlunum Sleggjunnar. Í nýjum pistli á síðu sinni kristinn.is róar hann órólega en æsir kannski rólega. Þar lýsir hann því nefnilega yfir að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af pólitískri heilsu sinni „meðan áhuginn er enn brennandi og þrekið til staðar.“ Af þeim orðum verður ekki annað ráðið en að hann hyggi á framboð í vor en ekki fylgir skrifunum undir hvaða merki.



**Nýi formaðurinn dregur úr**

Jón Sigurðsson var nokkuð ítarlega spurður út í afstöðu sína gagnvart aðild að Evrópusambandinu í Kryddsíldinni á sunnudag. Ekki vildi hann taka jafn sterkt til orða og fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins; Jón vill skoða aðild að Evrópusambandinu af metnaði. Enda dugar ekkert hálfkák við slíkt mál. Fyrr um daginn hafði gamli formaðurinn, Halldór Ásgrímsson, tekið mun afdráttarlausari afstöðu í Hádegisviðtalinu á Stöð 2, þar sem hann sagðist hafa miklar efasemdir um að Íslendingar gætu rekið íslensku krónuna til langrar framtíðar „í þessari miklu alþjóðavæðingu og frelsi á peningamörkuðum“. Þá sagðist hann enn standa við yfirlýsingu sína um að Ísland verði orðið aðili að Evrópusambandinu fyrir árið 2015.

bjorn@frettabladid.is
svanborg@frettabladid.is

## Mannréttindi sniðgengin



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

**Í DAG** | Réttindamál

Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur eiga vítur skilið fyrir sinnuleysi sitt gagnvart réttindum launafólks. Þetta kemur mjög berlega fram í því að láta undir höfuð leggjast að fullgilda samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO), sem tryggir launafólki lágmarks mannréttindi við uppsagnir úr starfi, en slík ákvæði vantar algjörlega í íslenska löggjöf. Eins og nú háttar málum er hægt að segja starfsmanni upp starfi án þess að tilgreina neina ástæðu þó eftir sé leitað. Fullgilding Alþingis á samþykkt nr. 158 mundi gjörbreyta réttindum almennings hvað varðar atvinnuöryggi og mannréttindi og lyfta þeim verulega upp í átt að réttindum launafólks á hinum Norðurlöndunum og ekki veitir af, því þar erum við langt á eftir.

*Forsaga málsins er sú að um langan tíma hefur samþykktin verið í felum niðri í skúffu hjá fjórum félagsmálaráðherrum Framsóknarflokksins, þeim Páli Péturssyni, Árna Magnússyni, Jóni Kristjánssyni og nú síðast hjá Magnúsi Stefánssyni Það er svo fyrst eftir að hafa setið í ríkisstjórn í tæplega þrjú kjörtímabil, sem Framsóknarflokkurinn vaknar til meðvitundar í málinu og þá til þess að senda samþykktina til yfirlesturs hjá skólafólki uppi í Borgarfirði.*

**Flókt til og frá**

Síðast liðinn vetur sendi Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra, ILO samþykktina til Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst og for fram á að samin yrði tillaga að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna. Bifröst átti að skila þessari vinnu af sér fyrir árslok 2006. Forsaga málsins er sú að um langan tíma hefur samþykktin verið í felum niðri í skúffu hjá fjórum félagsmálaráðherrum Framsóknarflokksins, þeim Páli Péturssyni, Árna Magnússyni, Jóni Kristjánssyni og nú síðast Magnúsi Stefánssyni. Það er svo fyrst eftir að hafa setið í ríkisstjórn í tæplega þrjú kjörtímabil, sem Framsóknarflokkurinn vaknar til meðvitundar í málinu og þá til þess að senda samþykktina til yfirlesturs hjá skólafólki uppi í Borgarfirði. Reglurnar í ILO nr. 158 eru ágætlega skýrar, þar þarf engu við að bæta, enda eru þær samdar af fulltrúum frá Sameinuðu þjóðunum. Telji Framsóknarflokkurinn þörf á leiðbeiningarreglum við framkvæmd ILO nr. 158 þá átti sú hugmynd að koma fram löngu fyrr en ekki nú til að tefja málið.

Ég held að eftirfarandi vísur segi allt sem segja þarf um þá framkvæmd:

Svo sannarlega segja má
að syrta fari í álinn
ef menntasetur meta á
mannréttindamálin.

En almenningur ekki fær
orði inn að smeygja.
Hann skal bara híma fjær,
halda kjaft´og þegja.

**Óvissuástand**

Nokkuð óljóst er hvað íslensk stjórnvöld ætla sér að gera varðandi ILO samþykkt nr.158, þó er vitað að bæði Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum er óljúft að fullgilda samþykktina, það sýnir löng töf þeirra á að taka málið upp. En báðir eru flokkarnir mjög uggandi um fylgi sitt í alþingiskosningunum í vor. Það er því ekki útilokað ennþá að þeir í hræðslukasti leggi ILO-samþykktina fyrir Alþingi nú í vetur og mæli með löggildingu hennar eða jafnvel setji lög sem væru ígildi hennar.

Ef hins vegar ekkert verður gert mun Verkalýðsfélagið Hlíf leggja fram kröfu við gerð næstu kjarasamninga þess efnis að ákvæði ILO samþykktar nr. 158 verði sett inn í samningana. Hlíf hefur áður lagt slíka kröfu fram án árangurs. En komi til þess við gerð næstu kjarasamninga þá mun Hlíf hvetja önnur félög innan ASÍ að láta sverfa til stáls til að ná þessari kröfu fram.

## Kvittað fyrir móttöku jóla- og nýárskveðju

**UMRÆÐAN**

Umhverfismál



JÓN KRISTJÁNSSON

Um jólin og áramótin berast góðar kveðjur inn á mitt heimili sem skrifaðar eru á jólakort, og vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem þau sendu, fyrir góðar og hlýlegar jóla- og nýárskveðjur.

Eitt kort skar sig nokkuð frá hinum, í fyrsta lagi fylgdi ekki hver væri sendandinn og í öðru lagi var sú kveðja skráð á kortið að ég ásamt tveimur þriðju af þingheimi hefði framið mesta glæp Íslandssögunnar og skömm okkar yrði uppi meðan land byggðist. Minna mátti nú ekki gagn gera.

Myndin á kortinu var af flæðarmáli Hálslóns þar sem lónið er að fljóta yfir steina sem skráð eru á nöfn okkar stórglæpamannanna, ásamt þeim staðhæfingum sem skrifaðar voru aftan á kortið stóru letri.

Ýmislegt hefur gengið á í kringum Kárahnjúkavirkjun og Hálslón, en mig rak minni til þess að Samtök um verndun hálendis Austurlands stöðu fyrir þessum gerningi. Í þessum samtökum er margt af ágætis fólki sem eru sveitungar mínir og kunningjar, dagfarsprútt fólk, sem sumt hefur kvartað undan óvæginni umræðu fyrir austan um virkjanamál. Getur verið að samtök þessa fólks hafi gengist fyrir því að senda mér þá kveðju um jólin að ég og vinnufélagar mínir í þinginu sem samþykktu Kárahnjúkavirkjun séu mestu glæpamenn Íslandssögunnar, án nokkurra fyrirvara þar um? Ég vona samtakanna vegna og þessara ágætu kunningja minna að þetta kort sé ekki frá þeim, en vonast til að fá það upplýst.

Ég geymi kortið sem minjagrip, en sendi Samtökum um verndun hálendis Austurlands nýárskveðju, og vona að umræðan um virkjunarmálin verði nú svolítið hófstilltari en verið hefur. Ég hef ekki á móti málefnalegum skoðanaskiptum, en mér finnst eigi að síður að þessi gerningur og útsendingar á þessum kortum verða dálítið fyrir utan landamerki slíkrar umræðu.

*Höfundur er alþingismaður*



**SMÁAR HENDUR BETRI EN STÓRAR**
Inger Birta S. Pétursdóttir, bifvélavirki á verkstæði B&L, segir margt hafa breyst sem auðveldi konum að starfa sem bifvélavirkjar.
BÍLAR 6



**LÍFSSTÍLSHÓTEL**
Hótel Laki er nýtt hótel sem opnað verður á morgun að Efri-Vík í Landbroti. Heilsuefling verður stór þáttur í starfsemi þess.
FERÐIR 9



## ALLT HITT

**[NÁM BÍLAR FERÐIR]**



**Námskeið** í tímastjórnun og námstækni verða æ vinsælli og nú bjóða allir framhalds- og háskólar upp á námsráðgjöf sem er gott að nýta sér í byrjun árs.

**Bílar** stuðla að loftmengun. Ísland er með hreinustu löndum í heimi og til þess að draga úr umferðarmengun eru margir nágrannar byrjaðir að keyra saman í vinnu. Fyrirkomulagið gengur út á að sitja í með nágrannanum sem síðan situr í með þér næstu viku. Þetta sparar líka bensín sem er hreint ekki ódýrt á Íslandi.

**Páska-** og sumarfríið er eitthvað sem gott er að fara að huga að. Margir fá gott páskafrí og því tilvalið að skreppa í sólina og hlaða vítamínlagerinn. Íbúðaskipti eru sniðug fyrir þá sem vilja ekki hefðbundið frí.



## GÓÐAN DAG

**Í dag er miðvikudagurinn 3. janúar, 3. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.18 | 13.32 | 15.48 |
| Akureyri | 11.31 | 13.17 | 15.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Tróndu á toppnum

***Kristján Þór Björnsson, 15 ára, og Hjalti Andrés Sigurbjörnsson, 18 ára, náðu langt á Norðurlandamóti unglinga í veggjaklifri, nánar tiltekið í leiðsluklifri.***

Bæði Kristján og Hjalti komust á verðlaunapall á mótinu sem haldið var í Noregi. Kristján deildi þar fyrsta sæti í flokki drengja fæddum á árunum 1991-´93 með dönskum keppanda og Hjalti náði þriðja sæti í flokki drengja fæddum á árunum 1987–´88.

„Það var óneitanlega góð tilfinning sem fylgdi viðtöku verðlaunanna,“ viðurkennir Hjalti, sem átti ekki von á að ná svona langt. Piltarnir eru annars yfirvegaðir vegna útkomunnar, enda báðir æft frá tólf ára aldri og gengið vel hérlendis. Kristján hefur meðal annars náð því að verða einu sinni Íslandsmeistari grjótglímu, sem er að sögn drengjanna styttra en leiðsluklifur auk þess sem dýna er höfð undir því. Norðurlandamótið er fyrsta erlenda mótið sem þeir taka þátt í.

Að sögn drengjanna er aðstöðunni nokkuð ábótavant á Íslandi, sem þeir telja stafa af því hversu ung íþrótt veggjaklifur er hérlendis. „Það er góður grjótglímuveggur í Klifurhúsinu en enn vantar leiðsluklifurvegg,“ segir Kristján og Hjalti samsinnir því.

Þrátt fyrir að aðstöðu sé ábótavant horfa félagarnir björtum augum til framtíðar og nóg er á döfinni. „Ég tek þátt í móti í Þýskalandi um næstu páska,“ segir Kristján og Hjalti mun að eigin sögn hafa nóg fyrir stafni. „Ég er ekki búinn að skipuleggja þátttöku í mótum en held áfram að æfa í Klifurhúsinu.“

*roald@frettabladid.is*



Kristján og Hjalti, félagar í Klifurfélagi Reykjavíkur, gerðu það gott á móti í veggjaklifri sem var nýverið haldið í Noregi. Voru þeir félagar í hópi níu verðlaunahafa en hinir voru allir Norðmenn og verður hlutfall Íslendinga því að teljast nokkuð hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Þeir sem ætla að fjárfesta í bíl á árinu gætu fengið valkvíða því úrval nýrra bíla á markað verður mikið á árinu.

# Aldrei fleiri á markað

***Yfir 100 nýjar bílategundir verða settar á Evrópumarkað á árinu.***

104 nýir bílar frá öllum stærstu bílaframleiðendum heims eru væntanlegir á Evrópumarkað á árinu 2007. Þessi fjöldi nýrra bíla á markað er tæplega þriðjungsaukning frá því í fyrra. Samkvæmt spám þýska bílasérfræðingsins Ferdinands Dudenhoffer munu bílaframleiðendur einblína mest á hefðbundna fjölskyldubíla og smábíla á kostnað stærri og bensínfrekari bíla. Meðal nýrra bíla sem væntanlegir eru á þessu ári er nýr Audi A4, nýr Renault Laguna og þriðja kynslóðin af Ford Mondeo. Nokkrir arftakar hafa sömuleiðis verið boðaðir á árinu, til dæmis mun Toyota setja á markað nýjan Auris sem mun leysa Corolla línuna af hólmi. Þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu hafi aðeins lækkað upp á síðkastið munu áherslur bílaframleiðanda áfram vera á sparneytna og umhverfisvæna bíla á borð við Toyota Prius.

*- vör*

*Gleðilegt nýtt ár og þökkum viðskiptin á liðnu ári.*
*Starfsfólk Subway*



JANÚAR
Kafbátur mánaðarins
Kalkúnsbringa og skinka
*...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða*
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í jan. 2007 • Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Stjórnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
SUBWAY

**Jólabumban** er án efa í blóma þessa dagana. Passið að fara ekki of hratt af stað í ræktinni. Best er að ofgera ekki líkamanum heldur bæta smátt og smátt við æfingarnar og byggja þannig upp þol.




Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

SLENDERTONE
Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995,-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
Ný tæki - Léttari greiðslur
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga
ROPE YOGA
Fagralundi við Furugrund í Kópavogi
8 vikna námskeið
hefjast 8. janúar
Skráning í síma 891-7190
Kennari:
Sigríður Guðjohnsen
www.sigga.is

STAFGANGA Í LAUGARDAL
5 vikna námskeið fyrir byrjendur (10 tímar)
hefst þriðjudaginn 9. janúar kl. 17:30
Tímar fyrir lengra komna á
þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30
Skráning og nánari upplýsingar á www.stafganga.is
eða í símum 616 8595 / Guðný Aradóttir - stafgönguþjálfari
694 3571 / Jóna Hildur Bjarnadóttir - stafgönguþjálfari
www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar

allt tíska
Alla fimmtudaga


# Að uppræta blekkinguna

***Þeir sem strengja þess heit að hætta að reykja á nýja árinu geta fengið aðstoð sérfróðra. Einn þeirra er Valgeir Skagfjörð sem bæði heldur námskeið og hefur skrifað bók um málið.***



Valgeir Skagfjörð reykti í 25 ár og segir alla geta hætt fyrst hann gat það. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Valgeir kemur hálf hóstandi í símann. Spurður hvort það sé reykingahósti svarar hann því til að um aðkenningu að lungnabólgu sé að ræða sem hafi komið upp úr flensu. „Ástæðan kann að vera sú að eftir 25 ára reykingar sé ég næmari fyrir því að fá lungnabólgu en aðrir. Það veit maður ekki. En það eru ellefu ár síðan ég hætti.“

Var erfitt að hætta?

„Nei, loksins þegar ég var búinn að fatta hvernig ég átti að fara að því þá var það ekki erfitt,“ segir hann og kveðst sannfærður um að allir geti hætt, enda heiti bókin hans um þetta efni Fyrst ég gat hætt getur þú það líka. „Galdurinn er að gera sér grein fyrir því að vandamálið býr í höfðinu á manni og hvergi annars staðar,“ segir Valgeir „Reykingamaðurinn er að taka inn hraðvirkt eiturlyf sem heitir nikótín og það er engin lausn að fá sér plástur eða annað form af lyfjum í apótekunum því nikótínið hættir ekki að vera fíkniefni þó að það sé komið í plástra. Þegar ég hjálpa fólki að hætta að reykja legg ég áherslu á að það losni við nikótínfíknina.“

Þegar Valgeiri er bent á að plásturinn frelsi að minnsta kosti lungun frá reyknum svarar hann að bragði:

„Reykingar snúast minnst um lungun. Flestir reykingamenn eru með góð lungu, annars gætu þeir ekki reykt. Þeir sem eru með viðkvæm lungu en halda áfram að pína reykinn ofan í sig verða mjög fljótt veikir og fá einkenni lungnaþembu snemma. En eitrið hefur áhrif á allan líkamann, meðal annars á æðakerfið.“

Valgeir segir lykilinn við að hætta vera þann að losa sig við venjurnar sem reykingunum fylgi. „Reykingamaðurinn veður í þeirri villu að tóbakið geri eitthvað fyrir hann. Það er sú blekking sem ég legg ofuráherslu á að uppræta og þegar menn eru lausir við hana þá fatta þeir að þetta er ekkert mál.“ Hann þvertekur fyrir að það kosti vítiskvalir að hætta. „Óttinn við vítiskvalirnar verður líka til í höfðinu á fólki og hann viðheldur reykingunum. Sá ótti er líka það sem tóbaksfyrirtækin og lyfjafyrirtækin lifa á.“

Í huga Valgeirs er aðferðin einföld. „Menn taka ákvörðun um að hætta og trúa því og treysta að það verði allt í lagi. Þá er allt hægt. Ég kannast við mann sem vaknaði á þriggja tíma fresti alla nóttina til að reykja og hann gat hætt. Hann þurfti bara að losna við þá blekkingu að sígaretturnar væru honum lífsnauðsynlegar og þeim tækjum búa allir yfir.“ *gun@frettabladid.is*



Hin sextíu og sjö ára gamla móðir varð barnshafandi í tæknifrjóvgun.

# Elsta móðir í heimi

***Sextíu og sjö ára gömul kona fæðir tvíbura á Spáni.***

Konan sem eignaðist tvíburana á Sant Pau-spítala fyrir skemmstu varð elsta móðir í heimi þegar tvíburarnir fæddust.

Hún sló þar með fyrra met hinnar sextíu og sex ára gömlu Adriönu Iliescu frá Rúmeníu, sem fæddi stúlku í janúar árið 2005. Sú varð einnig barnshafandi af tvíburum en missti annan þeirra á meðgöngu.

Að sögn starfsmanna spítalans var þetta fyrsta fæðing móður, sem varð ófrísk eftir tæknifrjóvgun. Voru börnin tekin með keisaraskurði og komið fyrir í hitakassa.

Á máli sérfræðings í áhættusömum fæðingum mátti skilja að bæði móður og börnum heilsist vel, en þau munu verja nokkrum dögum á spítalanum.

Nafn hennar hefur ekki verið gefið upp að svo stöddu.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk. *- rve*

# *Aukin orka*

Það er ekki óalgengt að þreytan segi til sín eftir frítímann yfir jól og áramót. Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga vilji maður hafa næga orku allan daginn.

■ Fáðu þér göngutúr í hádegishléinu. Hreyfingin er hressandi og þótt þú gangir ekki nema í fimmtán mínútur finnur þú strax muninn.

■ Drekktu vel. Vökvatap getur lýst sér í þreytu og slappleika.

■ Notaðu skynsemina þegar þú velur þér hádegismat. Feitur og kolvetnaríkur matur getur haft sljóvgandi áhrif og valdið syfju.

■ Fáðu þér nasl í eftirmiðdaginn. Lágur blóðsykur getur verið ástæða orkuleysis. Veldu nasl sem er hollt og gott og inniheldur lítinn sykur.

■ Fáðu þér blund. Slökun í fimmtán til tuttugu mínútur er góð leið til að endurheimta orku.

■ Farðu út. Ferska loftið getur gert kraftaverk þegar þreytan segir til sín.

■ Fáðu einhvern til að nudda þig meðan þú situr. Tíu til fimmtán mínútna nudd kemur blóðinu á hreyfingu og losar um spennu.



Margar leiðir eru til að hrista af sér slenið eftir jól og áramót.



Tangóhjónin Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya eru meðal kennara í Atorku. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Markmið Atorku að efla hvern og einn

***Jóga og dans eru í hávegum höfð í Mannræktinni Atorku í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ.***

„Við leggjum áherslu á að bjóða upp á námskeið sem efla hvern og einn til líkama og sálar," segir Gunnlaugur B. Ólafsson lífeðlisfræðingur. Hann stendur m.a. að Mannræktinni Atorku sem er til húsa í Þrúðvangi í Álafosskvos og kennir þar Rope Yoga. Aðrir jógakennarar eru Áslaug Höskuldsdóttir, leirlistakona og jógakennari til 15 ára, og Gunnhildur Konráðsdóttir leikskólakennari sem kennir Hatha Yoga. Í Atorku er nefnilega áhersla lögð á skemmtilegar og uppbyggjandi greinar eins og jóga og dans og einnig er Pilates-æfingakerfið á dagskrá er eykur styrk, jafnvægi og vellíðan. Ástrós Gunnarsdóttir dansari hefur nýlokið kennsluréttindum í Pilates og býður upp á tíma í Atorku. Um danskennsluna sjá tangóhjónin frægu Hany Hadaya og Bryndís Halldórsdóttir, salsadrottingin Rossie Maillard frá Chile og Rosana, margfaldur Íslandsmeistari í magadansi. Berglind Björgúlfsdóttir, söngkona og tónlistarkennari, sér svo um tónlist og skapandi hreyfingu fyrir börn frá 3-8 ára.

Kynning verður á námskeiðum Atorku á laugardaginn, 6. janúar, milli klukkan 14 og 16 í Þrúðvangi.



Lawrence Rome bindur miklar vonir við nýja bakpokann sinn.

# Minna álag á bakið

***Bakpoki sem dregur úr álagi á baki og liðum er ný uppfinning.***

Mörg skólabörn þjást af bakverkjum og vöðvabólgu ung að aldri vegna þess að þau þurfa að bera þungar skólatöskur. Nú hefur verið fundinn upp bakpoki sem gæti verið lausn á þessu vandamáli. Í pokanum eru teygjanlegir þræðir sem veldur því að bakpokinn skoppar upp og niður í stað þess að berja á axlirnar og bakið þegar hann hreyfist. Hönnuðurinn, lífeðlisfræðingurinn Lawrence Rome, sem á heiðurinn af þess nýja bakpoka sér fyrir sér að þetta muni létta álaginu á baki og hrygg skólabarna, hermanna og allra þeirra sem þurfa að bera þunga byrði á bakinu.

# Reynt að draga úr reykingum barna

***Lögaldur reykingarmanna hækkaður á Englandi og í Wales.***

Ný lög sem kveða á um að menn verði að vera minnst átján ára til að geta fest kaup á tóbaki taka gildi á Englandi og í Wales á þessu ári. Aldursmörkin hækka þar með um tvö ár.

Með þessari ákvörðun er vonast til að stemma stigu við háu hlutfalli ungmenna undir lögaldri sem kaupa tóbak, en rannsóknir sýna að níu prósent breskra barna á aldrinum ellefu til fimmtán ára reykja.

Nýleg skoðanakönnun sýnir ennfremur að einungis 23 prósent barna undir lögaldri eiga í einhverjum erfiðleikum með að kaupa tóbak. Í sjötíu prósentum tilfella er það keypt hjá blaðsölum og í kjörverslunum.

Sérfræðingar segja unga reykingarmenn eiga mun erfiðara með að hætta en þá sem byrja síðar. Að sama skapi séu reykingar þrisvar sinnum líklegri til að verða ungum reykingarmönnum seinna að aldurtila.

Þessi ákvarðanataka ríkisstjórnarinnar kemur í kjölfar reykingarbanns á opinberum stöðum sem verður lögfest seinna á árinu. Eru yfirvöld bjartsýn á að ákvörðunin skili tilætluðum árangri, auk þess að minnka fjármunina sem heilbrigðisyfirvöld þurfa að verja til að taka á vandanum.

Ekki eru þó allir jafn jákvæðir í garð þessarar breytingar. Nokkrir læknar hafa bent á að grípa verði til mun sterkari, samhæfðari aðgerða eigi hún að skila góðri útkomu.

Þess má loks geta að með þessari hækkun skipa England og Wales sér í flokk með Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Íslandi, svo dæmi séu tekin.

*- rve*



Yfirvöld í Englandi og Wales vonast til að draga úr reykingum ungmenna með því að hækka lögaldurinn.




Tónlistarnámskeið fyrir 0-5 ára börn
MEÐ Á NÓTUNUM
Söngur – Dans – Þulur – Hljóðfæraleikur
Upplýsingar í síma 894 1806 og á www.medanotunum.is

Svefn & heilsa
www.svefn.is




Kripalu DansKinetics®
Dansjóga
Njóttu þess að dansa!
Kenndar eru einfaldar danshreyfingar, engin stíf dansspor, einnig er unnið í dansflæði þar sem einstaklingurinn nýtur sín og fær útrás fyrir eigin hreyfingarþörf.
Dansinn eykur orkuflæði og brennslu, jógateygjurnar mýkja líkamann og veita innri ró.
Tíminn endar í góðri slökun. Þú endurnýjast á líkama og sál!
Mánudagsmorgna kl. 8:30
Námskeið hefst 8. janúar
í Gerðubergi Reykjavík


Púlsinn námskeið
Marta Eiríksdóttir
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

allt tilboð
Alla föstudaga


„Hollusta næst aldrei úr einhæfu fæði," segir Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Lítil hollusta í einhæfu fæði

***Nýr bæklingur sem ber heitið Ráðleggingar um mataræði og næringarefni er kominn út á vegum Lýðheilsustöðvar.***

Hinn nýi bæklingur ber í sér fróðleik um æskilegt innihald matar bæði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri. Ráðleggingarnar eiga að auðvelda fólki að velja fæði í samræmi við næringarefna-og orkuþörf sem og ráðlagða dagskammta af ýmsum vítamínum og steinefnum. Þar er tekið mið af nýjum vísindarannsóknum á sviði næringar og heilsu og niðurstöðum kannana á mataræði Íslendinga.

Ekki hvað síst er ráðleggingunum ætlað að vera til viðmiðunar fyrir skóla, heilsugæslu, matvælaframleiðendur, stóreldhús og aðra sem hafa áhrif á mataræði almennings.


Forsíða hins nýja bæklings Lýðheilsustöðvar.

„Hollusta næst aldrei úr einhæfu fæði. Rannsóknir sýna að því fleiri tegundir af matvælum sem fólk velur því betur er það statt næringarlega. Við leggjum þess vegna áherslu á að til að líkaminn fái öll þau næringarefni sem hann þarf á að halda þá sé gott að borða sitt lítið af hverju. Það er sú hvatning sem bæklingurinn snýst um í stuttu máli," segir Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur.

Bæklingurinn fæst endurgjaldslaust hjá Lýðheilsustöð og hægt er að skoða hann og panta á heimasíðu stöðvarinnar. www.lydheilsustod.is.



Persona.is

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Áráttukennd kaup

Áráttukennd kaup (compulsive buying) einkennast af óhóflegum, óviðráðanlegum, tímafrekum og endurteknum verslunarferðum eða kaupum. Þessi áráttukenndu kaup hafa slæmar afleiðingar eins og fjárhagslega- og félagslega erfiðleika og sumir telja að þau séu viðbrögð við depurð, öðrum erfiðum tilfinningum eða atburðum. Undanfari áráttukenndra kaupa er yfirleitt síaukin spenna og í kjölfar kaupanna finnur viðkomandi fyrir tímabundinni vellíðan en síðan skömm og sektarkennd. Þeir sem þjást af áráttukenndum kaupum greina frá því að kaup þeirra einkennist af því að hvötin til að kaupa sé óviðráðanleg, kaupin séu endurtekin og vörurnar ónauðsynlegar. Hugsanir um kaup ryðji sér leið inn í hugann og allar tilraunir til að stjórna kaupum og eyðslu mistakist. Þá greinir fólk einnig frá löngum og tíðum verslunarferðum eða það reyni að forðast verslunarferðir og staði þar sem hægt er að versla. Þessar tilraunir mistakast þó einnig og á endanum missir fólk algjörlega stjórn á kaupum sínum. Einnig eru afleiðingar kaupanna almennt slæmar, eins og áhyggjur og kvíði, árekstrar við maka, kreditkorta- og yfirdráttarskuldir og aðrir fjárhagslegir erfiðleikar.

Áráttukennd kaup hafa ekki enn fengið eigin greiningarviðmið í greiningarviðmiðum amerísku geðlæknasamtakanna, APA, og eru flokkuð í sama flokk og aðrar hvatvísiraskanir sem ekki eru öðruvísi tilgreindar eins og til dæmis húðplokk og er þá kallað áráttukennd kaupröskun. Þó er viðurkennt að um alvarlegt vandamál sé um að ræða og talið er að frá 2% til allt að 8% Bandaríkjamanna eigi í vandræðum vegna áráttukenndra kaupa. Þeir sem greinast með áráttukennda kaupröskun hafa einnig oft greinst með þunglyndi, kvíðaraskanir, átraskanir og áfengis- eða eiturlyfjafíkn á sama tíma eða einhvern tíma á ævinni.

Áráttukennd kaup byrja yfirleitt að gera vart við sig á aldrinum18 ára til 30 ára og verða oftast að meiriháttar vandamáli á tímabilinu 31 ára til 39 ára. Flestir sem glíma við áráttukennd kaup eru konur á fertugsaldri með lág til meðalhá laun og töluverðar skuldir. Vörurnar sem oftast eru keyptar eru tískuvörur eins og föt, skór, skartgripir og snyrtivörur og margt af því er aldrei eða sjaldan notað.

Tengsl áráttukenndrar kaupröskunar við alvarlegt þunglyndi eru sterk en sambandið er flókið. Það er mögulegt að þunglyndi orsakist af félagslegum-, fjár-



hagslegum- og persónulegum vandamálum sem fylgja áráttukenndum kaupum. Hitt er líka mögulegt að áráttukennd kaup þjóni þeim tilgangi að draga úr þunglyndi og öðrum erfiðum tilfinningum með þeirri tímabundnu sælu sem fylgja kaupunum. Þriðja skýringin er sú að þunglyndi leiði til bágrar sjálfsmyndar og neikvæðs hugsunarháttar sem orsaki svo áráttukennd kaup sem leið til að bæta sjálfsmynd og auka ánægju.

Það er margt á huldu um uppruna áráttukenndrar kaupröskunar en margt bendir til að skyldleikar séu með þessari röskun og þráhyggju- og áráttuRöskun. Sumir telja líka að áráttukennd kaupröskun tengist sterklega efnishyggju, það er að segja þeirri tilhneigingu að leggja mikið upp úr efnislegum hlutum eins og fötum og skartgripum. Þeir sem aðhyllast efnishyggju muni þá hneigjast til að kaupa sér hluti þegar þeim líður illa sem tilraun til að auka ánægju, draga úr vanlíðan og til lífsfyllingar.

Þegar kemur að meðferð við áráttukenndri kaupröskun eru fáar rannsóknir til sem skera úr um það hvers konar meðferð er gagnleg en þó hafa lyfjameðferð og hugræn atferlismeðferð reynst hjálplegar og gefa von um að hægt sé að hjálpa fólki með áráttukennda kaupröskun.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Andrés segir skammdegisþunglyndi lýsa sér í því að fólk eigi erfiðara með að vakna, verði framtakslausara, verr fyrir kallað og hafi meiri sælgætisþörf, einkum á kvöldin. Sama fólk neyti jafnvel ekki sætinda á sumrin. Þeir sem eru næmastir fyrir ljósleysinu geta orðið þunglyndir.

# Útivera besta ráðið

***Andrés Magnússon geðlæknir telur upp nokkur heilræði gegn skammdegisþunglyndi.***

„Útivera er besta ráðið við skammdegisþunglyndi,“ segir Andrés. „Gott er að vera eins mikið úti við þann stutta tíma sem bjart er á veturna. Tilvalið er að fara í göngutúr eða á skíði þegar vel viðrar. Gæta þess að dregið sé frá gluggum og hafa skrifborðið í vinnunni undir glugga ef aðstæður leyfa.“

Andrés segir að þar sem dagsbirtan vari stutt komi dagsbirtuljós einnig að góðum notum. „Þau fást víða, til dæmis í raftækjaverslunum. Þau gefa frá sér mikla birtu og má stilla þannig að þau sé hægt að hafa nálægt sér, til að mynda á skrifborðinu. Best er að hafa kveikt á þeim í tæpan klukkutíma á dag meðan skammdegið varir.“

Andrés bendir á að einnig séu til lampar sem framkalli svokallaða gervisólarupprás og -sólarlag. „Lamparnir eru stilltir svo að ljós



Skammdegið getur haft þau áhrif að fólk er þreyttara en ella, og á jafnvel erfitt með að komast fram úr á morgnana. Stór hluti fólks upplifir svokallað skammdegisþunglyndi.

kvikni á ákveðnum tíma og styrkurinn eykst smám saman þar til maður vaknar. Birtan frá lömpunum er samt ekki eins kröftug og frá ljósunum og hefur því ekki eins mikil áhrif.“

Loks biður Andrés menn að rugla dagsbirtuljósum ekki saman við ljósabekki, sem hafa að hans sögn ólík áhrif. Ljósabekkir sendi frá sér útfjólublá ljós, sem óhollt sé að stara í og geti skemmt sjónina. *roald@frettabladid.is*


## Þar sem meistararnir verða til

BOX



BOX

**7. Íslandsmeistaratitlar og 5. silfur á síðasta Íslandsmeistaramóti**

**Nýtt tímabil að hefjast !**

**Villtu koma þér í gott form, breyta til eða keppa?
Við hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur bjóðum upp á allt þetta fyrir börn og fullorðna, byrjendur og lengra komna.**

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar
www.hnefaleikar.com - sími: 426-9464





## Við veitum faglega ráðgjöf

Í Jurtaapótekinu starfa tveir menntaðir grasalæknar, Kolbrún Björnsdóttir og Ásdís Ragna Einarsdóttir.

JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

**Notaðir** bílar eru í misgóðu ástandi. Reyndu að fá ráðleggingar hjá bifreiðaverkstæði áður en þú kaupir notaðan bíl og enn betra er ef þú getur fengið bifvélavirkja til að skoða hann.






BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




Inger Birta kveðst hvetja allar stelpur sem hafa áhuga á bílum að drífa sig í bifvélavirkjanám og láta ekki fordóma hafa áhrif á sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Betra að hafa smáar hendur en stórar

***Það heyrir til undantekninga að stúlkur leggi fyrir sig bifvélavirkjun. Inger Birta S. Pétursdóttir lætur það ekki á sig fá. Hún starfar á verkstæði B&L á Krókhálsi.***

„Áhugi á bílum hefur blundað í mér ansi lengi. Pabbi minn, Pétur Ágústsson, var bílakarl og ég var oft hjá honum úti í skúr þegar ég var lítil. Hann var líka duglegur að taka mig með sér á torfærukeppnir,“ segir Inger spurð um kveikjuna að því að hún fór að fást við bifvélavirkjun. Hún er langt komin með fagnámið sem fer fram í Borgarholtsskóla. „Þetta er fjögurra ára nám með eins árs vinnu á verkstæði. Ég er að ljúka verkstæðisþættinum og á eina önn eftir í skólanum,“ lýsir Inger og heldur áfram. „Ég lærði auðvitað ýmis grunnatriði í skólanum en hér á verkstæðinu opnaðist þetta allt fyrir mér og ég gat sett hlutina í samhengi.“ Hún segir bæði starfsmannastjórann og verkstæðisstjórann hjá B&L hafa verið því fylgjandi að fá konu á verkstæðið og hún hafi verið sú fyrsta sem var ráðin. Aðspurð segir hún þá báða karlkyns en hins vegar sé forstjóri fyrirtækisins kjarnakonan Erna Gísladóttir.

Inger telur bifvélavirkjun vera að breytast þannig að hún henti betur konum en áður. „Það eru komnar svo margar græjur sem létta störfin og það er minna um að menn þurfi að rembast eitthvað. Eiginlega er langmest um rafmagnsbilanir í bílum og tölvutæknin er mikið notuð við lagfæringarnar.“

Hún viðurkennir að stundum lendi hún í þungum hlutum en þá séu strákarnir boðnir og búnir að aðstoða hana. „Herramennirnir koma líklega upp í strákunum eða þeir halda að ég missi allt út úr höndunum. En ég er svo þrjósk að ég vil gera hlutina sjálf og hlífi mér ekkert við að taka á,“ segir hún.

Í framhaldinu berst talið að handstærð. „Það er að mörgu leyti betra að hafa smáar hendur en stórar í svona starfi. Ég er að vinna við Hyundai-inn en strákarnir í Renault-deildinni fá mig stundum til sín því í Renault-inum er allt mjög þröngt og erfitt að komast að. Þeim finnst fyndið hvernig ég get troðið mér undir mælaborðið og unnið þar,“ segir Inger hlæjandi.

Spurð hvort hún hafi aldrei slasað sig á öllu þessu járni sem hún er að handfjatla svarar hún kankvís. „Ég hef stundum meitt mig fyrir klaufaskap en aldrei neitt alvarlega.“ Kveðst líka alltaf hafa verið drullug upp fyrir haus til að byrja með. „Eitt af því sem lærist með tímanum er að halda sér hreinni, meðal annars með því að nota hlífðarföt og hanska. Strákarnir eru sumir þannig að þeir gætu verið í jakkafötum við viðgerðirnar en ég er ekki komin á það stig að geta mætt í sparikjólnum. Reyni nú samt að nota hanska bæði til að hlífa húðinni og til að sleppa við sorgarrendurnar.“

*gun@frettabladid.is*


allt matur
Alla föstudaga


# Metár hjá Toyota

***10.000 Toyota bílar seldir á árinu 2006.***

Árið 2006 reyndist vera metár í bílasölu hjá Toyota á Íslandi. Alls voru 5.285 nýir Toyota bílar og 159 Lexus bílar afhentir hér á landi á árinu sem leið. Sala Toyota – betri notaðra bíla var rúmlega 4.600 bílar og því fór heildarsala ársins yfir 10.000 bíla. Þessar sölutölur eru þær mestu í sögu Toyota á Íslandi og sömuleiðis algjört einsdæmi hér á landi. Þessi árangur er athyglisverður í ljósi þess að nýskráning bifreiða dróst töluvert saman á milli ára. *- vör*



Árið var afar gott hjá Toyota.





Bílasala dróst saman um 10 prósent á árinu 2006.

# Samdráttur í bílasölu

***Útlit er fyrir að samdráttur í nýskráningum bifreiða verði um 10 prósent á milli ára.***

Þrátt fyrir vöxt í nýskráningu á fyrsta fjórðungi ársins 2006 lítur út fyrir að samdráttur í innflutningi bíla verði um 10 prósent á milli ára. Árið 2005 voru alls tuttugusex þúsund bílar nýskráðir hér á landi, samanborið við tuttuguogþrjú þúsund nýskráningar á árinu sem leið. Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 2002 sem samdráttur er í nýskráningu bifreiða. Þrátt fyrir þennan samdrátt var bílasalan á árinu afar góð því salan var sú næstmesta frá upphafi eftir metárið 2005. *- vör*


Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Lotus Esprit er einn þekktasti sportbíll allra tíma. Ekki einungis vegna útlits og aksturseiginleika heldur einnig vegna köfunarhæfninnar sem sjá mátti í Bond-myndinni The Spy Who Loved Me.

# Fyrstir með vængi í F1

***Bílafyrirtækið Lotus var stofnað árið 1952. Fyrsta verksmiðja fyrirtækisins var í gömlu hesthúsi í Hornsey í Bretlandi.***



Lotus Elise er gríðarlega léttur, en sumar týpur vega einungis um 700 kíló. Þessum léttleika er náð með notkun á áli og koltrefjum í grind og yfirbyggingu.

Stofnandi Lotus var Anthony Colin Bruce Chapman, en upphafsstafi hans má enn sjá í merki fyrirtækisins. Velgengni Lotus byrjaði snemma og árið 1958 hófu bílar frá Lotus að keppa í Formúlu 1 keppninni. Á 36 ára ferli Lotus í keppninni vannst heimsmeistaratitill sjö sinnum. Lotus var fyrst til að smíða bíl með vél í miðjunni, og einnig fyrst til að smíða bíl með vindskeið og vængi sem bættu aksturseiginleikana mikið.

Þrátt fyrir velgengni sína í Formúlu 1 og öðrum keppnum er Lotus mun þekktara í dag fyrir götubíla sína. Allt frá byrjun hvatti fyrirtækið viðskiptavini sína til að keppa á bílunum, enda sérhæfði það sig í gerð léttra og kraftmikilla sportbíla. Þekktastur þeirra er án efa Lotus Esprit en þegar hönnun hans leit dagsins ljós árið 1976 þótti hún vægast sagt framúrstefnuleg.

Bíllinn varð fljótlega vinsæll og gerði Lotus að einu stærsta nafninu á ofurbílasenunni. Ekki skemmdi að Esprit var Bond-bíll Rogers Moore í The spy who loved me árið 1977. Tíundi áratugurinn var einnig notadrjúgur og aftur greip Hollywood tækifærið og setti Ritchard Gere undir stýri á Esprit í Pretty Woman. Framleiðslu Lotus Esprit var loks hætt árið 2004. Þetta markar þó ekki endalok Esprit því nú er verið að endurhanna hann og er áætlað að hefja framleiðslu á nýrri gerð á næsta ári.

Lotus er í eigu malasíska fyrirtækisins Proton. Volkswagen keypti hins vegar nýverið meirihluta í Proton.

Þær týpur sem nú eru framleiddar af Lotus eru Elise, Exige, Exige S, og Europa S. Flestir þessara bíla eru ekki mjög kraftmiklir, fæstir ná 200 hestöflum óbreyttir. Þeir eru hins vegar mjög liprir og hraðskreiðir vegna þess hversu léttir þeir eru og skilar það sér í gríðarlega hagkvæmu hlutfalli á krafti og þyngd. Þetta hefur alltaf verið aðalsmerki Lotus, hraði og frábærir aksturseiginleikar fyrir tilstuðlan léttleika og hátækni, í bland við framúrskarandi hönnun.

*tryggvi@frettabladid.is*




Lotus 33 var Formúlu 1 bíll Lotus tímabilið 1964-65. Jim Clark ók honum til sigurs þetta árið. Hann lést síðar í kappakstursslysi árið 1968 í bíl frá Lotus.





**www.rettritun.is** er sniðugur fjarnámsvefur sem fólk getur notað til að bæta kunnáttu sína í stafsetningu. Á vefnum má finna ýmsar ritreglur, æfingar og annað ítarefni.


**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.

"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, ævilabyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

3 VIKNA HRAÐNÁMSKEIÐ HEFST 4. JANÚAR (18-21)
2 VIKNA NÁMSTÆKNINÁMSKEIÐ HEFST 20. JANÚAR (10-13)

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.





**Enskuskóli Erlu Ara** s. 8917576, erlaara@simnet.is
**Vinsælu enskunámskeiðin í Hafnarfirði að hefjast**

- Áhersla á tal
- Tíu getustig
- Afslappað og líflegt andrúmsloft
- Styrkt af starfsmenntasjóðum

Sumarið 2007 verða námsferðir til Englands fyrir 13-15 ára, 10-12 ára, fullorðna og enska og golf fyrir konur. Skráning hafin. Sjá nánar um starfsemi skólans á **www.enskafyriralla.is**







# Rannsakar hulduefni og ber saman stjörnuþokur

***Árdís Elíasdóttir stundar doktorsnám í stjarneðlisfræði í Dark Cosmology Center við Niels Bohr-stofnunina í Kaupmannahöfn.***



Árdís Elíasdóttir stundar nám í stjarneðlisfræði í Kaupmannahöfn en þar rannsakar hún fjarlægar stjörnuþokur.

„Ég er að læra um linsuhrif, þegar ljós sveigist vegna mikils massa á leið þess, og er lýst með afstæðiskenningu Einsteins,“ segir Árdís. Hún hefur þegar lokið tveimur árum af þremur í doktorsnáminu, en áður hafði hún stundað nám í stærðfræði og eðlisfræði við Háskóla Íslands og í stjörnufræði í Bandaríkjunum.

„Það er mjög ljúft að vera hér í Kaupmannahöfn og alveg æðislega skemmtilegt,“ segir Árdís. Hún er einnig mjög ánægð með aðstöðuna hjá Dark Cosmology Center, sem var nýlega stofnað fyrir styrk frá dönskum stjórnvöldum.

„Við erum um þrjátíu sem vinnum saman, ég vinn að mínu eigin verkefni en fæ hjálp og get rætt málin við hina,“ segir Árdís. „Þetta er mjög góður hópur sem vinnur að grunnrannsóknum, það kemur ekkert hagnýtt út úr þeim heldur bara vitneskja og þekking.“

Árdís hefur verið að rannsaka hulduefni og bera saman fjarlægar stjörnuþokur. „Þetta er mjög erfitt að rannsaka því þær eru svo langt í burtu,“ segir hún. Aðrir samstarfsmenn hennar hafa rannsakað hulduorku, en komið hefur í ljós að stór hluti heimsins er samsettur úr efnum og orku sem við sjáum ekki beint.

Árdís segir námið að mestu leyti snúa að rannsóknum, og hún hefur þegar fengið birta eina vísindagrein byggða á rannsóknunum. Hún hefur þó einnig kennsluskyldu og aðstoðar við kennslu námskeiðs fyrir nemendur í grunnnámi. Í framtíðinni langar hana að starfa áfram við akademíu. „Ég ætla að reyna að sækja um stöður í háskólum eftir að námi mínu hér lýkur,“ segir Árdís að lokum.



Hreyfing er börnunum mikilvæg.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Klifrað, hoppað og hangið

HEILSUAKADEMÍAN EFNIR TIL Í NÁMSKEIÐA Í LÆKJARSKÓLA Í HAFNARFIRÐI NÚ Í BYRJUN ÁRS.

Tarzan-námskeið fyrir börn á aldrinum 3-5 ára, sjálfsvarnarnámskeið fyrir unglinga og Fit-Pilates fyrir allan aldur eru meðal þess sem Heilsuakademían býður upp á í hinum nýja Lækjarskóla í Hafnarfirði. Á Tarzan-námskeiðunum geta krakkar klifrað, hoppað, hangið og farið í hina ýmsu leiki undir leiðsögn menntaðra þjálfara með mikla reynslu. Þetta er íþróttaskóli fyrir litla krakka sem stefnt er á að hafa einu sinni í viku að sögn Írisar Guðmundsdóttur í Heilsuakademíunni er segir slík námskeið hafa verið haldin í Egilshöll fyrir 5-12 ára. Hún minnist líka á námskeið í bardagalist og sjálfsvörn sem boðið verður uppá í Lækjaskóla og einnig Fit-Pilates sem er æfingakerfi er þjálfar djúpvöðva, eflir styrk og jafnvægi og mótar línur líkamans.

# Töltið tekið í gegn

***Mörg námskeið sem lúta að hestamennsku verða á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri nú í ársbyrjun.***

Leiðrétting hestsins er heiti eins af hestamennskunámskeiðunum og hefst það 19. og 20. janúar. Ábyrgðarmaður þess er Reynir Aðalsteinsson tamningameistari. Það er ætlað fyrir hinn almenna hestamann sem vill bæta reiðmennsku sína og reiðhestinn að því er fram kemur á heimasíðu skólans. Námskeiðið er haldið á þremur helgum og er möguleiki á því að taka allar helgarnar eða færri. Kenndar verða undirbúningsæfingar við hendi og frekari útfærsla í reið.

Helstu verkefni eru að rétta hestinn á taum, móta höfuðburð, gera hest samspora, stilla jafnvægi og síðast en ekki síst að bæta töltið. Námskeiðið fer fram á Mið-Fossum í Borgarfirði þar sem fullkomin aðstaða er til allra þátta hestamennskunnar. Umsóknarfrestur er til 14. janúar.



Lengi má gott bæta í sambandi við hestamennskuna.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 3. janúar 2007 – 1. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir




**Kauphöllin skiptir um nafn**

Fyrsta skrefið í samþættingarátt

4



**Erlendur viðskiptaannáll 2006**

Samrunar og yfirtökur einkenndu árið

6



**Friðrik Jóhannsson**

Spennandi ár fram undan

10



**NÝR STJÓRI** Anders Holmgren, nýr yfirmaður Glitnis í Svíþjóð, segir styrk felast í að starfa undir merkjum Glitnis.

## Glitnir í stað Fischer Partners

Nafni bankans Fischer Partners í Svíþjóð hefur verið breytt í nafnið Glitnir. Nýtt vörumerki og yfirbragð var tekið í notkun frá og með fyrsta viðskiptadegi nýja ársins.

Bankinn segir að Glitnir hafi á níu mánuðum orðið vel þekkt vörumerki á norrænu markaðssvæði sem og á heimsvísu. Stefnan er að nota vörumerki Glitnis til að auðkenna öll dótturfélög og skrifstofur. Á föstudaginn næsta breytist svo auðkenni Fischer Partners sem nú heitir Glitnir í kauphöllum og verður eftirleiðis GLI. Í Kauphöll Íslands verður auðkenni Glitnis samt áfram GLB.

Glitnir er með starfsemi í Osló, Álasundi og Þrándheimi í Noregi, í Stokkhólmi í Svíþjóð, Kaupmannahöfn í Danmörku, Lundúnum í Bretlandi, Halifax í Kanada, Sjanghaí í Kína og í Lúxemborg, auk starfsemi hér á landi. - óká

## Lítill afli

Heildarafli íslenska fiskiskipaflotans nam 1,3 milljónum lesta á síðasta ári en hann hefur ekki verið minni síðan árið 1991 þegar hann var rétt rúm milljón lestir, samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu.

Botnfiskaflinn jókst um 9.000 lestir frá síðasta ári en uppsjávartegundir minnkuðu samtals um 345.000 lestir.

Þá nam rækjuaflinn í fyrra einungis 3.000 lestum og hefur hann ekki verið minni í tæp 40 ár. Þá nam humaraflinn 2 þúsundum lesta og er hann óbreyttur síðastliðin þrjú ár. Engar hörpudiskveiðar voru á árinu, að sögn Fiskistofu. - jab

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Varaði við** | Seðlabanki Íslands varaði Straum-Burðarás við því að nýta sér heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikning sinn í evrum.

**Viðskiptahallinn eykst** | Vöruskiptahallinn jókst til muna á fyrstu ellefu mánuðum ársins miðað við árið í fyrra. Vöruskiptin voru neikvæð um 13,5 milljarða króna í nóvember.

**Úr landi** | FL Group, stærsti hluthafinn í Glitni, hefur fært stærstan hluta af eign sinni í bankanum til tveggja dótturfélaga í Hollandi.

**Selja Sterling** | FL Group hefur selt allan hlut sinn í Sterling til Northern Travel Holding, nýs félags í ferðaþjónustu, fyrir tuttugu milljarða króna.



**Nýr risi** | Sterling, Iceland Express, Astraeus og Ticket renna inn í Northern Travel Holding sem FL Group, Sund og Fons hafa stofnað.

**Renna saman** | Um áramótin urðu að fullu frágengin kaup Hjálms ehf. á meirihluta í útgáfufélaginu Birtíngi sem gefur út fjölda tímarita.

**Nýr sæstrengur** | Undirbúningur að lagningu nýs sæstrengs hefst á næstu dögum og er áætlað að hann verði tekinn í notkun seint á árinu 2008. Stofnkostnaður verður á bilinu þrír til fjórir milljarðar.

**Verða Stafir** | Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn hafa sameinast undir nafninu Stafir lífeyrissjóður. Við það aukast aldurstengd lífeyrisréttindi sjóðsfélaga um 16 til 20 prósent.

**Samkeppni hafin** | Tíðnisviðum þriðju kynslóðar farsímakerfa verður úthlutað í vor. Að minnsta kosti þrír stefna á uppbygginguþriðju kynslóðar nets.

# Hlutabréfavelta ellefufaldast frá árinu 2000

### Yfir 80 prósenta veltuaukning var á hlutabréfum á milli áranna 2005 og 2006. Úrvalsvísitalan hefur stigið upp um 460 prósent frá ársbyrjun 2002.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Velta á hlutabréfamarkaði nam 2.192 milljörðum króna á árinu sem var að enda. Þetta var algjört metár í sögu innlends hlutabréfamarkaðar. Veltan hefur ellefufaldast frá aldamótaárinu þegar hún nam tæpum tvö hundruð milljörðum króna og var 82 prósentum meiri en árið 2005. Mestur þunginn lá í viðskiptum með bréf í bönkum og fjármálatengdum fyrirtækjum, eða alls fyrir 1.580 milljarða króna.

Velta í hlutabréfum í desember var um 357 milljarðar króna sem er metmánuður í sögu Kauphallarinnar. Áður höfðu mest viðskipti átt sér stað í janúar 2006 eða 334 milljarðar króna.

Úrvalsvísitalan hækkaði fimmta árið í röð, eða um 15,8 prósent, sem er svipuð hækkun og árið 2002. Var lokagildi hennar 6.410 stig í árslok en fór hæst í tæp sjö þúsund stig á mjög sveiflukenndu ári. Árið 2006 hófst með miklum látum sem komu í framhaldi af miklum hækkunum í árslok 2005. Eftir að Fitch breytti horfum á íslenska hagkerfinu úr stöðugum í neikvæðar tóku hlutabréf og krónan að falla og hélst sú lækkun fram á sumar. Hlutabréfamarkaðurinn tók svo að rétta úr kútnum í ágúst og hækkaði hratt á þriðja ársfjórðungi.

Hækkun Úrvalsvísitölunnar á síðasta ári er þó ekkert í líkingu við hækkunarárin 2003-2005 þegar Úrvalsvísitalan rauk upp um meira en 56 prósent á hverju ári, þar af um rúm 64 prósent metárið 2005. Frá ársbyrjun 2002 hefur Úrvalsvísitalan því hækkað um 460 prósent.

Í fyrsta skipti á síðustu árum hækkaði ekkert félag um eitt hundrað prósent innan ársins. TM hækkaði mest allra félaga á nýliðnu ári, eða um 39,6 prósent. HB Grandi, Glitnir og FL Group sýndu einnig yfir þrjátíu prósenta ávöxtun. Til samanburðar tvöfaldaðist gengi þriggja Kauphallarfélaga á árinu 2005 en þetta voru Landsbankinn, Bakkavör og FL Group. Árið 2002 hækkuðu mest bréf í Flugleiðum um 174 prósent og Pharmaco var hástökkvarinn árið 2003 með 182 prósenta ávöxtun. Atorka var svo sigurvegarinn árið 2004 með yfir 238 prósenta ávöxtun.

Flaga Group var það fyrirtæki sem lækkaði mest á síðasta ári, eða um 43,2 prósent.

**HLUTABRÉFAVELTA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS**
**Í MILLJÖRÐUM KRÓNA**




# Kaupþing má reka banka í Færeyjum

### Bankinn sér fram á að tvöfölda fjölda starfsmanna sinna í Þórshöfn.

Kaupþing í Færeyjum sér fram á að tvöfalda hjá sér starfsmannafjölda með auknum umsvifum. Færeyska útvarpið greindi frá því að bankinn hafi fengið leyfi til að reka þar bankastarfsemi, en hingað til hefur Kaupþing rekið þar verðbréfamiðlun.

Bankinn ætlar að þjóna atvinnulífinu en með lánum sem móðurfélagið hefur þegar veitt færeyskum fyrirtækjum nemur markaðshlutdeild hans þegar 20 til 25 prósentum. Peter Holm, forstjóri Kaupþings í Færeyjum, svaraði því til þegar færeyska útvarpið spurði hann hvernig náðst hefði jafnstór hlutdeild af markaðnum, að bankinn hafi lagt sig eftir því að ná til stærri viðskiptavina.




**AUGLÝSING KAUPÞINGS Í FÆREYJUM** Kaupþing hefur lengi stundað verðbréfamiðlun í Færeyjum, en með nýfengnu bankaleyfi verður öll starfsemin sameinuð í höfuðstöðvum bankans við Bókbindaragötu í Þórshöfn.

Samningur milli Íslands og Færeyja sem gengið var frá í vetur greiðir leið margvíslegum viðskiptum og fólksflutningum milli landanna og því geta íslenskir bankar hafið starfsemi í Færeyjum og öfugt, ef því er að skipta. Líklegt er að fyrirætlanir Kaupþings, sem er meðal 100 stærstu banka í Evrópu og mun stærri en færeysku bankarnir, valdi nokkrum titringi á bankamarkaði þar og fyrirsjáanleg er hörð samkeppni. - óká




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | -3% | -20% |
| Actavis | -2% | 29% |
| Alfesca | -1% | 24% |
| Atlantic Petroleum | 1% | 27% |
| Atorka Group | 2% | 6% |
| Bakkavör | 1% | 23% |
| FL Group | 5% | 34% |
| Glitnir | 0% | 35% |
| Hf. Eimskipafélagið | 6% | -28% |
| Kaupþing | 0% | 13% |
| Landsbankinn | -2% | 5% |
| Marel | -1% | 18% |
| Mosaic Fashions | -6% | -19% |
| Straumur | -1% | 9% |
| Össur | -1% | -1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Skerpt á áherslum viðskiptasendinefnda

Útflutningsráð Íslands ætlar á nýju ári að leggja aukna áherslu á að auka gæði viðskiptafunda sem skipulagðir eru fyrir fyrirtæki. Í fréttatilkynningu kemur fram að fundirnir verði færri, markvissari og betur undirbúnir. Jafnframt verði lögð áhersla á að koma á tengslum milli íslensku og erlendu fyrirtækjanna áður en farið er í ferðina sjálfa.

Á árinu verða farnar tvær fræðsluferðir, til Kasakstan og Brasilíu, og verður þá sérstök áhersla lögð á kynningar og heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir frekar en viðskiptafundi. Þá verður frekar horft til einstakra atvinnugreina en verið hefur. Til dæmis verður sérstök ferð til Norður-Englands eingöngu fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á árinu auk þess sem unnið verður með ákveðna geira á öðrum mörkuðum.

Fyrsta viðskiptasendinefnd ársins fer til Suður-Afríku í febrúar. Önnur lönd sem heimsótt verða á árinu eru Rúmenía, N-England, Þýskaland, Kasakstan, Brasilía, Bandaríkin, Indland, Ungverjaland og Kína. - hhs



**FRÁ JÓHANNESARBORG** Fyrsta viðskiptasendinefnd ársins fer til Suður-Afríku.

# Sviptingar á krónunni

Miklar sveiflur urðu á gengi krónunnar á síðasta ári. Krónan veiktist um átján prósent á árinu eftir styrkingu árið 2005.

Lækkunarhrina hennar hófst seinni partinn í febrúar og var gengisvísitalan hæst um mitt ár. Þá tók hún að styrkjast nokkuð hressilega, en lækkaði svo flugið aftur á 4. ársfjórðungi. Gengisvísitalan stóð í 127,9 stigum í árslok. Gjaldmiðlar þróuðust einnig með ólíkum hætti gagnvart krónu. Bandaríkjadalur og jen styrktust mun minna gagnvart krónu en evra, sterlingspund og sænska krónan. - eþa

# Hreyfingar á stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík

## Fiskmarkaður Suðurnesja eignast 5% í SpKef.

Töluverð viðskipti voru með stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík fyrir áramót og má ætla að gengi stofnfjárbréfa hafi hækkað um þriðjung í desember. Markaðsvirði sparisjóðsins er komið yfir ellefu milljarða króna.

Meðal stórra kaupenda var Fiskmarkaður Suðurnesja sem keypti fimm prósenta hlut í SpKef af Hitaveitu Suðurnesja fyrir tæpan hálfan milljarð króna. Meðal stjórnenda FMS er Þorsteinn Erlingsson, varaformaður stjórnar SpKef.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að SPV hefði eignast fimm prósenta hlut í sparisjóðnum af lífeyrissjóðnum Festu.

Þá seldi Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur 1,45 prósenta hlut til félags í eigu stjórnenda ÍAV. Gengið í viðskiptunum mun hafa verið 8,7 en til samanburðar keypti SPV á 8,2.

Vel tókst til í stofnfjárútboði sparisjóðsins sem lauk fyrir áramót en allir stofnfjáreigendur nýttu sér forkaupsrétt sinn og keyptu nýtt stofnfé fyrir rúmar 900 milljónir króna. Reikna má með lækkun á gengi stofnfjárbréfanna í kjölfarið, enda var útboðsgengið einn miðað við uppreiknað nafnverð stofnfjár. - eþa



**FRÁ REYKJANESBÆ** Fiskmarkaður Suðurnesja hefur eignast fimm prósent stofnfjár í SpKef af Hitaveitu Suðurnesja.

# SPK í nýjar höfuðstöðvar

Sparisjóður Kópavogs hefur fest kaup á stóru húsnæði sem er í byggingu við Digranesveg 1 og ætlar að flytja höfuðstöðvar sínar úr Hlíðasmáranum á þessu ári. „Hugsunin er sú að koma sparisjóðnum í framtíðarhúsnæði á toppstað í Kópavoginum,“ segir Carl H. Erlingsson, sparisjóðsstjóri SPK.

Tölvumiðstöð sparisjóðanna hefur keypt húsnæði SPK í Hlíðasmáranum en ætlunin er að reka þar áfram bankaafgreiðslu. Sparisjóðurinn rekur einnig stórt útibú við Digranesveg sem verður aö öllum líkindum selt. - eþa



**CARL H. ERLINGSSON** SPK flytur höfuðstöðvarnar í Hamraborg úr Hlíðasmára á næsta ári.



**ÁRNI M. MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Árni kynnti fjárlagafrumvarpið fyrir 2007 á fundi á Selfossi í byrjun október. Fjármálastjórn ríkisins var sögð ein af helstu ástæðum þess að Standard & Poor's lækkaði nýverið lánshæfismat ríkisins. MARKAÐURINN/PJETUR

# Breytt lánshæfi ríkis getur haft áhrif á áhættu banka

## Samkvæmt Basel II reglunum hafa kröfur á ríki og seðlabanka haft ákveðið vægi í reglum um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja. Reglurnar tóku gildi núna um áramót.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Verði stórfelldar breytingar á lánshæfi ríkisins hjá lánshæfismatsfyrirtækjum getur það haft áhrif á eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt drögum að reglum sem byggja á Basel II grunni og Fjármálaeftirlitið sendi fjármálafyrirtækjum til umsagnar í nóvember, hefur lækkun Standard & Poor's á lánshæfi ríkisins 22. desember ekki áhrif á áhættu í útlánum bankanna. Detti hins vegar einkunn ríkisins hjá S&P niður í A+ til A- eru vörpunaráhrif í þrep útlánagæða bankanna sögð vera 20 prósent. Þannig myndu 20 prósent af einhverri fjárhæð sem fjármálafyrirtæki ætti sem kröfu á ríkið færast inn í þann grunn sem eiginfjárkrafa fyrirtækisins er reiknuð út frá.

„Í nýju reglunum er það þannig að kröfur á ríki og Seðlabanka hafa ákveðið vægi í eiginfjárgrunni fyrirtækja. En það þyrfti að breytast ansi mikið lánshæfismatið til að það hefði einhver áhrif,“ segir Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur Fjármálaeftirlitsins. Hún vísar til þess að í reglum fjármálaeftirlitsins sé vörpun á lánshæfismati stóru lánshæfismatsfyrirtækjanna þriggja, Fitch, Moody's og Standard & Poor's yfir í tilmæli um eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækja. „Þar er nokkuð breytt bil, þannig gefur sama vægi einkunn frá AAA til AA- hjá Standard & Poor's. Breytingin núna síðast hefur engin áhrif á þá áhættuvog sem kröfur á ríkissjóð hafa. Ríki hafa mjög gjarnan núll í áhættuvog, en kröfur á ríki, alla vega í hinum vestræna heimi, eru almennt ekki taldar hafa í för með sér neina áhættu.“

Guðrún segir að fari svo ólíklega að lánshæfismat ríkisins lækki svo verulega að það hafi einhver áhrif kalli það á nokkuð flókinn útreikning áður en hægt verður að meta áhrifin á kröfuna um eigið fé fjármálafyrirtækja. Þar geti munað nokkru á milli fyrirtækja eftir því hversu miklar kröfur fyrirtækin kunna að hafa á ríkið.


LÍTUR VEL ÚT
Santa Fe
BÍLL ÁRSINS 2007 BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga
Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið.
**Verð frá kr. 3.460.000**
Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur
Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.
HYUNDAI hefur gæðin
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is


★★★★
„Köld slóð er afbragðs sakamálasaga sem hægt er að mæla með"
JVJ topp5.is
„Ég mæli eindregið með þessari mynd. Hún er skemmtileg blanda af rómantík, drama, hasar og smá draugagangi"
hugi.is/kvikmyndir BM
„Köld slóð er mjög góð mynd"
sigurgeir.blogspot.com
„Stórleikur Þrastar Leós"
SV Morgunblaðinu
„Myndin var skemmtileg og plottið kom á óvart"
ASB Vísir.is
„Framvinda sögunnar er þétt og góð"
JVJ topp5.is
„Fléttan er snjöll"
BS Fréttablaðið
„Spennandi afþreying"
SV Morgunblaðinu
KÖLD SLÓÐ
„Góð og vönduð"
JVJ topp5.is
„Myndin var frábærlega vel leikin"
hugi.is/kvikmyndir BM
„Mæli hiklaust með myndinni"
ASB Vísir.is
„Leikurinn í heild er virkilega góður"
SV Morgunblaðinu
„Útlit myndarinnar er til fyrirmyndar"
BS Fréttablaðið
„Ekta íslensk spennumynd"
ASB Vísir.is
REYKJAVÍK FILMS, SAGAFILM & SENA KYNNA
SPENNUMYND EFTIR BJÖRN B. BJÖRNSSON
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR • HELGI BJÖRNSSON • ANÍTA BRIEM • HJALTI RÖGNVALDSSON • LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR
TÓMAS LEMARQUIS • HILMIR SNÆR GUÐNASON • HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR • MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR • STEFÁN JÓNSSON • LARS BRYGMANN
LEIKMYNDAHÖNNUN ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON • BÚNINGAR REBEKKA A INGIMUNDARDÓTTIR • TÓNLIST VEIGAR MARGEIRSSON • HLJÓÐVINNSLA GUNNAR ÁRNASON
KLIPPING SVERRIR KRISTJÁNSSON • KVIKMYNDATAKA VÍÐIR SIGURÐSSON • SAGA BJÖRN B BJÖRNSSON • HANDRIT KRISTINN ÞÓRÐARSON • LEIKSTJÓRI BJÖRN B BJÖRNSSON
FRAMLEIÐENDUR KRISTINN ÞÓRÐARSON & MAGNÚS VIÐAR SIGURÐSSON • MYNDIN ER STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS & NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM
© 2006 REYKJAVIK FILMS & SAGAFILM
sagafilm
REYKJAVIK FILMS
sena
FRÉTTABLAÐIÐ
NFTF Nordisk Film- & Tv Fond
MEDIA
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
Landsvirkjun
DOLBY DIGITAL IN SELECTED THEATRES

# Fyrsta skrefið í samþættingarátt

**Í dag verður fyrsta skrefið af þremur tekið í aðlögun Kauphallar Íslands að OMX-kauphallasamstæðunni þegar viðskipti hefjast á First North hliðarmarkaði OMX. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* ræddi við Þórð Friðjónsson, forstjóra Kauphallarinnar, um breytingarnar og tækifærin fram undan.**



KAUPHÖLLIN TEKUR UPP MERKI OMX Á föstudaginn tekur Kauphöll Íslands upp nafnið OMX Nordic Exchange á Íslandi. Um leið verður vefviðmóti kauphallarinnar breytt og hún tekur upp sameiginlegt merki OMX.

Í dag verður fyrsta skrefið stigið í áttina að samþættingu þjónustu Kauphallar Íslands og OMX-kauphallasamstæðunnar þegar viðskipti hefjast á First North hliðarmarkaðnum. Formlega tók OMX við rekstri Kauphallar Íslands í byrjun desember eftir að hafa keypt Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing, sem átti og rak Kauphöll Íslands. First North er ætlað að veita smáum fyrirtækjum í vexti greiðan aðgang að norrænum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Skilyrðin fyrir skráningu á markaðinn eru áþekk þeim sem voru á íslenska isec-markaðinn. Sú breyting verður þó á að viðurkenndur ráðgjafi verður nú fyrirtækjunum innan handar við skráningu og varðandi viðvarandi upplýsingaskyldu. Viðskipti á isec-markaðnum, sem settur var á fót um mitt síðasta ár, voru því sem næst engin og á hann einungis skráð tvö félög, Hampiðjan og Grandi. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, gerir sér vonir um að íslensk fyrirtæki muni aftur á móti sjá og nýta sér þá möguleika sem felast í skráningu á First North. „Mikill fjöldi fyrirtækja hefur verið að skrá sig á First North-markaðinn á undanförnum mánuðum. Það kæmi mér mjög á óvart ef íslensk fyrirtæki sæju ekki kostina sem felast í skráningu.“

**ÞRJÚ STÓR AÐLÖGUNARSKREF**

Þórður segir að aðlögunarferli íslensku kauphallarinnar að OMX verði með þremur stórum skrefum og öðrum minni inn á milli. Á föstudaginn verður seinni hluta fyrsta skrefs fullnægt þegar Kauphöll Íslands tekur upp nýtt opinbert heiti, OMX Nordic Exchange á Íslandi. Um leið verður vefviðmóti kauphallarinnar breytt og hún fær nýja ásýnd með sameiginlegu lógói OMX. Næsti stóri áfangi verður 2. apríl þegar íslensk félög verða skráð á samnorrænan lista og tekin inn í vísitölu OMX. Á þeim verður jafnframt tekin upp sameiginleg vefsíða OMX. Þriðja stóra skrefið verður svo stofnun afleiðumarkaðar 7. maí. Þegar þessi þrjú skref hafa verið stigin er þess vænst að Kauphöllin verði orðin samstiga kauphöllunum þremur í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Helsinki.

**ÍSLENSK FYRIRTÆKI RAÐAST VEL Á LISTANN**

Þegar fyrstu fregnir bárust af áhuga OMX-kauphallanna á Kauphöll Íslands, var í fréttum haft eftir Þórði að hann teldi slíkar viðræður ekki tímabærar fyrir Íslendinga. Þórður segir tvennt hafa komið til á árinu sem breytti skoðun hans á því. „Annars vegar hefur verið mikil samrunabylgja meðal kauphalla, til dæmis sameinuðust nýverið New York Stock Exchange og Euronext og allnokkrir smærri samrunar hafa einnig orðið í Evrópu. Í öðru lagi kom það í ljós við skoðun að fyrirtæki hér eru orðin það stór og öflug að flest þeirra raðast nokkuð vel á norræna listann sem settur var á fót í október. Við höfðum ákveðnar áhyggjur af þessu áður en reglur um þennan lista voru fullmótaðar, að litlu fyrirtækin hér á landi myndu eiga undir högg að sækja á þessum lista. Við nánari skoðun kom í ljós að okkar sess á listanum er mjög góður.“



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS** Þórður er sannfærður um að með samruna Kauphallar Íslands við OMX-kauphallasamstæðuna myndist mikil sóknarfæri, bæði fyrir íslensk fyrirtæki og fjárfesta.

Þórður bætir við að þróunin hjá kauphöllinni hafi verið afar hröð á síðustu misserum, skráðu fyrirtækin séu orðin það stór og veltan svo mikil að tímabært hafi verið að leita eftir tengingu við stærri kauphöll, til þess að geta veitt markaðnum betri þjónustu. OMX-samstæðan sé vel til þess fallin en sameinuð telst hún millistór og flokkast með kauphöllunum á Ítalíu, Spáni og Sviss hvað stærð varðar. „Þetta er einfaldlega þáttur í alþjóðavæðingu markaðarins hér heima og nauðsynlegt skref til að styðja við útrás og eflingu fyrirtækjanna.“

**TÆKIFÆRI FYRIR FJÁRFESTA OG FYRIRTÆKI**

Þórður er sannfærður um að með samrunanum myndist mikil sóknarfæri, bæði fyrir íslensk fyrirtæki og fjárfesta. „Íslensk fyrirtæki verða sýnilegri fyrir breiðari hóp fjárfesta sem ætti, ásamt víðtækari aðgangi að markaði, að skapa þeim mikil tækifæri.“

Þegar íslenska kauphöllin verður orðin fullgildur meðlimur samstæðunnar verður aðgangur allra fjárfesta að félögum í OMX jafn, íslenskra sem erlendra. Upplýsingum um öll fyrirtækin verður dreift með sama hætti og hægt að nálgast þær á sameiginlegri heimasíðu. Í þessu felst að íslenskir fjárfestar hafa greiðari aðgang að upplýsingum um fyrirtæki á öllum Norðurlöndunum. Jafnframt verður einfaldara að bera saman fyrirtæki og greinar þar sem öllum fyrirtækjum er raðað með sama hætti og eftir sama flokkunarkerfi. Það sama gildir um aðgang norræna fjárfesta að íslenska markaðnum og raunar allra alþjóðlegra fjárfesta þar sem svo miklu fleiri fylgjast með norræna markaðnum heldur en þeim íslenska. „Við erum þegar farin að finna fyrir því að erlendir fjárfestar sýna íslenska markaðnum mun meiri áhuga. Ég býst því við að allmargir nýir kauphallaraðilar bætist við á næstu misserum. Við erum þegar farin að vinna með nokkrum þeirra,“ segir Þórður og nefnir fjárfestingabankann JP Morgan, sem nýverið varð aðili að íslensku kauphöllinni, sem dæmi um aukinn áhuga á íslenska markaðnum.

**FORSTJÓRINN Í FRAMKVÆMDASTJÓRN**

Vinna starfsfólks Kauphallar Íslands frá degi til dags kemur til með að breytast töluvert á næstu misserum með auknum samskiptum við samstarfsfólk sitt erlendis. Þórður sjálfur er ekki undanskilinn þessum breytingum en hann hefur tekið sæti í sjö manna framkvæmdastjórn OMX, sem hefur með hendi stefnumótun fyrir allar kauphallirnar innan samstæðunnar. Auk þess mun hann bera tvo titla í stað eins og mun, auk forstjórastöðunnar, vera framkvæmdastjóri yfir íslenskum mörkuðum innan OMX. Því sviði tilheyra annars vegar kauphöllin sjálf og hins vegar Verðbréfaskráning Íslands. Þórður sér fram á spennandi og ögrandi tíma. „Íslenski markaðurinn hefur verið í gífurlegri sókn og veltan hefur átjánfaldast á síðustu fimm árum. Það er enn þá mikill hugur í íslenskum fyrirtækjum og við því að búast að þessi þróun haldi áfram. Það má því gera ráð fyrir spennandi ári.“

nýtt tákn fyrir viðskipti nýrra tíma



Landwell verður BBA//LEGAL

lögmannsstofa með starfsemi í Reykjavík og London

Viðskiptalíf á Íslandi nútímans er eins og landið sjálft - það kraumar af skapandi kröftum sem gefa aukin tækifæri.

Við hjá Landwell tökum áskorunum nýrra tíma undir nýju merki. Sjálfstæð og metnaðarfull stefna gefur okkur tækifæri til aukinnar þjónustu við viðskiptavini.

Við munum framfylgja stefnu okkar undir heitinu **BBA**//**LEGAL** frá starfsstöðvum í Reykjavík og London.

BBA // LEGAL

Skógarhlíð 12 // 105 Reykjavík // sími 550 0500 // fax 550 0505 // bbalegal.com

H:N Markaðssamskipti / SÍA / Ljósm. Kristján Loga.



# Erlendur viðskiptaannáll 2006

Breytingar á stýrivöxtum, samdráttur í rekstri fyrirtækja, vinveittar og óvinveittar yfirtökutilraunir og samruni fyrirtækja og hlutabréfamarkaða einkenndi síðasta ár. Fastlega má búast við því að fréttir síðasta árs lifi framhaldslífi langt fram á þetta ár.

## JANÚAR

Árið byrjaði ekki efnilega fyrir Úkraínumenn sem höfðu deilt um fjórföldun á gasverði frá rússneska ríkisgasfyrirtækinu Gazprom allan jólamánuðinn. Viðræður fulltrúa landanna sigldu í strand skömmu fyrir áramót og skrúfuðu Rússar fyrir gasleiðsluna til Úkraínu á nýársdag. Jarðgas sem fer um Úkraínu fer einnig til nokkurra landa í Evrópu þar sem gasskorts varð vart. Eftir að Evrópusambandið skarst í leikinn hét Alexei Miller, framkvæmdastjóri Gazprom, því að gasflutningur til Úkraínu yrði með eðlilegum hætti um miðjan mánuðinn. .



**SÆTTIR UM VERÐ Á JARÐGASI** Oleksiy Ivchenko, forstjóri Naftogaz, og Alexei Miller, forstjóri Gazfrom, takast í hendur í byrjun janúar um verð á gasi til Úkraínu. MARKAÐURINN/AP

Þá settu stýrivextir mark sitt á erlendar fjármálafréttir á árinu. Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivextina nokkrum sinnum þrátt fyrir fregnir um að senn lyki um tveggja ára vaxtahækkunarferli bankans en vextir á evrusvæðinu og í Bretlandi ýmist lækkuðu, stóðu í stað eða hækkuðu af ótta við að verðbólgudraugurinn léti á sér kræla. Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti sína jafnt og þétt út árið en Englandsbanki, seðlabanki Bretlands, ákvað framan af ári að halda þeim óbreyttum. Ekki var einhugur um ákvörðunina í röðum meðlima í peningamálanefnd bankans.

Fjárfestar í Bandaríkjunum glöddust hins vegar þegar Dow Jones hlutabréfavísitalan rauf 11.000 stiga múrinn en slíkt hafði ekki gerst í rétt rúm fimm ár. Hlutabréfavísitölur í fleiri löndum ruku í methæðir, þar á meðal í Kauphöll Íslands.

Fjárfestar í Japan voru hins vegar ekki jafn glaðir þegar loka varð fyrir viðskipti í Kauphöllinni í Tókýó 20 mínútum fyrr en venja var hinn 18. janúar vegna ótta við verðhrun. Ástæðan var söluæði sem rann á fjárfesta í kauphöllinni vegna frétta af rannsókn sem fjármálayfirvöld þar í landi stóðu fyrir hjá netfyrirtækinu Livedoor. Lokun kauphallarinnar í Tókýó var söguleg stund með ákveðnum formerkjum enda hafði henni aldrei áður verið lokað fyrr en venjulega. Rannsókn á starfsemi Livedoor leiddi í ljós að stjórnendur fyrirtækisins hefðu stundað ólögleg hlutabréfaviðskipti og falsað afkomutölur tveimur árum fyrr með það fyrir augum að láta sem fyrirtækið skilaði hagnaði þegar reyndin var önnur. Takafumie Horie, stofnandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, var handtekinn nokkrum dögum síðar ásamt nokkrum af æðstu stjórnendum fyrirtækisins og standa réttarhöld í málinu enn yfir.

Undir lok mánaðarins lagði stálfyrirtækið Mittal Steel, sem er í eigu indverska auðkýfingsins Lakshmi Mittals, sem samkvæmt breska blaðinu Sunday Times er ríkasti maður sem búsettur er á Bretlandseyjum, fram yfirtökutilboð í franska stálfyrirtækið Arcelor. Tilboðið hljóðaði upp á jafnvirði 2.200 milljarða íslenskra króna. Hluthafar Arcelor voru hins vegar mótfallnir tilboðinu og var Mittal Steel að betrumbæta boðið talsvert áður en yfir lauk.

**„Það er óábyrgt að velta vöngum yfir því hvort ég ætli að segja af mér eða ekki þar sem við höfum ekki áttað okkur almennilega á stöðunni.“**

*Takafumi Horie, fyrrum forstjóri Livedoor. 18. janúar 2006.*

## FEBRÚAR

Annað fyrirtæki þar sem stjórnendur höfðu falsað afkomutölur var öðru hverju í fréttum á árinu allt fram á haust. Fyrirtækið hét Enron en réttarhöld hófust í Houston í Texas yfir æðstu stjórnendum þessa fyrrum bandaríska orkusölurisa, sem varð gjaldþrota árið 2001. Nokkrar af helstu lykilpersónum í málinu voru Kenneth Lay, stofnandi og fyrrum forstjóri fyrirtækisins, Jeffrey Skilling, fyrrum yfirframkvæmdastjóri orkurisans og Andrew Fastow, fyrrum fjármálastjóri þess, en þeir voru ásamt öðrum sakaðir um stórfelld fjársvik og fölsun afkomutalna til að láta sem fyrirtækið sýndi hagnað í stað taps. Þegar orkusölurisinn var úrskurðaður gjaldþrota árið 2001 misstu 21.000 manns vinnuna auk þess sem í ljós kom skuldahali upp á 21.000 milljarða íslenskra króna sem gerir gjaldþrotið eitt af þeim stærri í sögunni. Réttarhöldin drógust fram eftir ári en úrskurður um sekt í málinu féll ekki fyrr en um mitt ár.

**„Við verðum að bregðast við viðamiklum breytingum í bílaiðnaði.“**

*Rick Wagoner, forstjóri General Motors, eftir að hann sættist á helmingi minni laun til að draga úr launaútgjöldum í febrúar.*

## MARS

Mars var tiltölulega rólegur í samanburði við aðra mánuði ársins. Bjartsýni hafði aukist nokkuð allt frá því Angela Merkel varð kanslari landsins ári áður auk þess sem sérfræðingar spáðu auknum hagvexti í þessu stærsta hagkerfi Evrópusambandsins vegna heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu, sem haldin var í júní þrátt fyrir hækkun á virðisaukaskatti nú um áramótin.

Stjórn Seðlabanka Evrópu hækkaði stýrivexti bankans um fjórðung úr prósent í byrjun mánaðar og fóru vextir bankans í 2,5 prósent. Þetta var önnur stýrivaxtahækkun bankans á árinu en ekki sú síðasta. Seðlabankastjórar fleiri landa vöruðu sömuleiðis við verðbólgudrauginum, þar á meðal Ben Bernanke, bankastjóri bandaríska seðlabankans, sem ákvað að hækka stýrivexti í landinu um 25 punkta undir lok mánaðar og stóðu vextirnir eftir það í 4,75 prósentum. Þetta var fyrsta stýrivaxtahækkun Bernankes eftir að hann tók við af Alan Greenspan, fyrrum seðlabankastjóra Bandaríkjanna, en Bernanke hafði lagt áherslu á nauðsyn aðgerða til að loka á verðbólgudrauginn. Þá var þetta jafnframt 15. hækkun bankans eftir samfellt hækkanaferli frá miðju ári 2004. Stýrivextir bankans hækkuðu svo á ný í maí og virtist fátt benda til að hækkanaferlið væri á enda.

## APRÍL

Stjórnendur Gazprom héldu enn að herja á nágranna sína og kúnna en í byrjun mánaðar ákvað ríkisfyrirtækið að hækka verð á jarðgasi til Hvít-Rússa. Rússar og Hvít-Rússar hafa fram til þessa bundist vinaböndum og greiddu þeir lágmarksverð fyrir gasið. Stjórnendur Gazprom hótuðu að grípa til svipaðra aðgerða og í deilunni við Úkraínustjórn fyrr á árinu. Niðurstaða fékkst ekki fyrr en nú um áramótin eftir þráfelldar hótanir og sættust Hvít-Rússar á að greiða rúmlega tvöfalt meira fyrir gasið eða 100 dali, rúmar 7.000 krónur, fyrir hvern kúbikmetra, sem var nokkuð lægra en Rússar höfðu upphaflega farið fram á.

Rétt fyrir miðjan mánuðinn hóf stjórn bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq að kaupa hlutabréf í LSE og nældi sér á tiltölulega skömmum tíma í 15 prósent hlutafjár í bresku kauphöllinni frá tveimur stórum hluthöfum. Kaupin héldu áfram næstu mánuði og þegar fram liðu stundir hafði Nasdaq náð í rétt rúman fjórðung bréfa bresku kauphallarinnar. Baráttunni um bresku höllina var hins vegar hvergi nærri lokið því Carla Furse, forstjóri LSE, hefur allt fram til þessa hent öllum tilboðstilraunum Roberts Greifeld, forstjóra Nasdaq, út í hafsauga á þeim forsendum að það væri of lágt og endurspegli ekki raunverulegt virði markaðarins.

## MAÍ

Þótt hlutabréfavísitölur víða um heim hefðu vaxið hratt í fyrra heyrði það ekki um þær allar. Um miðjan maí fór indverska hlutabréfavísitalan Sensex nefnilega á hliðina og féll úr tæpum 10.000 stigum um rúm fjögur prósent tvo daga í röð og endaði undir 9.000 stigum. Ástæðan var slæleg afkoma fyrirtækja í landinu. Gengi hlutabréfa átti hins vegar eftir að jafna sig og vel það því vísitalan sló met hvern mánuðinn á fætur öðrum á haustdögum og virðist fátt benda til að henni ætli að skrika fótur á nýjan leik.

Endalok nálguðust í Enron-málinu 25. maí þessa mánaðar þegar Kenneth Lay, stofnandi og fyrrum stjórnarformaður fyrirtækisins, og Jeffrey Skilling, fyrrum yfirframkvæmdastjóri þess, voru fundnir sekir um fjársvik og samsæri auk fleiri ákæruliða í tengslum við gjaldþrot Enron árið 2001. Fjölmiðlar vestanhafs sögðu Skilling eiga yfir höfði sér allt að 185 ára fangelsisdóm en töldu Lay geta undirbúið sig fyrir allt að 65 ára fangelsivist. Þrátt fyrir að gjaldþrot Enron hafi dregið mikinn dilk á eftir sér héldu tvímenningarnir ætíð fram sakleysi sínu og hneyksluðust á dómnum.

# Heima er best!



Life Fitness eru afar vönduð tæki fyrir þá sem vilja ná upp þreki án þess að leggja of mikið á liðamótin. Þau eru stöðug, sterk og hljóðlát og njóta sín sérstaklega vel á heimilinu.

**Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta.**

ARGUS / 06-0677

Life Fitness

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hagstæð greiðslukjör

Opið 10-18 mán.-fös. og 11-15 lau. / www.hreysti.is



**RISAGJÖF** Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett ákvað að veita sjóði Bills og Melindu Gates jafnvirði 2.100 milljarða króna af eignum sínum. MARKAÐURINN/AFP

## JÚNÍ

Hæst bar um miðjan júní að samevrópski flugvélaframleiðandinn Airbus tilkynnti að vandræði í rafkerfi nýjustu þotu fyrirtækisins, risaþotunnar A380, hefðu valdið því að afhending vélanna gæti dregist um allt að sjö mánuði. Reyndar stóð aðeins til að afhenda eina vél í fyrra til flugfélagsins Singapore Airlines. Þróun og smíði risaþotunnar hafði staðið yfir frá aldamótum og nam kostnaður við risaþotuna heilum 1.100 milljörðum íslenskra króna. Noel Forgeard, yfirmaður EADS, móðurfélags Airbus, sagði allt stefna í að einungis níu risaþotur yrðu afhentar á þessu ári, 20 til 25 vélar á því næsta en allt að 14 á næstu tveimur árum eftir það. Forsvarsmenn fjölda flugfélaga víða um heim, þar á meðal Singapore Airlines sem hafði pantað 10 risaþotur, lýstu yfir vonbrigðum með tafirnar og nokkrir þeirra hótuðu að krefjast skaðabóta vegna þessa. Tafirnar drógu mikinn dilk á eftir sér og urðu meðal annars til þess að gengi bréfa í EADS, móðurfélagi Airbus, féllu um þriðjung sama dag og tók að hrikta í stoðum samstæðunnar.

Bandaríski auðkýfingurinn Warren Buffett var hins vegar boðberi óvæntra gleðitíðinda undir lok mánaðar þegar hann greindi frá því að hann hygðist gefa 85 prósent af öllum auðæfum sínum til góðgerðamála. Talið er að eignir hans nemi allt að 3.000 milljörðum íslenskra króna. Stærstur hluti gjafarinnar, 10 milljón hlutir, sem metnir eru á tæplega 2.100 milljarða íslenskra króna, í Berkshire Hathaway, fjárfestingasjóði Buffetts, rennur til góðgerðastofnunar Bill Gates, stofnanda og stjórnarformanns bandaríska hugbúnaðarrisans, og eiginkonu hans. Stofnun þeirra Gateshjóna, sem ber nafn þeirra beggja, berst gegn sjúkdómum og vinnur að aukinni menntun í þróunarríkjunum.

Á síðasta degi sumarmánaðarins bárust þær fréttir vestan Atlantsála, að í bígerð væru viðræður bílaframleiðendanna General Motors, Nissan og Renault um samstarf á sviði bílaframleiðslu. Bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian átti frumkvæðið að viðræðunum en fjárfestingarfélag hans var einn af stærstu hluthöfum í GM, sem hefur átt við hallarekstur að stríða og sagt upp þúsundum starfsmanna og lokað verksmiðjum til að snúa afkomunni við. Kerkorian var bjartsýnn á árangur viðræðna þrátt fyrir andstöðu æðstu stjórnenda GM og lýsti því yfir að hann myndi auka við hlut sinn í GM ef af samstarfinu yrði. Forsvarsmenn bílaframleiðendanna funduðu sumarið á enda en bjartsýni þessa aldraða auðkýfings snerist upp í helber vonbrigði þegar nær dró haustdögum.

Hluthafar Arcelor gáfu sig loksins skömmu fyrir júnílok eftir að Mittal Steel hafði hækkað yfirtökutilboð sitt talsvert frá fyrsta boði. Fyrirtækin skelltu nöfnunum saman og úr varð Arcelor-Mittal, langstærsti stálframleiðandi í heimi.

Ekki er ljóst hvort hinn almenni neytandi var jafn ánægður í Bandaríkjunum en undir lok mánaðar tilkynnti Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, að ákveðið hefði verið að hækka stýrivexti bankans enn á ný um fjórðung úr prósenti og fóru þeir við það í 5,25 prósent. Þetta var 17. hækkun bankans á tveimur árum og gaf Bernanke í skyn að nú væri endi bundinn á hækkanaferlið. Sú varð raunin enda hreyfðust stýrivextirnir ekkert það sem eftir lifði árs.

**„Við teljum að Renault og Nissan séu opin fyrir því að starfa með General Motors.“**

*Úr bréfi frá Kirks Kerkorian til stjórnenda General Motors í júní.*

## JÚLÍ

Nokkuð hafði hitnað undir æðstu stjórnendum EADS og dótturfélagi þess, Airbus, vegna tafa á afhendingu A380 risaþotnanna. Úr varð að Noel Forgeard, aðstoðarframkvæmdastjóri EADS og Gustav Humbert, forstjóri Airbus, sögðu upp störfum sínum á öðrum degi júlímánaðar. Þá var sala á hlutabréfum þeirra í flugvélasmiðjunum rannsökuð en þeir voru taldir hafa komið bréfunum í verð áður en greint var frá töfum á afhendingunni.

Og enn af Enron því Kenneth Lay, fyrrum forstjóri og stjórnarformaður fyrirtækisins, lést af völdum hjartaáfalls í sumarhúsi sínu í Colorado í Bandaríkjunum að morgni dags 5. júlí. Hann var 64 ára að aldri. Fregnin kom flatt upp á marga enda hafði dómur fallið í Enronmálinu rúmum mánuði áður og átti Lay yfir höfði sér áratuga fangelsisdóm fyrir stórfelld fjársvik og fyrir að falsa afkomutölur fyrirtækisins.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu rauk í hæstu hæðir um miðjan mánuðinn þegar Ísraelsher gerði innrás gegn liðsmönnum Hizbollah-samtakanna í suðurhluta Líbanon. Vart var á bætandi stöðu mála í Mið-Austurlöndum. Hráolíuverðið tók stórt stökk upp á við í 78 dali á tunnu og hafði það aldrei verið hærra. Hækkanirnar höfðu mikil áhrif víða um heim, ekki síst á afkomu bílaframleiðenda í Bandaríkjunum, sem höfðu átt við rekstrarvanda að stríða um langt bil. Olíuverðshækkanirnar bættu ekki úr skák enda sneri margur bíleigandinn baki við bensínfrekum risajeppanum og festi kaup á sparneytnum og umhverfisvænum bílum frá Japan.

Japanski seðlabankinn spilaði fram nokkuð óvæntu trompi á sama tíma með 25 punkta hækkun stýrivaxta. Greiningaraðilar voru á einu máli um að þetta hefði verið söguleg stund því stýrivextir bankans höfðu staðið í núll prósentum frá því í ágúst árið 2000 en þá voru þeir núllstilltir til að bregðast við efnahagslægð sem reið yfir Asíu þremur árum fyrr.

Undir lok mánaðar birtu svo bandarísku bílaframleiðendurnir afkomutölur sínar fyrir annan ársfjórðung. Niðurstöðurnar voru síður en svo jákvæðar og urðu til þess að fyrirtækin urðu að herða sultarólina enn frekar og segja fleirum upp auk þess sem gripið var til ýmissa leiða til að hagræða í rekstrinum.

**„Með ákvörðuninni í dag er horft til þess að viðhalda stöðugleika og hagvexti til langs tíma.“**

*Tilkynning frá Seðlabanka Japans þegar stjórn hans hækkaði stýrivexti um 25 punkta 14. júlí 2006.*



**KENNETH LAY** Fyrrverandi forstjóri bandaríska orkurisans Enron lést í byrjun júlí af völdum hjartaáfalls. Hann átti yfir höfði sér áratuga fangelsisvist vegna umfangsmikilla bókhaldssvika. MARKAÐURINN/AP



**BEN BERNANKE** Seðlabanki Bandaríkjanna batt enda á samfel

## ÁGÚST

Ágústmánuður var nokkuð tíðindalítill. Í annarri viku mánaðar ákvað stjórn Seðlabanka Bandaríkjanna að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósent. Þetta var nokkuð sögulegur áfangi, því þar með var endi bundinn á samfelldar hækkanir á stýrivöxtum bankans síðastliðin tvö ár á undan.

Aðrir seðlabankar fylgdu í kjölfarið en undir lok mánaðarins ákvað evrópski seðlabankastjórinn Jean-Claude Trichet að grípa til sömu aðgerða og kollegi hans vestanhafs og halda vöxtunum óbreyttum.

Hátt eldsneytisverð jók enn á vandræði og hallarekstur bandarískra bílaframleiðenda. Neytendur virtust alfarið hafa snúið baki við stórum bensínhákum og sátu framleiðendur á borð við General Motors, Ford og Chrysler uppi með talsvert meira af óseldum sportjeppum en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Fyrirtækin gripu til frekari aðgerða til að draga saman í rekstrinum, seldu frá sér dótturfélög og skáru niður í mannahaldi. Þá skipti Ford um mann í brúnni en Bill Ford, forstjóri og afkomandi stofnanda fyrirtækisins, fór út fyrir Alan Mulally, fyrrum forstjóra Boeing.

## SEPTEMBER

Og meira af aðhaldi því samstarfsviðræður bílaframleiðendanna GM, Nissan og Renault sigldu í strand í upphafi mánaðar og var þeim slitið í kjölfarið eftir fjögurra mánaða fundahöld. Þrátt fyrir bága fjárhagsstöðu GM taldi félagið sig leggja meira af mörkum til samstarfs og náðust ekki sættir um málið. Kirk Kerkorian lýsti yfir sárum vonbrigðum með niðurstöðuna og losaði hann sig við um helming bréfa sinna í bandaríska bílaframleiðandanum í mótmælaskyni.

Fjárfestar víða um heim brostu hins vegar út í eitt um miðjan mánuðinn enda ruku hlutabréfavísitölur víðs vegar í áður óþekktar methæðir. Indverska hlutabréfavísitalan Sensex náði sömu hæðum undir lok september í kjölfar birtingar hagtalna, sem bentu til ágæts hagvaxtar í landinu. Fjárfestar þar í landi kættust enda stefndi allt í að hlutabréfavísitalan væri

# Kauphallir gjóa augum hver á aðra

Síðasta ár einkenndist af tilraunum hlutabréfamarkaða til að renna saman í eina sæng.

**BARIST UM BRETLAND**

Yfirtökutilraunir og samrunar kauphalla í Evrópu settu mark sitt á viðskiptafréttir liðins árs. Árið hófst með áframhaldandi tilraunum kauphalla til að sameinast Kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi (LSE). Í janúar endurtók ástralski fjárfestingabankinn Macquire leikinn frá því í desember árið áður og gerði ríflega 166 milljarða króna yfirtökutilboð í öll hlutabréf LSE. Tilraunin tókst ekki enda stóð Carla Furse, forstjóri LSE, fast á sínu að tilboðið væri of lágt og endurspeglaði ekki raunverulegt virði markaðarins, sem hún taldi víst að myndi stækka á næstu árum.

Furse sat við sama keip þegar bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq lagði fram 336 milljarða króna yfirtökutilboð í markaðinn í marsmánuði. Lítið lá hins vegar fyrir um framtíðarhorfur LSE, einnar elstu kauphallar Evrópu. Ákvörðun Furse að skella skollaeyrum við gylliboðum annarra kauphalla gladdi hins vegar hluthafa bresku kauphallarinnar því þráfaldleg tilboð í hana hefur keyrt gengi hennar upp á við.



Stjórn Nasdaq ákvað að draga tilboðið til baka undir lok mars. Um hálfum mánuði síðar lagði bandaríski sjóðurinn svo fram tromp er hann greindi frá því að hann hefði gert samkomulag við einn stærsta hluthafa LSE og tryggt sér rétt rúma 38 milljón hluti í markaðnum sem jafngildir 15 prósent hlutafjáreignar. Hlutafjáreignin í LSE jókst hægum skrefum og undir lok nóvember hafði Nasdaq nælt sér í 28,75 prósent hlutafjár í LSE. Markmiðið með kaupunum var af tvennum toga. Í fyrsta

**JOHN THAIN, FORSTJÓRI NYSE** Samruni bandarísku kauphallarinnar í New York (NYSE) og samevrópska hlutabréfamarkaðarins Euronext var samþykktur á síðasta ári. MARKAÐURINN/AFP



llt hækkanaferli á stýrivöxtum á árinu. MARKAÐURINN/AFP

á frekari uppleið og fall ekki í sjónmáli á ný. Væntingar fjárfesta stóðust enda rauf vísitalan hvert metið á fætur öðru, síðast í byrjun desember þegar hún fór yfir 14.000 stig.

Þá sá loks fyrir endann á Enronmálinu þegar dómur féll í máli Andrew Fastow, fyrrum fjármálastjóra orkusölurisans fyrrverandi. Fastow hlaut sex ára dóm sem var fjórum árum styttri dómur en gert var ráð fyrir. Fastow var meðal annars sakaður um innherjasvik en hann auðgaðist verulega við sölu á bréfum sínum í félaginu áður en halla tók undan fæti orkusölurisans. Auk fangelsisdómsins var hann dæmdur til að greiða til baka 30 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 2,1 milljarðs íslenskra króna í reiðufé og eignum.



**KIRK KERKORIAN** Bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian átti frumkvæðið að samstarfsviðræðum General Motors, Nissan og Renault á sviði bílaframleiðslu. Hann var einn af stærstu hluthöfum í GM en seldi mestan hluta þeirra eftir að viðræður fyrirtækjanna sigldu í strand á haustdögum. MARKAÐURINN/AFP

## OKTÓBER

Ríkisstjórn Írlands einkavæddi flugfélagið Aer Lingus í lok september. Írska ríkið hafði í gegnum tíðina farið með rúman 85 prósenta hlut í flugfélaginu en ákvað að selja 50 prósent úr safni sínu í almennu hlutafjárútboði áður en til skráningar þess kom í kauphöllunum í Dublin á Írlandi og Lundúnum í Bretlandi á öðrum degi október. Landar þeirra hjá lággjaldaflugfélaginu Ryanair tryggðu sér 16 prósenta hlutafjár í útboðinu en juku hann fljótlega í 19,2 prósent. Í kjölfarið gerði stjórn Ryanair yfirtökutilboð í alla eftirstandandi hluti sem hljóðaði upp á 1,48 milljarða evrur eða rúma 130 milljarða íslenskra króna. Tilboðið mætti harðri andstöðu jafnt frá írskum ráðherrum til starfsmanna Aer Lingus og hins almenna Íra. Starfsmannafélag Aer Lingus, sem tryggði sér vænan skerf í flugfélaginu við einkavæðingu þess, jók við hlut sinn auk þess sem írskur auðkýfingur keypti lítinn hlut með það eitt fyrir augum að koma í veg fyrir að Ryanair gæti komið höndum yfir flugfélagið. Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, þrýsti á hluthafa Aer Lingus að þeir tækju tilboðinu og sagði þetta einstakt tækifæri til að stofna stórt írskt flugfélag. Hluthafarnir tóku ekki vel í kostaboðið en ekki bætti úr skák þegar hann boðaði stórtækar hagræðingaraðgerðir til að bæta rekstur Aer Lingus. Barátta flugfélaganna átti eftir að harðna talsvert eftir því sem nær leið áramótum.

Jeffrey Skilling, fyrrum yfirframkvæmdastjóri Enron, var dæmdur til 24 ára fangelsisvistar vegna aðildar að stórfelldum svikum til að fela milljarðatap orkusölurisans. Dómurinn var talsvert lægri en búist hafði verið við en fjölmiðlar reiknuðu með því að hann hlyti tæplega tveggja alda dvöl innan veggja fangelsisins. Endi var ekki bundinn á Enronmálið því Richard Causey, fyrrverandi aðalendurskoðandi Enron, hlaut sömuleiðis fimm og hálfs árs dóm fyrir málið um miðjan nóvember. Skilling hóf afplánun um miðjan desember og var þar með botninn sleginn í málið sem staðið hafði yfir síðastliðin fimm ár.

**„Þetta er frábært [tilboð] fyrir ríkisstjórnina, starfsfólkið, hagkerfi landsins og ferðamennsku á Írlandi.“**

*Michael O'Leary, forstjóri írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair, um yfirtökutilboð flugfélagsins í Aer Lingus í október.*

## NÓVEMBER

Englandsbanki ákvað í byrjun nóvember að hækka stýrivexti um fjórðung úr prósenti og fóru vextirnir í 5 prósent. Almennt var búist við þessari vetrargjöf bankans til landsmanna enda fyrsta stýrivaxtahækkun bankans á árinu sem staðið hafði fastur á sínu þrátt fyrir að margsinnis hafi verið þrýst á Mervyn King. bankastjóra Englandsbanka, að hækka vextina. Reyndar hafði ekki verið einhugur um óbreytta vaxtastefnu bankans.

Undir lok mánaðarins komst japanska netfyrirtækið Livedoor á ný í fréttir þegar stjórn fyrirtækisins ákvað að selja fjármálaarm þess. Ljóst þykir að Livedoor heyrir sögunni til sem eitt af óskabörnum Japana enda malaði armurinn gull fyrir fyrirtækið. Livedoor mun í framtíðinni ætla að einbeita sér að því sem það var upphaflega stofnað til, eða vefhönnun og hugbúnaðarþróun.

Tilraunir írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair til að kaupa írska flugfélagið Aer Lingus var sem rauður þráður í gegnum veturinn. Baráttan harðnaði frekar en hitt því á síðustu dögum nóvember tilkynnti Dermont Mannion, forstjóri írska Aer Lingus, að Ryanair hefði tryggt sér fjórðungshlut í flugfélaginu og hefði ákveðið að setja stefnuna á óvinveitta yfirtöku á félaginu þrátt fyrir andstöðu meirihluta hluthafa í félaginu.

**„Við teljum að tilboð Nasdaq endurspegli framúrskarandi vöxt og framtíðarhorfur markaðarins.“**

*Carla Furse, forstjóri LSE, þegar hún felldi rúmlega 380 milljarða króna yfirtökutilboð frá stjórn bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq í nóvember.*

## DESEMBER

Michael O'Leary, forstjóra Ryanair, varð lítið ágengt í tilraunum sínum til að kaupa flugfélagið Aer Lingus en einungis eitt prósent hluthafa var fylgjandi yfirtökutilboði á fundi þeirra snemma í mánuðinum. Hann sagðist engu að síður fullviss um að tilboðið hlyti náð fyrir augum hluthafa enda væri það nokkuð yfir útboðsgengi félagsins í október. Hann vildi hins vegar ekkert segja til um hvort tilboðið yrði hækkað til að blíðka hluthafana.

Og fleiri fréttir bárust frá fyrirtækjum í háloftunum því lögregla gerði rannsókn á skrifstofum EADS, móðurfélags Airbus, í París í Frakklandi um miðjan jólamánuðinn. Rannsóknin var gerð að tilstuðlan evrópskra samkeppnisyfirvalda til að kanna hvort helstu stjórnendur og hluthafar fyrirtækisins hafi gerst sekir um innherjasvik í hlutabréfaviðskiptum og komið bréfum í verð áður en gengi í EADS féll um mitt ár. Talið var að allt að 800 manns tengdust málinu. Þetta voru ekki einu fréttirnar af fallvöltu gengi EADS því flugfélagið Emirates í Dubai, sem hafði pantað 43 risaþotur, lagði fram kröfu um skaðabætur á hendur flugvélasamstæðunni vegna tafa á afhendingu þotnanna á jóladag.

Undir lok mánaðar stefndi um stundarsakir í óefni í Taílandi eftir að taílenski seðlabankinn greindi frá áformum sínum um að setja á gjaldeyrishömlur til að sporna gegn háu gengi bahtsins, gjaldeyris Taílendinga, en hann hefur verið með sterkustu gjaldmiðlum Asíu.

Sömu sögu var að segja af Robert Greifeld, forstjóra bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq, sem tilkynnti með formlegum hætti að markaðurinn væri farinn í óvinveitta yfirtöku á LSE. Markaðurinn hefur hins vegar enn sem komið er ekki náð meira en fjórðungshlut í LSE og mun framtíðin ein skera úr um hver niðurstaðan verður.

Undir lok árs bættist enn í fréttir af baráttu Bandaríkjamanna og Breta því samgönguyfirvöld vestanhafs ákváðu að veita lággjaldaflugfélaginu Virgin America ekki flugrekstrarleyfi í landinu. Ástæðan var sú, að flugfélagið var að mestum hluta í eigu bresku samstæðunnar Virgin Group og auðkýfingsins Richard Bransons. Reglur um eignarhald á flugfélögum kveða hins vegar á um að erlendir aðilar megi ekki eiga meira en fjórðung í fyrirtækjum sem þessum. Þetta þóttu talsverð vonbrigði fyrir Branson enda hafði undirbúningur fyrir rekstur flugfélagsins, sem átti að hefja rekstur snemma á þessu ári, staðið yfir síðastliðin tvö ár. Óvíst hvort af verður en forsvarsmenn Virgin America munu svara samgönguyfirvöldum vestra á næstu dögum.




**RICHARD BRANSON** Lággjaldaflugfélagið Virgin America, sem er að mestu í eigu félags Richards Branson, fékk ekki flugrekstrarleyfi í Bandaríkjunum í desember vegna þess að það er að mestu í eigu Breta. MARKAÐURINN/AFP

lagi var Robert Greifeld, forstjóri Nasdaq, nú með ívið meira vægi í hluthafahópnum en áður og gat þrýst á um samruna markaðanna. Í öðru lagi komu kaupin í veg fyrir að John Thain, sem stýrir bandarísku kauphöllinni í New York (NYSE), gæti borið víurnar í bréf hluthafa með það fyrir augum að koma mörkuðunum saman í eina sæng líkt og til stóð framan af.

### EVRÓPA SAMEINAST BANDARÍKJUNUM

John Thain brást við kaupum Nasdaq með því að bjóða jafnvirði rúmra 724 milljarða íslenskra króna í samevrópska hlutabréfamarkaðinn Euronext, sem rekur kauphallir í Amsterdam í Hollandi, Brussel í Belgíu, í París í Frakklandi og í Lissabon í Portúgal, í maí. Tilboðið var samþykkt í byrjun júní og ganga markaðirnir í eina sæng á næstunni. Með samrunanum verður til fyrsta kauphöllin með starfsemi beggja vegna Atlantsála með markaðsvirði upp á jafnvirði 1.448 milljarða íslenskra króna.

Með tilboðinu skákaði Thain stjórnendum þýsku kauphallarinnar í Frankfurt sem gerði ítrekaðar tilraunir til að sameinast Euronext á síðasta ári. Kauphöllin hafði lengi horft til þess að renna saman við aðrar kauphallir, meðal annars LSE, allt frá 2001 en hóf viðræður við stjórnendur Euronext í mars. Formlegt tilboð var lagt fram undir lok maí. Karpið stóð um væntanlegar höfuðstöðvar sameinaðra markaða sem stjórnendur þýsku kauphallarinnar kröfðust að yrði í Frankfurt. Á það sættist Jean-Francois Theodore, forstjóri Euronext, ekki og hafnaði tilboðinu.

Þrátt fyrir að flestir hlutaðeigendur Euronext hafi samþykkt samruna við NYSE hefur stjórn þýsku kauphallarinnar síður en svo lagt árar í bát því ítalska kauphöllin gerði til liðs við hana um sameiginlegt yfirtökutilboð í Euronext í október. Nýtt tilboð hefur enn sem komið er ekki verið lagt fram í samevrópska markaðinn en Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri evrópska seðlabankans, er sagt hugnast betur að sjá samruna kauphalla og hlutabréfamarkaða í álfunni fremur en að evrópskir markaðir renni saman við bandarískar kauphallir.




**ROBERT GREIFELD, FORSTJÓRI NASDAQ** Bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq tryggði sér 28,75 prósent hlutafjár í LSE með það fyrir augum að koma í veg fyrir yfirtöku bandarísku kauphallarinnar í New York (NYSE) í markaðinn. MARKAÐURINN/AFP

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ár aðlögunar íslensks efnahagslífs er runnið upp.

# *Stjórnmálin sitja eftir í evruumræðunni*

**Hafliði Helgason**

Undanfarin ár eru einhver mestu hagsældarár í íslensku efnahagslífi sem um getur. Hagvöxtur hefur verið gríðarlegur og ekki þarf frekari vitna við en að líta þau skartgripaskrín sem skotið var á loft á gamlárskvöld, svo gripið sé til myndlíkingar skáldsins Hannesar Péturssonar.

Árið 2007 gefur ýmis fyrirheit, en er líklegra til að verða mörgum þyngra í skauti. Bæði er samkeppni á alþjóðamörkuðum harðari og vextir hafa farið hækkandi í helstu viðskiptalöndum. Stærð og afl íslenskra fyrirtækja vinnur þar á móti og stærstu alþjóðafyrirtæki munu á nýju ári nýta sér fjölmörg tækifæri til vaxtar.

Innanlands má búast við að vaxtastigið fari að bíta verulega í þá sem ekki eiga annarra kosta völ en að fjármagna sig í krónunni. Venjulegur rekstur stendur engan veginn undir slíku vaxtastigi nema skamma stund og því er ekki ólíklegt að eitthvað muni undan láta. Þeir sem geta hafa þegar komið sér út úr gjaldmiðlinum. Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hefur þegar fært eigið fé og uppgjör í evrum og ekki óvarlegt að ætla að fleiri vildu feta slíka braut. Það er löngu orðið ljóst að krónan og stöðugleiki eru hugtök sem ekki er hægt að nota í sömu setningu. Umræðan um gjaldmiðilinn er lykilumræða næstu missera. Atvinnulífið hefur þegar tekið frumkvæði í þeirri umræðu, en stjórnmálin hafa lítið fylgt henni eftir. Sú augljósa hætta fylgir því að atvinnulífið muni bresta þolinmæðina og taka upp evruna án þess að samfélagið komi með eðlilegum hætti að slíkri breytingu.

**Það mun reyna á styrk stjórnar opinberra fjármála og peningamála landsins hvort tekst að koma mjúkt niður þetta árið. Í raun má þó segja að hluti lendingar sé þegar kominn fram í ljósi þess að gjaldmiðill þjóðarinnar féll um næstum fjórðung á liðnu ári. Í opnu vestrænu hagkerfi telst slíkt til tíðinda og myndi hvergi talið bera vott um mikinn stöðugleika.**

Árið fram undan er ár aðlögunar í efnahagslífinu. Það mun reyna á styrk stjórnar opinberra fjármála og peningamála landsins hvort tekst að koma mjúkt niður þetta árið. Í raun má þó segja að hluti lendingar sé þegar kominn fram í ljósi þess að gjaldmiðill þjóðarinnar féll um næstum fjórðung á liðnu ári. Í opnu vestrænu hagkerfi telst slíkt til tíðinda og myndi hvergi talið bera vott um mikinn stöðugleika.

Á heildina litið hefur íslenskt atvinnulíf nýtt velgengni undanfarinna ára vel. Stoðir efnahagslífsins hafa aldrei verið fjölbreyttari og fjármálakerfið er sterkara og öflugra en nokkurn gat órað fyrir. Bankakerfið stóð af sér erfiða umræðu á síðasta ári. Kveikja þeirrar umræðu var veikleiki íslenskra efnahagsmála og gjaldmiðilsins. Fjármálakerfið sjálft stóð mun betur að vígi en látið var í veðri vaka. Lækkun lánshæfiseinkunnar Standard og Poor's á íslenska ríkinu er áfall fyrir stjórn efnahagsmála. Það að Glitnir fái óbreytta lánshæfiseinkunn í kjölfarið er vísbending um að bankar verði ekki dregnir með sama hætti inn í umræðu um efnahagslífið og gerðist síðastliðið vor. Engu að síður er full ástæða til að halda vöku sinni og nýta þá reynslu sem menn urðu sér úti um á fyrri hluta síðasta árs.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

BBC WORLD SERVICE

# Nóg til að rífast um

ORÐ Í BELG



**Gylfi Magnússon,** dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Eitt af því sem telja má næsta víst að tekist verði á um á þessu kosningaári er hversu vel hefur tekist til við stjórn efnahagsmála undanfarin ár. Það tilheyrir í aðdraganda kosninga. Það er jafnvíst að mat manna verður mjög ólíkt á því hvort vel hefur tekist til eða ekki. Jafnvel þótt rétt sé farið með staðreyndir er nefnilega verulegt svigrúm, bæði til að túlka hagtölur og til að velja mismunandi tölur til að draga fram í sviðsljósið.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að þróa kvarða til að mæla árangur í hagstjórn. Það er þó engin von til þess að hinn einni sanni mælikvarði finnist. Það hve vel hefur tekist til fer nefnilega eftir því á hvað hver leggur áherslu.

Hagfræðingum verður tíðrætt um landsframleiðslu. Hún er einn af þeim mælikvörðum sem til greina kemur að nota. Sé sú mælistika notuð er íslenskt efnahagslíf í blóma. Árið 2005 var verg landsframleiðsla á mann á Íslandi um 53.500 Bandaríkjadalir. Einungis tvö önnur lönd innan OECD mældust hærri, Lúxemborg og Noregur. Þessi mælikvarði hefur ýmsa galla, m.a. þann að mismikið fæst fyrir dollara eftir löndum, þ.e. verðlag er mismunandi. Verðlag á Íslandi er með eindæmum hátt og kaupmátturinn því minni en einfaldur samanburður á landsframleiðslu gefur til kynna. Sé tekið tillit til verðlags og kaupmáttur landsframleiðslu reiknaður færist talan fyrir Ísland mun nær meðaltali OECD og upp fyrir okkur færast Bandaríkin, Írland og Sviss. Við erum á góðri siglingu á þennan mælikvarða. Hagvöxtur, þ.e. breyting landsframleiðslu á milli ára, hefur verið nokkuð hraustlegur hérlendis undanfarin ár. Landsframleiðsla á mann jókst um 3% á ári frá 1995 til 2005, sem er ágætt í samanburði við önnur hátekjulönd. Allra síðustu ár hefur hagvöxtur raunar verið enn meiri en þetta og meiri en víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Þetta kemur m.a. skýrt fram í auknum kaupmætti launa.

Þótt tekið sé tillit til mismunandi verðlags er landsframleiðsla þó ekki einhlítur mælikvarði. Þannig segir hún ekkert um tekjuskiptingu og ekkert um hve mikið landsmenn hafa fyrir því að skapa þessi verðmæti en Íslendingar eru t.d. talsvert lengur að vinna fyrir sinni landsframleiðslu en íbúar nágrannalandanna. Þá er við útreikning landsframleiðslu ekki tekið tillit til ýmissa gæða sem ekki ganga almennt kaupum og sölu á markaði. Ein afleiðing þess er að notkun eða jafnvel eyðilegging á náttúrugæðum kemur ekki fram við útreikning landsframleiðslu.

Aðrar hagstærðir sem oft er horft til þegar árangur við stjórn efnahagsmála er metinn eru meðal annars verðbólga og atvinnuleysi. Þar er frammistaða Íslendinga mjög köflótt, við erum ýmist á eða við toppinn eða botninn. Verðbólga var lengst af á 20. öldinni mun meiri og sveiflukenndari hér en í öðrum Evrópuríkjum. Það náðist að koma á hana þokkalegum böndum á 10. áratug síðustu aldar en mun verr hefur gengið á fyrsta áratug þessarar aldar, þótt ástandið sé skárra en þegar verst lét fyrir um aldarfjórðungi. Undanfarið hafa bara Tyrkir haldið okkur frá því að vera í neðsta sæti innan OECD, eins og þeir reyndar gerðu oftar en ekki á 20. öldinni. Tölurnar fyrir atvinnuleysi eru miklu bjartari. Það mælist hvergi minna innan OECD. Raunar vantar fólk í fjölda starfa þrátt fyrir mikla vinnugleði innfæddra og stríðan straum útlendinga hingað til vinnu.

Fleiri hagtölur má skoða. Hvert metið á fætur öðru er slegið í viðskiptahalla og sífellt eykst munur eigna og skulda í útlöndum. Skuldirnar vaxa miklu meira en eignirnar. Fjármálakerfið bíður með öndina í hálsinum í hvert sinn sem lagt er mat á lánstraust ríkissjóðs eða innlendu bankanna, trúa matsmennirnir því enn að þetta fari allt vel?

Krónan lifir enn. Staða þessa innlenda gjaldmiðils er þó ekki beysnari en svo að stór hluti fjármálakerfisins notar frekar erlenda mynt eða verðtryggða útgáfu af þeirri innlendu. Gengið er mun óstöðugara en það var á tíunda áratugnum þegar Seðlabankinn leitaðist við að halda því stöðugu og vextir eru himinháir enda eru þeir helsti hemillinn sem reynt er að beita til að róa efnahagslífið.

Í fjármálunum má þó líka sjá ýmis jákvæð merki. Fjármál hins opinbera hafa í grundvallaratriðum verið í mun betra lagi undanfarinn áratug en áður þekktist. Skuldasöfnun ríkisins er hætt og það hefur talsvert lagt til hliðar vegna lífeyrisskuldbindinga frá fyrri árum. Almennir lífeyrissjóðir standa mjög vel. Staða sveitarfélaga er hins vegar víða nokkuð þröng. Eignir einkageirans í útlöndum hafa margar hverjar skilað góðri ávöxtun, stundum ótrúlega góðri. Trú manna á getu einkageirans til að skila hagnaði er líka mikil, eins og sjá má á mikilli hækkun hlutabréfaverðs.

Það er því úr nógu að velja fyrir stjórnmálamenn næstu mánuði vilji þeir rífast um efnahagsmál, það geta allir fundið sér hagtölur við hæfi!



Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss, fjárfestingarbanka.

# *Spennandi ár fram undan*



Það má með sanni segja að það hafi verið líf í mörkuðunum á því ári sem nú er að renna sitt skeið. Það hefur einnig verið viðburðarríkt hjá okkur í Straumi-Burðarási; umtalsverðar breytingar í hluthafahópnum, geysilega góð afkoma, kaup á breska ráðgjafarfyrirtækinu Stamford Partners í London, formleg opnun útibús í Danmörku, nífÖldun vaxta- og þóknunartekna á fyrstu níu mánuðum ársins, tilkynnt um fyrirhugaða opnun útibús bankans í Bretlandi og síðast en ekki síst sú ákvörðun stjórnar Straums-Burðaráss að færa og semja ársreikning bankans í evrum.

Íslendingar, hversu mikil sem hlutabréfaeign þeirra er, eru alþjóðlegir í hugsun. Þrátt fyrir að hafa vanist gjaldmiðli sem eingöngu er notaður hér á landi, eru þeir vanir því að nota erlenda gjaldmiðla á ferðalögum og margir þekkja gengi á fjölmörgun erlendum myntum. Nokkur fjöldi Íslendinga á sparnað í erlendum myntum, gjaldeyri eða erlend verðbréf. Í raun má segja að þessi ákvörðun okkar nú í desember sé hluti af aukinni alþjóðavæðingu. Meira en helmingur tekna Straums-Burðaráss kemur í dag erlendis frá. Þegar eru nokkur önnur fyrirtæki farin að færa reikninga sína í evrum. Íslenska kauphöllin hefur verið sameinuð erlendri kauphöll og íslensk hlutabréf verða nú skráð þar. Evran er stærsti gjaldmiðill Norður-Evrópu, sem við skilgreinum sem okkar markaðssvæði. Við stefnum að því að vera leiðandi norrænn fjárfestingabanki og sú ákvörðun að færa bókhald og reikninga Straums-Burðaráss í evrum mun hjálpa okkur að ná því markmiði. Þetta gerum við með langtíma hagsmuni bankans, og þar með hluthafa hans, í huga.

Bankinn hefur þróast hratt og vaxið mikið á stuttum tíma en við erum rétt að byrja. Árið 2007 verður spennandi ár í sögu Straums-Burðaráss.

*Þessi grein átti að birtast með öðrum greinum forystufólks viðskiptalífsins í áramótablaði Markaðarins en féll út vegna mistaka í vinnslu.*

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

# Persónulegar upplýsingar í ferilskrá



Ein af algengustu aðferðum við val starfsmanna er að skoða ferilskrá þeirra. Ferilskrá er gjarnan notuð til þess að skoða reynslu viðkomandi á vinnumarkaði, vinnusögu og upplýsingar um menntun. Það fer eftir eðli starfsins hversu margar umsóknir með ferilskrám berast til vinnuveitanda og það er í hlutverki vinnuveitanda að vinna úr umsóknum og minnka hópinn eins og unnt er. Þar sem ferilskrá er oft fyrsta skref umsækjanda að viðtali er hún oft skoðuð gaumgæfilega m.a. með tilliti til stafsetningarvillna, uppsetningar, gerð pappírs o.fl. Góð ferilsskrá ætti því að vera með vel skipulagt form þar sem auðvelt er að lesa úr upplýsingar.

Á Íslandi hafa ekki verið sett lög um hvað má eða má ekki birta í ferilskrá og algengt er að fólk greini frá kennitölu, hjúskaparstöðu, fjölda barna og sendi mynd af sér með umsóknum. Í Ástralíu og í Bandaríkjunum er m.a. búið að setja í lög að ekki þurfi að greina frá aldri, þjóðerni, kyni og hjúskaparstöðu á ferilskrá. Slík lög eiga að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli þessara þátta.

Ljóst þykir að atvinnurekendur víða um heim vilja þrátt fyrir sett lög fá persónulegar upplýsingar um umsækjendur. Í rannsókn sem birtist í breska tímaritinu Education and Training voru atvinnurekendur spurðir hvað þeir vildu sjá í ferilskrá umsækjenda. Fyrir utan að vilja fá nafn, símanúmer og heimilisfang vildu yfir 50% fá stutta lýsingu á umsækjanda og 49% vildu fá lýsingu á persónulegum eiginleikum umsækjanda. Flestir vildu fá að sjá starfsmarkmið umsækjanda og 78% vildu fá að vita hjúskaparstöðu. Þá vildu 57% fá að vita aldur barna umsækjanda. Það vakti athygli eftir könnunina að atvinnurekendur biðja um upplýsingar um hjúskaparstöðu og börn, þvert ofan í breskar reglur Equal Opportunities Commission samtakanna (EOC) sem hafa unnið gegn mismunun á vinnumarkaði til fjölda ára.

**Sif Sigfúsdóttir,**
**MA í mannauðsstjórnun**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Staðgreitt himnaskraut

Þið hefðuð átt að sjá svipinn á nágrannanum þegar ég opnaði bílskúrinn á gamlárskvöld. Hann varð grænn af öfund þegar velsmurð bílskúrshurðin opnaðist, þar sem ég hélt á fjarstýringunni og góðum Kúbuvindli. Við blasti skraut á himnafestinguna fyrir vel á aðra milljón. Hann varð svo stúmm að ég spurði hvort hann væri ekki til í að hjálpa mér við að dúndra einhverju af þessu á loft. Þetta væri varla eins manns verk.

Svo skemmtum við okkur konunglega við að skreyta himininn yfir borginni, enda seint sagt um mig að ég leyfi ekki öðrum að gleðjast með mér yfir árangrinum.

Ég kom vel út úr þessu ári. Sigraði vísitölurnar hverja af annarri og uppskeran eftir því. Einn bílskúr af púðri segir lítið í árangur síðasta árs.

Fram undan er spennandi ár. Ég reikna með að stóru aðilarnir verði í stuði, en rassvasaverktakar og yfirdráttarliðið súpi seyðið af fyrirhyggjuleysi og eyðslugleði. Allt sem ég sprengdi í loft upp á gamlárskvöld var staðgreitt og bara brot af auðlegðinni.

Ég hef nefnilega aldrei lifað um efni fram og nú er auðvitað svo komið að ég eiginlega get ekki lifað um efni fram nema að fara út í einhverja hreina vitleysu. Þota eða snekkja myndi kannski vera leiðin til að lifa um efni fram.

Ég er mátulega bjartsýnn og ætla að nýta tækifærin vel á árinu. Enn sem fyrr verða það fjármálafyrirtækin sem eru spennandi. Það kæmi mér ekki á óvart ef áður en árið er liðið, þá verði erlendur banki búinn að kaupa íslenskt fjármálafyrirtæki. Það held ég að væri gott fyrir markaðinn og myndi losa peninga í önnur félög. Íslensku útlendingarnir verða málið á árinu. Það verður fullt að gerast hjá alþjóðafyrirtækjunum, en þeir sem eru á innanlandsmarkaði eingöngu munu þurfa að hægja á sér. Ég er löngu búinn að selja allar fasteignirnar mínar og býst ekki við að fara í þann pakka hér á landi á næstunni. Nú á maður bara fasteignir í Berlín.

Ég býst við að það verði spennandi að fylgjast með FL Group og Straumi á árinu. FL mun fjárfesta á fullu og ég býst við að margt eigi eftir að breytast í Straumi á árinu. Hlutabréfamarkaðurinn verður viðkvæmur og maður mun fara mjög varlega inn á hann. Stutt bakslag gæti verið fínt innkomutækifæri. Ævintýrið er rétt að byrja, en hvað maður fær út úr því ræðst af hvernig maður tímasetur innkomuna. Þolinmæði verður líklega mikilvægasta dyggðin á árinu. Ég veðja á að ég sprengi ekki minna á þessu ári en því sem nú er liðið. Vonandi verð ég ekki einn um það.



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 15. febrúar nk.**

**Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.**

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

**Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:**

**1. Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2. Uppfræðari ársins**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

**3. Framlag til æskulýðsmála**
Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**4. Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**5. Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

**6. Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á netfangið **samfelagsverdlaun@frettabladid.is** eða bréfleiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík**.

Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tilllögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **15. febrúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# Við lítum með stolti yfir árangur viðskiptavina okkar á árinu

Landsbankinn þakkar ánægjulegt, gjöfult og einstaklega árangursríkt samstarf á árinu 2006, jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Við lítum björtum augum til ársins 2007 og horfum með tilhlökkun til verkefna, samstarfs og tækifæra sem það ber í skauti sér.

Landsbankinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum farsældar og velgengni á nýju ári.

### Avion Group

**Starfsemi:** Samgöngu- og flutningafyrirtæki
**Verkefni:** Frumskráning hlutabréfa í kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** ISK 10 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

### Eskja hf.

**Starfsemi:** Útgerð og fiskvinnsla
**Verkefni:** Kaup á Aðalsteini Jónssyni SU-11
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

### Toyota á Íslandi hf.

**Starfsemi:** Bílaumboð
**Verkefni:** Kaup Smáeyjar ehf. á Toyota á Íslandi hf.
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Janúar 2006

### Iceland Foods

**Starfsemi:** Matvöruverslanakeðja
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 180 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Febrúar 2006

### Weetabix

**Starfsemi:** Matvælaframleiðandi
**Verkefni:** Endurfjármögnun félagsins
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 17 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Mars 2006

### Avion Group

**Starfsemi:** Samgöngu- og flutningafyrirtæki
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa, sölutrygging og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 10 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Mars 2006

### CONDUIT

**Starfsemi:** Upplýsingaveita
**Verkefni:** Yfirtaka Infonxx á Conduit
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** EUR 98 milljónir
**Land:** Bandaríkin
**Hvenær:** Mars 2006

### FL Group

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 15 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Mars 2006

### IGD

**Starfsemi:** Fasteignafyrirtæki
**Verkefni:** Sala á hlut í félaginu til fagfjárfesta
**Hlutverk bankans:** Kepler | Landsbanki var ráðgjafi IGD
**Umfang verkefnis:** EUR 13 milljónir
**Land:** Ítalía
**Hvenær:** Júní 2006

### Ottakar's plc.

**Starfsemi:** Bóksali
**Verkefni:** Yfirtökutilboð frá HMV plc.
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki var ráðgjafi Ottakar´s
**Umfang verkefnis:** GBP 63 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Júlí 2006

### Zenergy Power plc.

**Starfsemi:** Framleiðsla háhitaofurleiðara
**Verkefni:** Skráning bréfa á AIM markaðinn
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki sá um ráðgjöf og miðlun
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir
**Land:** Þýskaland
**Hvenær:** Ágúst 2006

### eircom

**Starfsemi:** Fjarskiptafyrirtæki
**Verkefni:** Sala á Babcock & Brown Capital Ltd.
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi starfsmanna
**Umfang verkefnis:** EUR 4,4 milljarðar
**Land:** Írland
**Hvenær:** Ágúst 2006

### Marel

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Hlutafjárútboð
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** ISK 5,5 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** September 2006

### Blagden Packaging

**Starfsemi:** Framleiðsla og dreifing á stáltunnum
**Verkefni:** Yfirtaka stjórnenda á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** Um EUR 275 milljónir
**Land:** Belgía
**Hvenær:** Október 2006

### Eimskipafélag Íslands ehf.

**Starfsemi:** Flutningar
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 6,8 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Október 2006

ÍSLENSKA/SIA.IS LBI 35522 12/06

## M2 Communications

**Starfsemi:** Birting frétta á netinu
**Verkefni:** Kaup Framtíðarsýnar á M2
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** USD 2 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Febrúar 2006

## Marel

**Starfsemi:** Þróa og framleiða tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa, sölutrygging og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 6 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Febrúar 2006

## Sterile Technology Group

**Starfsemi:** Úrgangseyðing
**Verkefni:** Sala til Stericycle
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki var ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** EUR 120 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Febrúar

## BTC

**Starfsemi:** Símafélag í Búlgaríu
**Verkefni:** Kaup Carrera á BTC
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 175 milljónir
**Land:** Búlgaría
**Hvenær:** Mars 2006

## Samson eignarhaldsfélag ehf.

**Starfsemi:** Fjárfestingarfélag
**Verkefni:** Fjármögnun
**Hlutverk bankans:** Útgáfa skuldabréfa og sala
**Umfang verkefnis:** ISK 5 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Apríl 2006

## AEW
### Thurne and Delford Sortaweigh

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Kaup Marel á félaginu
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** GBP 14 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Apríl 2006

## Elkhart Plastics

**Starfsemi:** Hverfissteyptar plasteiningar
**Verkefni:** Yfirtaka Promens á Elkhart Plastics
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf, fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Bandaríkin
**Hvenær:** Apríl 2006

## TDC

**Starfsemi:** Stærsta fjarskiptafyrirtæki í Danmörku
**Verkefni:** Yfirtaka Nordic Telephone Company á TDC
**Hlutverk bankans:** Sölutrygging og þátttaka
**Umfang verkefnis:** EUR 75 milljónir
**Land:** Danmörk
**Hvenær:** Apríl 2006

## Scanvægt International

**Starfsemi:** Þróar og framleiðir tæki fyrir matvælaiðnað
**Verkefni:** Kaup Marel á Scanvægt
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** EUR 109 milljónir
**Land:** Danmörk
**Hvenær:** Ágúst 2006

## eircom

**Starfsemi:** Stærsta símafyrirtæki Írlands
**Verkefni:** Yfirtaka BCM á eircom
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 30 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** September 2006

## Danish Bacon Company

**Starfsemi:** Heildsala með matvöru
**Verkefni:** Kaup Woodward Foodservice á Danish Bacon Company
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** GBP 43 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** September 2006

## Cheshire Guernsey Ltd.

**Starfsemi:** Innlánastofnun á Guernsey
**Verkefni:** Kaup Landsbankans á bankanum
**Hlutverk bankans:** Kaupandi
**Umfang verkefnis:** GBP 21 milljón
**Land:** Guernsey
**Hvenær:** September 2006



## Aer Lingus

**Starfsemi:** Flugfélag
**Verkefni:** Einkavæðing og skráning í kauphöll
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki tók þátt í skráningu og sölutryggði hluta bréfanna
**Umfang verkefnis:** EUR 750 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Október 2006

HAUGEN-GRUPPEN

## Haugen Gruppen

**Starfsemi:** Matvæladreifing
**Verkefni:** Kaup HG Nordic á Haugen Gruppen
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Noregur, Svíþjóð, Danmörk
**Hvenær:** Október 2006

## Yell

**Starfsemi:** Gagnavinnsla fyrir verslun og þjónustu
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þáttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## Debenhams

**Starfsemi:** Keðja smásöluvöruhúsa
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

NÝSIR

## Nýsir UK Ltd.

**Starfsemi:** Fasteignafélag
**Verkefni:** Fjárfestingar í Bretlandi
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** Trúnaðarmál
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## Meridian Technologies

**Starfsemi:** Framleiðir íhluti úr magnesíum í bíla
**Verkefni:** Kaup Estatia AG á félaginu
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og fjármögnun
**Umfang verkefnis:** CAD 213 milljónir
**Land:** Kanada
**Hvenær:** Desember 2006

## Polimoon AS

**Starfsemi:** Framleiðir umbúðir úr plasti
**Verkefni:** Kaup Promens á félaginu og afskráning þess úr kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 298 milljónir
**Land:** Noregur
**Hvenær:** Desember 2006

## West Ham United plc.

**Starfsemi:** Knattspyrnufélag í ensku úrvalsdeildinni
**Verkefni:** Kaup WH Holding á West Ham United
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Umfang verkefnis:** GBP 105 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## Sonas Automotive

**Starfsemi:** Málmstönsun
**Verkefni:** Kaup Sonas á deild úr Wagon plc.
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 37 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## Longford Cables Ltd.

**Starfsemi:** Framleiðsla á koparleiðurum
**Verkefni:** Yfirtaka hluthafa í Manchester Cables á Longford
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 19 milljónir
**Land:** Írland
**Hvenær:** Desember 2006

## Austin Reed Group plc.

**Starfsemi:** Fataverslanir
**Verkefni:** Yfirtaka af markaði
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 10 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## Brainjuicer Group plc.

**Starfsemi:** Markaðsrannsóknir á netinu
**Verkefni:** Skráning á AIM markaðinn og sala hlutafjár til fagfjárfesta
**Hlutverk bankans:** Teather & Greenwood | Landsbanki var miðlari og ráðgjafi
**Umfang verkefnis:** GBP 14 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## NATIXIS

**Starfsemi:** Banki
**Verkefni:** Hlutabréfaútboð
**Hlutverk bankans:** Kepler | Landsbanki hafði umsjón með útgáfunni
**Umfang verkefnis:** EUR 5,3 milljarðar
**Land:** Frakkland
**Hvenær:** Desember 2006

## Pacific Andes

**Starfsemi:** Alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki
**Verkefni:** Fjárfestingarlán
**Hlutverk bankans:** Lánveitandi
**Umfang verkefnis:** USD 30 milljónir
**Land:** Singapúr
**Hvenær:** Desember 2006

## China Fisheries International Ltd.

**Starfsemi:** Alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki
**Verkefni:** Rekstrarfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Lánveitandi
**Umfang verkefnis:** USD 30 milljónir
**Land:** Singapúr
**Hvenær:** Desember 2006

## Aer Lingus

**Starfsemi:** Flugfélag
**Verkefni:** Varnir gegn óvinveittri yfirtöku Ryanair
**Hlutverk bankans:** Merrion | Landsbanki er ráðgjafi félagsins
**Umfang verkefnis:** EUR 1,5 milljarðar
**Land:** Írland
**Hvenær:** Yfirstandandi

ÍSLENSKA/SIA.IS/LBI 35522 12/06

## Dr. TH. Böhme KG

**Starfsemi:** Framleiðsla á efnalitum
**Verkefni:** Eignatryggt lán vegna rekstrar
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 14 milljónir
**Land:** Þýskaland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## Lambert Howarth Group plc.

**Starfsemi:** Hönnun og dreifing á smásöluvörum
**Verkefni:** Endurfjármögnun með eignatryggðu láni
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** GBP 13 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## Urriðakot

**Starfsemi:** Fasteignafélag
**Verkefni:** Nýtt verslunarhús fyrir IKEA í Garðabæ
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** ISK 2 milljarðar
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## Dagsbrún hf.

**Starfsemi:** Fjarskipta- og fjölmiðlafyrirt.
**Verkefni:** Endurskipulagning félagsins og skipting í 365 hf. og Teymi hf. Skráning Teymis í Kauphöll
**Hlutverk bankans:** Ráðgjöf
**Land:** Ísland
**Hvenær:** Nóvember 2006

## House of Fraser

**Starfsemi:** Keðja smásöluvöruhúsa
**Verkefni:** Yfirtaka Baugs og fleiri aðila á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun greiðslukortahluta
**Umfang verkefnis:** GBP 23 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## 20:20 Mobile Group

**Starfsemi:** Dreifing síma og símaíhluta
**Verkefni:** Yfirtaka Chicago Beta Ltd. á félaginu
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun
**Umfang verkefnis:** GBP 20 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## BCA

**Starfsemi:** Uppboðsaðili fyrir notaða bíla
**Verkefni:** Endurfjármögnun
**Hlutverk bankans:** Þátttaka í sambankaláni
**Umfang verkefnis:** GBP 15 milljónir
**Land:** Bretland
**Hvenær:** Desember 2006

## Venere

**Starfsemi:** Evrópsk hótel-bókunarþjónusta
**Verkefni:** Kaup Advent á Venere
**Hlutverk bankans:** Fjármögnun og sölutrygging
**Umfang verkefnis:** EUR 22 milljónir
**Land:** Ítalía
**Hvenær:** Desember 2006



**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**123** milljarða króna vöruskiptahalli á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

**120** milljarða árleg heildarvelta hins nýstofnaða félags Northern Travel Holding.

**195** milljóna króna tap Mosaic Fashions á þriðja fjórðungi reikningsárs síns.

BANKAHÓLFIÐ



## Milli steins og sleggju

Sterkur orðrómur er í gangi um að Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, komi til með að taka að fullu yfir Ár og Dag og þar með Blaðið.

Nokkur óróleiki er sagður hafa farið í gang yfir samstarfi Sigurðar G. Guðjónssonar, stjórnarformanns Árs og dags, við Baug á tímaritamarkaði, en hann var einnig í forsvari fyrir Birtíng, sem að stærstum hluta var seldur til Hjálms, sem er í eigu Baugs.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur sú hugmynd að Árvakur taki alveg yfir Blaðið verið rædd í eigendahópnum, en sé samt ekki lengra komin en það.

Ljóst er að Árvakur hefur áhuga á Blaðinu, enda keypti félagið sig inn í það. Spurning er bara hver er í kjörstöðu til að selja hverjum.

## Breyttir tímar

Hlutabréfavelta á síðasta viðskiptadegi ársins 2006 slagaði hátt upp í alla veltu ársins 2001 á innlendum hlutabréfamarkaði. Veltan síðastliðinn föstudag nam tæpum 113 milljörðum króna sem mestmegnis var tilkomin vegna færslu á eignarhlut FL Group í Glitni frá Íslandi til Hollands.

Til samanburðar nam heildarveltan á Verðbréfaþingi Íslands, forvera Kauphallarinnar, 137 milljörðum króna árið 2001. Þetta var annað versta ár sem fjárfestar hafa upplifað á innlendum hlutabréfamarkaði en Úrvalsvísitalan féll um ellefu prósent frá árinu áður.

## Hálfur milljarður á lofti

Ekki þarf sérfræðinga til að gera sér grein fyrir því að aldrei hefur fleiri flugeldum verið skotið á loft eins og síðasta gamlárskvöld.

Sérfræðingar áætla að Íslendingar hafi varið um hálfum milljarði í flugeldakaup þessi áramótin. Það er í takt við annað að slíkar fjárhæðir séu nefndar í slíku samhengi. Hér á árum áður var slík fjárhæð talin þokkalegur hagnaður stærstu fyrirtækja landsins. Nú er öldin önnur og hálfur milljarður þykir ekki tilefni stórra yfirlýsinga eða tíðinda, en það verður að segjast eins og er að hann er býsna fallegur þegar hann brennur.




**Erum flutt!**






**Kröftug ryksöfnun.** Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters. **Öflugt jónastreymi.** Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna. **Bakteríudrepandi útfjólublár lampi.** Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur. **Áhrifamikil lyktareyðing.** Tækið eyðir lykt auðveldlega svo sem reykingalykt, matarlykt og fúkalykt. **Ljóshvatasía.** Ljóshvati er efni sem sýnir hvötunarviðbrögð þegar ljós skín á það. Þessi sía eyðir lífrænum efnasamböndum eins og köfnunarefnisoxíði, úrgangsgasi, ýmsum bakteríum, vondri lykt o.s.frv. **Þrjú skref.** HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu). **Gaumljós.** Ljós sýna hvort þrífa þarf filterinn (stál blöðin) eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds. **Falleg og hentug hönnun.** Tækið er afar vel hannað bæði með útlit og notagildi í huga. **Orkusparandi hönnun.** Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W á klst.

ECC Bolholti 4 – Sími 511 1001

www.ecc.is

ECC

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

**Norðurljósin** hafa síðustu viku dansað skemmtilega á himninum. Á ferðalagi er stundum gott að líta upp öðru hvoru og athuga hvað er að sjá.





Chitralada-höllin minnir einna helst á listasafn.

# Íburðarmikið listasafn konungs

***Chitralada-höllin í Bangkok er heimili Bhumibol Adulyadej konungs og Sirikit drottningar Taílands. Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, heimsótti konungshöllina nýlega.***

Höfuðborgin Bangkok er stærsta og fjölmennasta borg Taílands. Í borginni, sem er þekkt á máli heimamanna sem Krung Thep, búa samkvæmt opinberum tölum um það bil 6,4 milljónir manna. Sannleikurinn er hins vegar sá að í borginni búa og starfa allt upp í 15 milljónir manna.

Straumur ferðamanna til borgarinnar hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og er borgin nú vinsælasti ferðamannastaður í Asíu. Eitt helsta aðdráttarafl ferðamanna í borginni er Chitralada-konungshöllin sem er ein af þremur höllum konungsfjölskyldunnar í borginni. Höllin og umhverfi hennar eru sveipuð sannkölluðum ævintýraljóma, girðingin umhverfis hallargarðinn þykir vera einstaklega falleg smíði og innan hennar eru gylltir þaktoppar, íburðarmiklar styttur og glæsilegir listmunir sem gnæfa yfir gesti hallargarðsins. Bhumibol konungur, sem nú situr að krúnunni, er fyrsti konungurinn af ætt sinni til þess að búa í höllinni, en hann fluttist í höllina eftir að eldri bróðir hans, Rama VIII konungur, lét lífið með dularfullum hætti í annarri konungshöll í borginni.



Mikill fjöldi ferðamanna mundar myndavélarnar í garðinum.



Chitralada-höllin er ein af þremur konungshöllum í Bangkok.



Gestir garðsins mega sín lítils við hlið hlið þessara glæsilegu styttna.



„Við verðum með heilsutengda viðburði á hótelinu og höfum fengið í lið með okkur færustu sérfræðinga landsins í ýmsum greinum," segir Eva Björk sem hér er ásamt manni sínum Þorsteini M. Kristinssyni.

# Lífsstílshótelið Laki

***Heilsuefling verður stór liður í starfsemi nýs hótels sem opnað verður á morgun 4. janúar að Efri-Vík í Landbroti. Það heitir Hótel Laki.***

„Það er erfitt að ná mér í rúminu því nóg er að gera og nú flýgur tíminn," segir Eva Björk Harðardóttir í Efri- Vík glaðlega þegar slegið er á þráðinn til hennar á tíunda tímanum einn morguninn og spurt hvort verið sé að vekja. „Við erum á lokasprettinum með fyrsta áfanga hótelsins af þremur. Þar eru 16 herbergi, matsalur, nýtt eldhús og bar. Svo erum við búin að breyta gamla íbúðarhúsinu í stórt lobbý, brjóta niður veggi og breyta."

Samhliða hefðbundnum rekstri í gistingu, veitingasölu, ráðstefnuhaldi og veislum verður svokölluð Heilsulind stór þáttur í starfsemi Hótel Laka að sögn Evu Bjarkar. „Við erum að setja upp dagskrá með heilsutengdum viðburðum og höfum fengið í lið með okkur um 20 bestu sérfræðinga landsins í mataræði, líkamsrækt og hvers kyns heilsueflingu. Þar má nefna Nataliu B. Sirenko, Sólveigu Eiríksdóttur, Þorbjörgu Hafsteinsdóttur, Goran yfirþjálfara hjá Nordica Spa, Ester Guðmundsdóttur sem unnið hefur með matarfíkla og lithimnufræðinginn Lilju Oddsdóttur. Einnig verðum við með spákonu sem rýnir í framtíðina og miðla, rope joga-meistara og heilun, fyrir utan heita potta og sauna sem við höfum boðið uppá lengi. Þannig að nú getur fólk gefið heilsubótarhelgi á Hótel Laka í tækifærisgjafir!"

Efri-Vík er um fimm kílómetrum sunnan við Kirkjubæjarklaustur. Margir hafa notið þess að dvelja þar í heimagistingu og smáhýsum því ferðaþjónusta hefur verið rekin þar í áratugi af foreldrum Evu Bjarkar, Herði Davíðssyni og Salóme Ragnarsdóttur. Síðustu ár hafa þau Eva Björk og Þorsteinn Kristinsson maður hennar tekið fullan þátt í rekstrinum og nú mun nafnið á fyrirtækinu breytast. Eva Björk er spurð út í það. „Laki er þekkt örnefni í nágrenni okkar og því fylgir mikil orka. Það bendir til hræringa og breytinga, hita og krafts. Við ætlum að reyna að starfa þannig. Það má líka geta þess að golfklúbburinn hér heitir Laki og golfvöllurinn er á gamla túninu okkar."

Heimasíða hótelsins er þó enn sem komið er www.efrivik.is.

*gun@frettabladid.is*



Hótel Laki verður glæsilegt eins og þessi teikning ber með sér.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Bílar til sölu




Gríptu Jólagæsina! Síðustu tilboð ársins. Tombóluverð á nýjum og nýlegum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



**Þennan er gott að eiga allt árið !!**
Subaru Legacy, árg. '00, ek. 120 þ., 5 gíra, Abs, Cd, sk. '07, álfelgur. Fæst á láni 875 þ., 820 0151.

Tveir fyrir einn. Trooper 35" '99 ókeyrður á vél og Hyundai Acceent í kaupæti. Verð 1350 þ. Sími 825 0546.



til sölu 2002 Ford F 150 SVT BOSS ekinn 24Þm. sjálfsk, rwd, 5.4bensín með kenne bell keflablásara og 3 tölvur fyrir kveikju og eldsneyti, 20" chromefelgur, leður, filmur, cruize ofl. einn af 500 framleiddum (236) rosalega öflugur og skemmtilegur bíll. Uppl. í síma 866 5016 verð 3.3m . Getur selst á allt að 100% láni.

### 0-250 þús.

Toyota Land Cruiser 70 diesel, árg. '87, þarfnast smá lagfæringa. Tilboð óskast. S. 869 1075.

### 500-999 þús.



**18 þ. pr mánuð fyrir fallegan Station !!**
Ford Focus, árg. '00, ek. 112 þ., 5 gíra, sk. '07, Abs, fæst á 100% láni 634 þ., 18 þ. pr. mán., 661 8197.

### 1-2 milljónir



Til sölu gangfær en flóðaður C240 árgerð 2003. Parfnast hreinsunar og standsetningar. Verð 1,2 milljón. Skipti ath. Óskráður en mælivottorð fylgja. Sími 663 7499.



**Algjör Gullmoli !!!!!!**
Nissan Micra, árg. '05, ek. 8 þ., 5 gíra, Abs, Cd, sk. '08. Ásett 1470 þ., 100% lán 1399 þ., 820 0151.

Isuzu Trooper '99. Rauður, br. 35". Ek. 201þ. Læstur fr. og aft. Skoðaður 2007. S. 660 1567.

### Bílar óskast

Óska eftir að kaupa vel með farinn ódýran bíl, skoðaðan '07 og á vetradekkum verðhug. 0-150 þús. Upplýsingar s. 893 3276.

### Jeppar




Gríptu Jólagæsina! Síðustu tilboð ársins. Tombóluverð á nýjum og nýlegum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fjcruiser torfærujeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com



**Ótrúlega sparneytinn og lipur, 100% lán!**
Suzuki Jimny JLX, árg. '04, ek. 45 þ., sk. '07, Cd, ásett 1290 þ. Fæst á 100%yfirtöku 1110, s. 897 2425.

Til sölu MMC Pajero árg. '92, get tekið ódýrari bíl uppí. Verð 250 þús. Uppl. í s. 616 6439.

### Pallbílar




### Vélsleðar



Mjög vel með farinn Yahama V Max 700 sleði, ek. 4 þús. km. V. 335 þús., engin skipti. Aukabúnaður grind, taska, nelgt belti 35 mm og geymir fyrir GPS ásamt festingu. S. 660 3099.

### Fellihýsi

**Fellihýsi á tilboði**
9 feta fellihýsi Palomino Colt með fortjaldi, 2006 árg. Verð nýtt 1.200.000kr. Selst á aðeins 890 þ. Uppl. í s. 822 1920 & 660 7577.

### Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.

### Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.



Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is




Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftuborð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða og varahlutaþjónusta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is







### Varahlutir




**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Rafstilling ehf.**
**Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Á varahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, Legacy '93. Accent '95. S. 896 8568.

### Bátar

**30 rúmlesta skipstjórnarnám**
Fjarnám við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Skráning á vefnum www.fas.is Sími 4708070 Umsóknafrestur til 18. janúar.

### Viðgerðir




## KEYPT & SELT

### Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ., þvottavél á 10 þ., þurrkari á 10 þ. og uppþvottavél á 10 þ., 14" sjónvarp á 5 þ., frystiskápur m. glerhurð á 15 þ., frystiskápur 85 cm á 10 þ. Örbylgjuofn á 4 þ. S. 896 8568.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar og þurrkara. S. 847 5545.

### Tölvur




Nýjar tölvur og fl.
www.vefkaup.is

Notaðar tölvur og fl.
http://tolvur.vortex.is

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.




Nýjar tölvur í hverri viku, góð verð. BMS-Tölvulausnir, Suðurlandsbraut 8, Sími 565 7080

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

### Vélar og verkfæri



Kress 24v SDS vélar Ásborg, Smiðjuvegi 11. S. 564 1212.

### Til bygginga



# RÁÐNINGARÞJÓNUSTAN





Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendum stendur til boða að spara dýrmætan tíma, fyrirhöfn og fjármuni við að nýta sér ráðningar- og starfsmannaþjónustu fagfólks og geta með einu símtali sett af stað ferli sem við sjáum svo um að ljúka. Ráðningarþjónustan sér þannig um allt ráðningarferlið, frá upphafi til enda.

## Okkar þjónusta

- Aðstoð við gerð starfslýsinga
- Gagnagrunnsleit
- Birting auglýsinga á heimasíðu okkar
- Hönnun og gerð auglýsinga í dagblöð
- Svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Fagleg ráðgjöf og þátttaka í ráðningarviðtölum
- Stöðluð viðtöl hjá ráðgjafa
- Sérhæfð viðtalstækni; hegðunartengd viðtöl
- Öflun umsagna
- Persónu- og hæfnismat
- Persónuleikapróf
- Fundaraðstaða
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga
- Túlkun og þýðingar fyrir ensku- og pólskumælandi umsækjendur
- Ráðningarferli lokað og umsækjendum svarað

## Ráðningar

- Ráðningar í allar stöður frá stjórnendum til almennra starfsmanna
- Ráðningar erlends starfsfólks
- Einstaklingsskönnun (e. headhunting)

## Okkar sérstaða

- Persónuleg og fagleg þjónusta
- Gagnkvæmur trúnaður
- Sterkur faglegur bakgrunnur ráðgjafa
- Tengsl við erlendar ráðningarstofur
- Öflugur gagnagrunnur
- Þekkt og fjölfarin heimasíða
- Samkeppnishæf verð
- Ábyrgð á ráðningum

RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is




allt matur

Alla föstudaga



ATVINNA

## Skrifstofustarf

Fiskvinnslu- og útflutningsfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfskrafti á skrifstofu.

Starfið felst í gerð tollskjala, almennri bókhaldsvinnu, launaútreikningum og fleiru.

Áhugasamir sendi upplýsingar um reynslu, mentun, aldur og fyrri störf á netfangið **laufey@hamrafell.is**

KÓPAVOGSBÆR

## Leikskólinn Álfatún

- **Matsveinn óskast til starfa í mötuneyti leikskólans Álfatúns í Kópavogi.**
  Um er að ræða fullt starf. Vinnutími getur verið sveigjanlegur.
  Í leikskólanum er lögð áhersla á hollt og fjölbreytt fæði.
  Í eldhúsi leikskólans eru eldaðar tvær máltíðir á dag auk síðdegishressingar.

Leikskólinn er þátttakandi í Sokrates-Comenius-áætlun Evrópusambandsins og er í samstarfi við fjóra skóla í Evrópu.

Áhugasamir hafi samband við leikskólastjóra, Jóhönnu Thorsteinson, í síma 863 9111 eða 564 6266.

Laun samkv. kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og og viðkomandi stéttarfélags

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

TILKYNNINGAR

**Barnaverndarstofa**

## Hefur þú áhuga á því að gerast fósturforeldri?

Barnaverndarstofa leitar eftir fólki sem hefur áhuga á að gerast fósturforeldrar.

Sérstaklega er leitað eftir fólki á höfuðborgarsvæðinu. Um er ræða börn sem þurfa að fara í tímabundið eða varanlegt fóstur.

Áhugasamir hafi samband við Hildi Sveinsdóttur á Barnaverndarstofu í síma 530 2600 sem veitir nánari upplýsingar um hlutverk fósturforeldra og umsóknarferli.

FASTEIGNIR

**Draumahús** 530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41

# Jóla- og áramótatilboð Draumahúsa gildir út þrettándann!



Allir þeir sem koma með íbúðarhúsnæði sitt í einkasölu hjá Draumahúsum býðst einkasöluþóknun kr. **199.900** auk vsk.

**www.draumahus.is**


TAKTU NÆSTA SKREF MEÐ RE/MAX®
SLÁSTU Í HÓP MEÐ ÖFLUGUSTU SÖLUFULLTRÚUM HEIMS
10 Ástæður fyrir því að fjárfesta í RE/MAX Sérleyfi
Af því það er ennþá hægt !
Hugsanlega er mesta verðgildið í RE/MAX kerfinu falið í sjálfu RE/MAX nafninu.
Fullur stuðningur í einu og öllu.
RE/MAX er viðurkennt um allan heim sem fremsta fyrirtækið í fasteignaviðskiptum.
RE/MAX notar nýjustu tækni.
RE/MAX hefur stækkað og eflst í hverjum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað.
RE/MAX selur sérleyfi á hverjum degi.
RE/MAX þekkir alla sína viðskiptavini.
RE/MAX fyrir alla landsmenn.
Standið ein að ykkar viðskiptum en ekki óstudd, RE/MAX er öflugur bakhjarl.
RE/MAX®
ÍSLAND
remax@remax.is
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

# TOPP 5: ROBIN WILLIAMS

Robin Williams (fæddur 1951) skaust upp á stjörnuhimninni með Good Morning, Vietnam (1987) og hefur notið almennrar velgengni síðan þá. Hér eru fimm bestu myndir hans:

1. One Hour Photo (2002). Starfsmaður framköllunarstofu fær fjölskyldu eina á heilann. Williams sýnir að það liggur jafnvel fyrir honum að leika vafasama og væmna furðukalla.

2. Good Morning, Vietnam (1987). Útvarpsmaður léttir bandarískum mönnum lífið í Víetnam. Williams uppskar fyrstu Óskarsverðlaunatilnefninguna af fjórum og átti hana fyllilega skilið.

3. The Dead Poets Society (1989). Bókmenntakennari kennir nemendunum að njóta lífsins, í mynd sem skilaði Willams annarri Óskarsverðlaunatilnefningu.

4. The World According to Garp (1982). Flókin samskipti mæðgina í forgrunni í mynd sem var lyftistöng fyrir Williams, Glenn Close og fleiri góða.



5. Mrs. Doubtfire (1993). Faðir dulbýst sem kona og ræður sig sem húshjálp hjá fyrrverandi eiginkonu sinni eftir að hafa misst forræði yfir börnunum. Myndi sem væri hvorki fugl né fiskur nyti Williams ekki við.

Útsala
Mikil verðlækkun
marimekko®
Laugaveg 56 • Sími 551 7600

allt auglýsingasími
550 5880

## VISSIR ÞÚ...

... að í Kanada eru fleiri kleinuhringjastaðir miðað við höfðatölu en í nokkru öðru landi?

... að í Kína er það sem er kallað hvítt te einfaldlega soðið vatn?

... að í matreiðslu jafngilda sex dropar einni skvettu?

... að í mötuneyti Boston-háskóla eru borðaðir 16.850 bananar í hverri viku?

... að í neyð er hægt að nota vökvann í óþroskuðum kókoshnetum sem blóðvökva?

... að í Roquefort-ost er notuð sauðamjólk?

... að í sítrónum er meiri sykur en í jarðarberjum?

... að í Toronto í Kanada er eini McDonald's-veitingastaðurinn í heiminum sem selur pylsur?

... að Japanar flytja allra þjóða mest út af froskalöppum?

... að japanskur listamaður gerði árið 1983 eftirmynd af Mónu Lísu úr ristuðu brauði?

... að jógúrtneysla hefur fjórfaldast í Bandaríkjunum síðustu 20 árin?

... að kaffi dregur ekki úr áhrifum alkóhóls eins og svo oft sést í bíómyndum heldur hefur það í raun þveröfug áhrif?

... að kaffi er vinsælasta örvunarlyfið?

... að kartöfluflögur voru fundnar upp í Louisiana í Bandaríkjunum árið 1853?

... að kartöflur komu fyrst til Evrópu á 16. öld með spænskum skipum frá Perú?

... að kílóverð á hamborgurum er hærra en á nýjum bíl?

... að kínverskar hænur verpa 278.564.356.980 eggjum árlega?

... að kínverskar spádómskökur voru fundnar upp í Bandaríkjunum árið 1918 af Charles Jung?

... að kjarninn í golfkúlu er fylltur með hunangi sem er einnig notað í frostlög?

... að kleinuhringir eru upprunnir í Hollandi?

... að kók er notað til að hreinsa upp blóðbletti á þjóðvegum Bandaríkjanna?

... að laukur er góður fyrir blóðrásina?

... að laukur er hitaeiningasnauð fæða og inniheldur mikið af C-vítamíni, kalki, kalíum og trefjum?

... að laukur hefur verið notaður í matargerð í 5.000 ár?



# Fátæk börn peð í valdagráðugu tafli

**UMRÆÐAN**
Fátækt



RAGNAR HALLDÓRSSON

Þinglok Alþingis nú fyrir jólin breyttust skyndilega í örvæntingarfulla atlögu formanns Samfylkingarinnar að Geir H. Haarde forsætisráðherra. Með valdagráðugri reiði réðst flokksstýran að honum með afar ósanngjörnum áróðursorðum vegna viðkvæmustu borgara þessa lands: Fátækra barna.

Ruslbíómyndir, sorpsjónvarpsefni og drasldagblöð eiga sameiginlegt með sumum stjórnmálamönnum að beita jafnvel uppdiktuðu lýðskrumi til að rugla rökvísi fólks. Og þekkt er sú aðferð lýðskrumara í stjórnmálum að kýla undir beltisstað, en slík högg hafa lengi þótt bleyðulegust aðferða til að styrkja stöðu sína í kappleik og kappræðu. Formaður Samfylkingarinnar veit betur en áhorfendurnir sem hún reyndi að blekkja gegn betri vitund. Hún veit að þegar Geir H. Haarde tók við formennsku Sjálfstæðisflokksins og embætti forsætisráðherra urðu straumhvörf í málefnum fátæks fólks á Íslandi – en hún þegir um það.

Allir vita að sá uppsafnaði vandi sem fátækt er á Íslandi er á ábyrgð forvera núverandi forsætisráðherra. Í tíð forverans átti helzt að láta sem fátækt fólk væri ekki til. Viðhorfsbreytingin síðan þá er umbylting. Tabú breyttist í hnitmiðaðar aðgerðir sem nú standa yfir.

Með einlægum ásetningi og fullum heilindum varð formaður Sjálfstæðisflokksins og samstarfsfólk við réttmætri ábendingu Samfylkingarinnar um opinbera rannsókn á aðstæðum þeirra sem búa við kröppust kjör hér á landi. Forsætisráðherra stóð svo sjálfur að gerð skýrslu um ástandið. Hann vildi rannsaka kjör fátæks fólks til að geta betur bætt þau. Með sérstökum fókus á fátæk börn, eldri borgara, einstæðra foreldra og öryrkja. Svo kemur formaður Samfylkingarinnar í aðdraganda jóla og ræðst á hann mitt í þessu verkefni. Er til ósmekklegri pólitík?

Fyrir formanni Samfylkingarinnar vakti fyrst og fremst að koma höggi á þann sem hún veit að í góðum ásetningi vill bæta samfélagið og auka mannúð þess. Svo áköf var hún í árásum sínum að orðin fátæk börn urðu sem merkingarlaus í munni hennar. Urðu eins konar söluvara. Það er óhugnanlegt að verða vitni að því að orðin fátæk börn breytist í söluvöru í munni vonstola stjórnmálamanna. Að fátæk börn séu notuð sem beita í atkvæðaveiðum. Og það er nýmæli að valdagráðugt fólk noti fátæk börn sem skiptimynt í rökþrota umræðu í harki stjórnmálanna með þessum hætti. Gegn betri vitund. Það er vont veganesti inn í framtíðina. Og afleit framkoma gagnvart vönduðum stjórnmálamönnum eins og Geir H. Haarde forsætisráðherra sem hefur sýnt sanngirni og samstarfsvilja í þessu alvarlega máli og vilja til öflugra aðgerða. Enda kom hann strax af stað víðtæku átaki til að bæta ástandið. Ríkið gerir nú sitt. Borgin líka. En flokksstýran þegir um það.

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur frelsis, mannúðar – og mannhelgi. Með áherzlu á virðingu fyrir einstaklingnum og þeim hæfileikum og krafti sem í honum býr og stækka manninn. Kristilegt siðgæði er þar grunnþema eins og í menningu okkar allri. Í því felzt svo sá ásetningur að vinna á öllum þjóðfélagsmeinum sem minnka manninn. Og er eilífðarverkefni. Róm var heldur ekki byggð á einum degi. Að taka á flóknum vanda tekur tíma. Ásetningur Sjálfstæðisflokks dagsins í dag er samt skýr og klár í þessu efni.

Formaður Samfylkingarinnar veit fullvel að vatnaskil hafa orðið í Sjálfstæðisflokknum sem hefur endurnýjast margvíslega og gæfulega. Ekki sízt í málefnum þeirra sem minnst mega sín. Með sígildu slagorðin stétt með stétt og frelsi og mannúð að leiðarljósi. En flokksstýrunni er sama. Rúin trausti sér hún það sem hún vill sjá. Fíkn í völdin byrgir henni sýn og brenglar því miður málstað hennar.

Vopnin snúast í höndum lýðskrumara. Og valdagræðgi er ekki gæfuríkur hvati í stjórnmálum frekar en önnur ágirnd. Blind peningagræðgi og valdagræðgi eru af sama meiði og tæra sálina. Þá er stutt í örvæntingu, dramb og heift sem eru verztu óvinir heilbrigðra stjórnmála. Það er áminning til formanns Samfylkingarinnar.

*Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.*

## AF NETINU

### Aðild ekki forsenda fyrir upptöku evru

**Korpen skrifar á visir.is um leiðara Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu 2. janúar**

Þegar eru nokkur lönd sem nota evru sem gjaldmiðil án þess að vera aðilar að EU og rétt að halda því til haga í stað fullyrðinga um að upptaka evru sé útilokuð án inngöngu EU.
Það sem vantar hinsvegar er skýr og greinagóð úttekt á kostum og göllum þess að kasta krónunni og taka upp annan gjaldmiðil. Greinagóða úttekt sem ekki er unnin eða kostuð af bönkunum, bissnissmönnum eða pólitíkusum með beina skammtíma eða langtíma hagsmuni af niðurstöðunni.

### Evran bjargar öllu

**Newidea skrifar á visir.is um leiðara Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu 2. janúar.**

Það er einfalt og virðist vera augljóst að aðild að EU og Maastricht myndi kannski bjarga okkur og víst er að mun betri stjórn á efnahagsmálum Íslands myndi verða raunin ef af yrði. Hitt er hinsvegar spurning hvort við, Íslendingar, látum eins vel að stjórn og meðbræður okkar á meginlandinu. Að afhenda stjórnun lands og lýðs í hendur fólki sem enga þekkingu hefur á hugsun eða karakter íslensku þjóðarinnar myndi verða fyrsta hindrun þessara áforma. Að ætla okkur það framtíðarhlutverk að verða öll eins, eins og Svíar eða Þjóðverjar, vanir að taka við skipunum möglunarlaust og hlýða skilyrðislaust er mynd sem ég á erfitt með að sjá fyrir mér.





*Sambýlismaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Ólafur Jónsson**

fyrrverandi formaður Landssambands eldri borgara,

lést í Sunnuhlíð í Kópavogi á gamlársdag. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Anna Sigríður Gunnlaugsdóttir**
**Bjarni Ólafsson** **Kristín Indriðadóttir**
**Anna Ólafsdóttir** **Björn Jónsson**
**Hafdís Ólafsdóttir** **Guðmundur Einarsson**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Svavar Sigurðsson**

vélvirki, Völvufelli 14, Reykjavík,

lést á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 23. desember. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Ellen Ingibjörg Árnadóttir**
**Gunnar Svavarsson** **Lára Sveinsdóttir**
**Örn Svavarsson** **Anna Kristín Sigurjónsdóttir**
**Guðmundur Sigurðsson** **Ólöf Jóhannsdóttir**
**Hinrik Þór Harðarson** **Guðbjörg Óskarsdóttir**
**Árni Már Harðarson**
**Gerður Björk Harðardóttir** **Kjartan Ólafsson**
**Björg Gunnarsdóttir** **Jóhanna Gunnarsdóttir**
**Lilja Gunnarsdóttir** **María Gunnarsdóttir**
**Viktor Örn Arnarson** **Daníel Sigþór Arnarson**
**Aron Gunnar Halldórsson**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Magnús E. Baldvinsson**

úrsmíðameistari, Hvassaleiti 58, Reykjavík,

lést þann 30. desember síðastliðinn á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 11.00.

**Unnur H. Benediktsdóttir**
**Erla Magnúsdóttir** **Örn Þórhallsson**
**Guðrún Magnúsdóttir** **Jón Sveinsson**
**Þuríður Magnúsdóttir** **Björn Á. Ágústsson**
**barnabörn og langafabörn**

---

*Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún J. Jóhannsdóttir**

Mávahlíð 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 29. desember. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 5. janúar kl. 15.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karítas, sími 551 5606 milli kl. 9 og 10.

**Sigurður J. Stefánsson**
**Jóhann Kristján Kristjánsson** **Anna B. Gunnarsdóttir**
**Ingólfur Davíð Sigurðsson** **Rósa Árnadóttir**
**og barnabörn.**

---

**MATTHÍAS JOHANNESSEN ER 77 ÁRA Í DAG**



*„Ég er kominn ósköp vel á veg og veit í hjarta mér að sjái ég trippi eða folald fara um haga á það fleiri daga framundan en ég.“*

*Úr ljóðabókinni Fuglar og annað fólk*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 3. JANÚAR 1521**

## Marteinn Lúther bannfærður



Á þessum degi gaf Leó X páfi út tilskipun þess efnis að Marteinn Lúther skyldi bannfærður frá hinni kaþólsku kirkju. Lúther var prófessor í biblíutúlkunum við háskólann í Wittenberg í Þýskalandi þegar hann negldi 95 tesur, eða kenningar, á kirkjudyrnar í borginni en þar var kaþólska kirkjan fordæmd fyrir sölu á aflátsbréfum og aðra spillingu.

Lúther lét kné fylgja kviði með útgáfu á guðfræðiritum sem voru ekki síður umdeild og áttu eftir að hafa mikil áhrif á hinn kristna heim; trúarhiti fyllti aðra eldmóði og siðbótarmenn spruttu upp um alla Evrópu. Þremur mánuðum eftir að Lúther var bannfærður var hann boðaður á kirkjuþingið í Worms þar sem hann skyldi svara fyrir skoðanir sínar fyrir Karli V, keisara hins Heilaga rómanska keisaraveldis. Lúther neitaði að draga í land og í kjölfarið dæmdi keisarinn hann útlaga og villutrúarmann. Lúther naut hins vegar verndar hjá ýmsum valdamiklum, þýskum prinsum.

Þegar Lúther lést árið 1546 var framvinda vestrænnar siðmenningar komin í nýjan farveg.

---

**STEFÁN EIRÍKSSON: LÖGREGLUSTJÓRI Í NÝJU UMDÆMI**

## Fór fyrstu eftirlitsgönguna

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, fór í fyrstu eftirlitsgöngu sína í nýju umdæmi í gær. Höfuðborgarumdæmið hóf starfsemi sína á nýársdag þegar lögregluembættin í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði voru sameinuð, en fyrsti virki starfsdagurinn var í gær. „Svona hefðbundin starfsemi á virkum dögum fór öll í gang núna,“ sagði Stefán í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann sagði breytingarnar hafa gengið ótrúlega vel, en þær hafa verið í undirbúningi í hálft ár. „Öll kerfi virkuðu og allir starfsmenn taka fullan og virkan þátt í þessu og mæta þessum breytingum með jákvæðni og brosi á vör. Það er lykillinn að góðum árangri,“ sagði Stefán. Hann sagði embættið þó ekki vera fullskapað á öðrum degi. „Við erum ekki með allt saman klárt og tilbúið og mótað upp í topp – enda væri það óeðlilegt, því löglreglan á að þróast í takt við það umhverfi sem hún býr í og þjónar,“ bætti hann við.

Eitt markmiðið með sameiningunni var að gera löggæslu sýnilegri, og sagði Stefán eftirlitsgönguna um miðbæ Reykjavíkur hafa verið lið í því. „Þetta er það sem við munum gera, ekki bara ég, heldur allir yfirmenn hjá þessu nýja embætti. Þetta er mikilvægt fyrir sýnilegu löggæsluna, og einnig mikilvægt fyrir yfirmenn til að vera í tengslum við íbúana og það sem er að gerast í umdæminu,“ sagði Stefán. „Við þurfum nú einhverjum tíma að eyða fyrir aftan skrifborðin líka, en við ætlum að taka virkan þátt í þessari starfsemi,“ bætti hann við.

sunna@frettabladid.is



**STEFÁN EIRÍKSSON** Yfirmenn nýja lögregluumdæmisins stefna á að verða sýnilegir á götunum að sögn lögreglustjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

---



*Elskuleg systir okkar,*

**Jóhanna María Jóhannsdóttir**

andaðist á sjúkrahúsi Neskaupstaðar 22. desember sl. Útför hennar fer fram frá Reyðarfjarðarkirkju fimmtudaginn 4. janúar kl 14.

**Sigríður Jóhannsdóttir** **Ármann Jóhannsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Olga Gísladóttir**

Kirkjulundi 8, Garðabæ, áður Heiðragerði 90, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 1. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Sigurðsson**
**Erla Fríður Sigurðardóttir** **Ingvar Friðriksson**
**Fríður Sigurðardóttir** **Ari Guðmundsson**
**Guðmundur Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Kjartan Stefánsson Keen**

listmálari, Lundi, Skagaströnd,

lést 22. desember.

**Örn Smári Kjartansson** **Bjarney Vala Steingrímsdóttir**
**Árdís Kjartansdóttir** **Hjörleifur Jóhannesson**
**Kristín Þóra Kjartansdóttir** **Hlynur Hallsson**
**Guðlaug Ásta Stefánsdóttir Vazquez**
**og barnabörn.**

---



*Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Rögnu Björnsson**

Ásvallagötu 24, Reykjavík,

fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 5. janúar kl. 15.00.

**Jón Ásgeir Sigurðsson** **Margrét Oddsdóttir**
**Margrét Sigurðardóttir** **Þórir Haraldsson**
**Björn Sigurðsson** **Hekla Smith**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

Lokað í dag, 3. janúar, vegna jarðarfarar Maríu Sigmundsdóttur.

**Á. GUÐMUNDSSON ehf.**

*Bæjarlind 8–10 · 202 Kópavogur · Sími 510 7300 · www.ag.is*

STOFNAÐ 1956



# ÉG ætla að bíða

MyPocket Productions

því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön
vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer
vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.
vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi
vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamanum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við.
vegna þess að ég er ástfangin
vegna þess að mig langar til að lifa heil
því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni
því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi
vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig
bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir
því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvitað
af því að ég vil geta sagt satt og sleppt öllu stressi
því ég er verulega einstakur og vil að fólk læri smám saman að meta mig fyrir það sem ég er
vegna þess að mig langar að fatta sjálfan mig fyrst
vegna þess að ég ætla mér að verða besta mögulega útgáfan af mér
vegna þess að þegar ég er ég finnst mér ég geta allt, og svoleiðis vil ég vera, - á mínu svæði einhvern veginn
maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta gert það betur næst
af því að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann
af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka
út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið
vegna þess að vinur bróður míns dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu
af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er
því ég er of upptekin við að skrifa bloggið mitt
vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu

KB BANKI — samfo SAMSTARF UM FORVARNIR — Reykjavíkurborg Forvarnanefnd — FRÉTTABLAÐIÐ




# STUÐ MILLI STRÍÐA Áramótablús

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** SETUR SIG Í VÖLVUSTELLINGAR



Mér leiðast flest mót. Sérstaklega íþróttamót, mannamót en fyrst og fremst mót mánaða og ára. Þessi tímamót virðast hafa þann tilgang einan að afmarka þjáningar og leiðindi á lífsleiðinni og auðvelda lánadrottnum að halda utan um skuldir vorar, reikna vexti og dráttarvexti ofan á þær og innheimta eftirstöðvar fortíðarsukks, sem væri auðvitað bara nútíðarsukk ef það þyrfti ekki alltaf að vera að rjúfa þá sögulegu samfellu, sem fábreytileg tilveran er, með mánaða- og áramótum.

Áramótin eru stærri og því verri en mánaðamótin en þá þykir tilefni til að staldra við, þakka fyrir liðið ár og óska fólki velfarnaðar á því næsta. Allt frekar innihaldslaust enda orðin tóm.

Sú iðja að standa eins og glópur á áramótum, líta um öxl og reyna um leið að spá fyrir um hið óorðna er fánýt en lýsandi fyrir það hversu mikinn óþarfa ys og þys við erum með út af einhverju jafn sjálfsögðu og að 1. janúar taki við af 31. desember. Þetta er alltaf í meginatriðum eins, ár eftir ár og dag eftir dag, ef því er að skipta.

Íslendingar eru enn sem fyrr grobbnir vitleysingar og oflátungar og í útlöndum er saklaust fólk brytjað niður af einbeittum vilja og geðveiki. Stundum meira að segja með sérstakri blessun Íslendinga. Það er ekki mikið varið í að staldra við og rifja þetta upp, sérstaklega í ljósi þess að það eina sem annálar gera er að færa manni heim sanninn um að mannkyninu er fyrirmunað að læra af sögunni og reynslunni.

Á nýliðnu ári voru framin mögnuð umhverfishryðjuverk og harðstjóri var hengdur. Þessi illvirki sem og mörg önnur voru framin í skjóli þess að þau væru Íslendingum og mannkyni öllu til heilla en samt verður árið 2007 ekkert betra en árin á undan enda á enn eftir að sökkva miklu landi, drepa fullt af fólki og nota fordæmd meðul illvirkja á þá sjálfa.

Vituð þér enn eða hvað?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





CATE BLANCHETT Tilnefnd til Golden Globe verðlauna í ár.

# Óttaðist að meiða Judi

Cate Blanchett óttaðist að hún myndi vinna Judi Dench mein í slagsmálaatriði í myndinni Notes on a Scandal. Í atriðinu skellir Blanchett hinni 72 ára gömlu Dench upp við vegg.

„Ég var dauðhrædd við að meiða hana en hún var með litla brynju á bakinu til að verja sig. Það var mikill léttir þegar tökum var lokið og við fórum og fengum okkur kampavín en þá vorum við skyndilega beðnar að taka atriðið upp aftur.“ Fyrir frammistöðu sína í myndinni er Blanchett tilnefnd til Golden Globe verðlauna í flokki aukahlutverka.

# Opnar skóla

Spjallþáttastjórnandinn Oprah Winfrey hefur opnað stúlknaskóla í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Winfrey gaf fyrrum forseta Suður-Afríku, Nelson Mandela, loforð fyrir sex árum um að opna skóla og nú er hann orðinn að veruleika.



OPRAH WINFREY Spjallþáttastjórnandinn ætlar að opna stúlknaskóla í Jóhannesarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að sögn Oprah vildi hún opna skólann svo hún gæti verið nánari því fólki sem hún væri að reyna að hjálpa. „Fyrst þegar ég fór að græða pening fannst mér pirrandi þegar ég var að skrifa hverja ávísunina á fætur annarri til góðgerðarsamtaka sem mér fannst ekki vera hluti af mér,“ sagði Oprah. „Á ákveðnum tímapunkti vill maður ná þessum tengslum.“



LINDSAY LOHAN Líður illa yfir að hafa sært fatafellur.

# Bað fatafellur afsökunar

Ungstirnið Lindsay Lohan hefur beðið allar fatafellur heimsins afsökunar eftir að upp komst að hún kallaði þær hórur í tölvupósti sem lak til fjölmiðla. Bréfið skrifaði Lohan í desember eftir að hafa sótt námskeið í súludansi í þeim tilgangi að æfa sig fyrir hlutverk nektardansmeyjar.

Til merkis um iðrun fór Lohan út á galeiðuna með nokkrum nektardansmeyjum á fimmtudag og sagði ljósmyndurum að hún héldi mikið upp á konur í þessum bransa. „Ég elska fatafellur,“ lét Lohan meðal annars hafa eftir sér og ein fatafella sagði að Lohan skæri ekki við nögl í þjórfénu.

# Ísland skotspónn rússneskra grínara?

„Rússneskir auðjöfrar hafa fengið Mariu Carey, Justin Timberlake og Whitney Houston til að skemmta sér um borð í flugvélinni Flying Titanic. Um 125 manns munu borða og skemmta sér á glæsilegum veitingastað inni í flugvélinni en förinni mun vera heitið til Íslands þar sem þeirra bíður íshöll. Hersingin mun síðan fagna nýju ári í leikmynd frá Hringadróttinssögu-kvikmyndunum.“ Svona hljómaði frétt rússneska veftímaritsins Pravda að morgni 30. desember. Miðaverðið í þessa glæsilegu ferð var sagt á bilinu ellefu til sextíu og sex milljónir íslenskra króna en svipað uppátæki vakti mikla athygli í fyrra þegar olíujöfrarnir fengu Tinu Turner til liðs við sig.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá afbókaði Mariah Carey sig enda var hún stödd með Opruh Winfrey í Suður-Afríku þar sem sjónvarpskonan fræga hélt glæsilega veislu á Sun City-hótelinu. Reyndar er ýmislegt grunsamlegt við frétt Pravda og ekki ólíklegt að hér hafi verið um grín að ræða og verið sé að skjóta föstum skotum á rússnesku auðjöfrana sem virðast geta leyft sér nánast allt í heiminum.

Bandaríska síðan Memphisflyer.com tekur málið upp og segir að varla sé til helvita maður sem myndi nefna flugvélina sína í höfuðið á skipinu fræga sem sökk í jómfrúarferð sinni. Þá myndi stórstirnið Justin Timberlake varla láta bjóða sér það að ferðast með dóphausnum Houston og skapofsakonunni Carey til Íslands til þess eins að skemmta rússneskum „glæpamönnum“.

- fgg



WHITNEY HOUSTON Kannski hefur söngkonan álitið þetta gott tækifæri til að blása nýju lífi í feril sinn.



TIMBERLAKE Sagður hafa komið til Íslands og sungið fyrir rússneska olíujöfra á íshóteli.



FORFÖLLUÐ Mariah Carey komst ekki með, hún var í nýársveislu hjá Opruh Winfrey.

Stórútsala Veiðihornsins
Aðeins í eina viku

- Neoprenvöðlur með vöðlutösku aðeins 7.495
- Öndunarvöðlur frá 10.995
- Veiðijakkar vatnsheldir með útöndun frá 8.995
- Veiðivesti frá 1.995
- Kaststangir frá 1.995
- Vandaðir hólkar fyrir veiðistangir aðeins 1.500
- Flugustangir frá 2.995
- Kasthjól frá 995
- Fluguhjól frá 2.995
- 10 spúnar aðeins 1.995

Úrval af veiðifatnaði sem er að detta út úr vöruvali okkar á mikið lækkuðu verði
Útsalan er líka í netverslun Veiðihornsins Veidihornid.is
**Útsalan stendur aðeins í eina viku**

***Ekki missa af útsölunni í Veiðihorninu***
***Komdu strax í dag***

VEIÐIHORNIÐ
Veiðihornið Hafnarstræti 5 • Veiðihornið Síðumúla 8 • veidihornid.is

**Kl. 20.00**

*Tónsmíðafélagið S.L.Á.T.U.R., Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, halda lúðratónleika í Fríkirkjunni. Sex flytjendur leika á lúðra en tveir af þeim eiga einnig verk á tónleikunum. Flutt verður ný tónlist eftir Áka Ásgeirsson, Benedikt Hermann Hermannsson, Guðmund Stein Gunnarsson, Inga Garðar Erlendsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Pál Ivan Pálsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tilfinningarík tónlist

Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Antonía Hevesi píanóleikari koma fram á hádegistónleikum í Hafnarborg á morgun. Yfirskrift tónleikanna er „Ljúflingslög“ en að sögn Antoníu verður leitast við að hafa andrúmsloftið rólegt og afslappandi og munu þau flytja íslensk sönglög í útsetningu Atla Heimis Sveinssonar tónskálds ásamt lögum eftir Vivaldi og Mozart.

Hjörleifur Valsson er mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og kemur víða við sem fiðluleikari auk þess að kenna fiðluleik við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hann leikur á hljóðfæri smíðuð af Antonio Stradivari, Christophe Landon og Hans Jóhannssyni.



**HJÖRLEIFUR VALSSON FIÐLULEIKARI** Leikur ásamt Antoníu Hevesi í Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, hefur staðið fyrir tónleikum í hádegi einu sinni í mánuði og fer vel á því að hefja árið á ljúfu nótunum. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Listrænn stjórnandi þeirra er Antonía Hevesi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar og öllum opnir meðan húsrúm leyfir og hefjast þeir kl. 12.

### > Ekki missa af …

jólasýningu **Kling & bang gallerís** sem lýsir upp skammdegið í bókstaflegri merkingu. Listamennirnir **Hekla Dögg Jónsdóttir, Daníel Björnsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** sýna saman á dimmasta tíma ársins.

leikriti Anthonys Neilson, **Ófögru veröld,** í Borgarleikhúsinu. Eitthvað fyrir alla í leikstjórn **Benedikts Erlingssonar.**

frönsku fauvistunum í **Listasafni Íslands**. Verk meistara franska expressjónismans má sjá á sýningunni **Frelsun litarins**.

## Jón fékk pening

Árleg úthlutun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins var á gamlársdag og fékk Jón Kalman Stefánsson hana að þessu sinni. Jón hlaut sem kunnugt er íslensku bókmenntaverðlaunin fyrr á árinu enda er hann margra verðlauna maklegur: Jón hóf feril sinn sem ljóðskáld en hefur um langt árabil stundað sagnabúskap og sent frá sér fjölda eftirminnilegra sagna.



**JÓN KALMAN STEFÁNSSON RITHÖFUNDUR**

Að vanda gafst þeganum tækifæri til að segja nokkur orð og kaus Jón að gera við athöfnina það að meginmáli sínu að gagnrýna lágar styrkveitingar íslenska ríkisins til erlendra háskóla sem reka íslenskuskorir fyrir námsmenn sína. Menntun erlendra manna í íslensku er sem kunnugt er mikilvægt tæki til að tryggja viðgang íslenskra bókmennta á erlendum vettvangi.

Verðlaunin eru peningaupphæð sem fengin er úr höfundarlaunum á íslensku efni í Ríkisútvarpinu hljóðvarpi. Þetta árið námu þau 600 þúsund krónum.






**ÞÓRA EINARSDÓTTIR SÓPRANSÖNGKONA** Syngur á ný með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fernum Vínartónleikum sem teljast mega með vinsælustu viðburðum í íslensku menningarlífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fólk syngur með í hjartanu

**Frumraun Þóru Einarsdóttur sópransöngkonu með Sinfóníuhljómsveit Íslands var á Vínartónleikum þeirra fyrir tólf árum. Hún endurtekur nú leikinn og stígur á svið á fernum tónleikum því ekki má minna vera – svo vinsæll er þessi menningarviðburður.**

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa verið árlegur viðburður síðan árið 1981 og fara vinsældir þeirra stöðugt vaxandi. Eins og undanfarin ár verða haldnir fernir tónleikar í Háskólabíói, hinir fyrstu í dag á venjubundnum tíma kl. 19.30. Hinir síðari verða á sama tíma á morgun og á föstudagskvöld en þeir síðustu síðdegis á laugardag.

Þóra segir að það sé skemmtileg tilviljun að hún stígi aftur á svið með Sinfóníunni á þessum tónleikum nú og áréttar að henni finnist ótrúlegt að tólf ár séu liðin frá fyrstu tónum hennar með sveitinni.



**EINN MEISTARA VÍNARSVEIFLUNNAR** Johann Stauss fékk tónlistina í arf eftir föður sinn og nafna en bræður hans, Josef og Eduard, eru einnig þekkt tónskáld.

Þóra stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og síðan við Guildhall School of Music and Drama. Hún hefur sótt námskeið hjá ýmsum merkum söngvurum og tónlistarmönnum. Að námi loknu kom Þóra fram við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul en frumraun hennar á sviði var í Rigoletto í Íslensku Óperunni fimm árum áður.

Síðan þá hefur hún sungið víða um lönd við fræg óperuhús auk þess sem hún hefur komið mjög víða fram á tónleikum, bæði með hljómsveitum og með píanómeðleik. Óperuhlutverk Þóru eru orðin ótrúlega mörg eða á fjórða tug og spanna mjög vítt svið, allt frá Rameau til Birtwistle. Hún hefur þó lagt sérstaka áherslu á óperuhlutverk Mozarts og hefur nú sungið yfir hundrað sinnum í óperum hans.

Þóra hefur að mestu starfað á meginlandinu og sungið mikið á Englandi en nú er hún búsett í Þýskalandi þar sem hún mun syngja hlutverk Kleópötru í óperu Händels um Júlíus Sesar og takast á við Carmina Burana. „Eitt hefur einfaldlega tekið við af öðru og maður trúir því eiginlega ekki hvað þetta er búinn að vera langur tími,“ segir Þóra en hún hefur ekki sungið hér heima síðan síðasta vor þegar hún tók þátt í flutningi Söngsveitarinnar Fílharmoníu á Sálumessu Mozarts. Það er líka sitthvað í bígerð þegar kemur að tónleikahaldi hér heima en Þóra vill lítið láta uppi um slíkt að svo stöddu.

Efnisskráin á tónleikunum geymir kunnugleg stef og hljóma og segist Þóra búast við góðri stemningu. „Við flytjum verk Strauss, bæði föður og sonar, sem er við hæfi á Vínartónleikum. Þarna verða valsarnir sem fólk þekkir og þess vegna finnst gestum þetta svo gaman.“ Sem dæmi má þar nefna „An der schönen, blauen Donau“, atriði úr Leðurblökunni og „Sögur úr Vínarskógi“ en auk þeirra Strauss-feðga verða einnig leikin verk eftir Richard Heuberger og Carl Millöcker

„Þetta er líka skemmtileg tilbreyting fyrir mig því ég hef aðallega verið að syngja Mozart og Händel en þetta er meiri dansmúsík. Ég held að fólkið syngi líka með í hjartanu,“ segir Þóra.

Hljómsveitarstjórinn Christopher Warren-Green stýrir sveitinni að þessu sinni en hann hefur verið tónlistarstjóri Kammersveitar Lundúnaborgar síðan 1988 auk þess að stýra þekktum sveitum vestan hafs og hljóðrita fyrir virtustu útgáfufyrirtæki heims.

Warren-Green hóf feril sinn sem fiðluleikari og segja forsvarsmenn sveitarinnar ekki ólíklegt að hann freistist til þess að handleika hljóðfærið við þetta tækifæri. Þetta er í fyrsta sinn sem Þóra vinnur með honum en hún segist vera einkar ánægð með samstarfið. „Það er sérstaklega gaman hvernig þetta blandast hjá honum því hann er sjálfur Englendingur sem eru þekktir fyrir smekkvísi og eru jafnan skemmtilega nákvæmir. Hins vegar er Vínarhefðin frjálsleg og mér líkar vel hvernig þetta mætist.“

Nánari upplýsingar um tónleika og efnisskrána má finna á heimasíðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, www.sinfonia.is. - khh

# Óperan blómstrar á Dokkeyju

Óperuunnendur á Íslandi eiga styst með að skjótast erlendis til að njóta óperulistarinnar – í það minnsta þangað til Íslenska óperan setur *Rake Progress* eftir Stravinsky á svið 9. febrúar - *Flagara í framsókn* kalla þeir við Ingólfsstrætið verkið. En vindi menn sér til Hafnar er nóg að sjá og flest ekki af verri endanum: hjá Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn eru stöðugt í gangi stórar óperusýningar í nýja óperuhúsinu þeirrra á Dokkeyju: Þar verður frumsýnd þann 14. janúar sviðsetning Peter Konwitschnys hins þýska á *Lohengrin* eftir Wagner. Sviðsetning hans hefur þegar verið flutt í Hamburg og Barcelona og sætt miklum deilum. Vettvangur sögunnar rómantísku er fluttur aftur úr miðöldum í skólastofu þar sem allt er sett upp í einföld og barnaleg átök krakka.

Og fleiri verk bíða byltingarkenndra sviðsetninga í nýja óperuhúsinu: sænski leikstjórinn Jasenko Selimovic setur *Simon Boccanegra* eftir Verdi á svið um miðjan mars. Jasenko Selimovic er Bosníumaður að uppruna og nýráðinn yfirmaður leiklistardeildar sænska hljóðvarpsins.

*Titus* eftir Mozart er á dagskrá í lok febrúar og einnig *Palleas og Melisande* eftir Debussy. Sagan er sótt í texta Maurice Maeterlinck hins belgíska og það er engin önnur en Anne Sofie von Otter sem syngur í verkinu ásamt hinni lofandi Elisabeth Jansson. Guy Joosten setur á svið en hann er eftirsóttur víða um álfur.

*Meistarasöngvarar* Wagners eru væntanleguir á svið 1. apríl og er það heimsókn frá Volksbuhne í Berlín. Til stóð að setja *Le Grande Macabre* á svið en í hennar stað kemur *Leðurblakan* 24. mars. Þá verður *Lucia di Lammermoor* sýnd í mai.

Upplýsingar um þessar sýningar og miðasala er aðgengileg á vef Konunglega leikhússins: *www.kglteater.dk*.

- pbb



**LEIKLIST** Atriði úr sviðsetningunni á Lohengrin Wagners.
MYND/JÖRGEN LANDSMAN/DET KONGELIGE TEATER

# Hlið himins á hæð

Nú stendur yfir á sýning á Bókatorgi í Grófarhúsinu við Tryggvagötu 15 þar sem 20 ára vígsluafmæli Hallgrímskrikju er minnst. Sýningin „... hér er hlið himinsins“ er tekin saman af Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

Á sýningunni er rifjuð upp tilurð og byggingarsaga kirkjunnar í máli og myndum. Þar er minnst einstakra þátta úr byggingarsögunni en ekki hvað síst hinnar miklu fórnfýsi sem fylgismenn kirkjunnar lögðu á sig til að gera byggingu hennar að veruleika.

Hallgrímskirkja var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins. Fyrsta skóflustungan var tekin hinn 15. desember 1945 en kirkjan var ekki vígð fyrr en 41 ári síðar og þá var raunar mörgu enn ólokið. Á ýmsu gekk í byggingarsögunni og vakti kirkjan miklar deilur, bæði hvað varðar stærð, útlit og staðsetningu kirkjunnar. Þá gekk oft erfiðlega að afla fjár til að standa straum af framkvæmdum en í stórum dráttum komu um sextíu prósent úr sjóðum safnaðarins og frá einkaaðilum en auk þess studdu bæði ríki og borg verkið.

Kirkjan er hönnuð í nýgotneskum stíl og er hvort tveggja helsta kennileiti Reykjavíkur og stærsta kirkja Íslands og heimsækja fjölmargir gestir hana á degi hverjum. Þar er jafnframt stærsta orgel landsins, Klais-orgelið, sem var vígt árið 1992.

Sýningin er opin virka daga kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17. Aðgangur á sýninguna er ókeypis.



**EIN UMDEILDASTA BYGGING BORGARINNAR** Stærsta kirkja landins er jafnframt helsta kennileiti höfuðborgarsvæðisins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Reykvíkingar styrkja listirnar



**GUNNAR KVARAN** Tríó Reykjavíkur fær starfssamning, en Gunnar er að auki styrktur vegna Tónlistar án landamæra.

Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti afgreiðslu styrkja fyrir árið 2007 og starfssamninga fyrir árin 2007-2009 á fundi ráðsins þann 14. desember. Þar tekur nýr meirihluti í borgarstjórn þráðinn frá fyrri meirihluta: gerðir eru starfssamningar til lengri tíma við einstaka aðila en smærri fjárhæðir fara til þeirra sem eru með stopulli starfsemi.

51 styrkur var veittur til verkefna og listastarfsemi 2007, samtals að upphæð 20.100.000 kr. Samþykkt var að gera starfssamninga til þriggja ára við 33 listhópa, samtals að upphæð 41.900.000 kr.

Tríó Reykjavíkur var valið Tónlistarhópur Reykjavíkur 2007 og hljóta þess vegna 1.000.000 kr. til viðbótar við þann starfssamning sem tríóið er með við skattborgara í Reykjavík. Tríóið skipa Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Maté píanóleikari en þau hafa um langt árabil einbeitt sér að tónleikahaldi í Hafnarfirði.

## Fleiri langir samningar

Samstarfssamningar til allt að þriggja ára eru veittir listahópum eða menningarstofnunum sem „sannað hafa gildi sitt í reykvísku menningarlífi, hafa náð afbragðs árangri og geta með rökstuddum umsóknum sýnt fram á framkvæmdagetu og fjármögnunarleiðir til að reka þá listastarfsemi sem óskað er eftir samstarfi um,“ eins og segir í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg. Um fjölgun á starfssamningum er að ræða.

Hæsta styrkinn hlýtur Nýlistasafnið sem rekur safn sitt og sýningaraðstöðu á Laugaveginum. Það fær 5 milljónir árlega samkvæmt samstarfssamningi. Nýló hefur staðið fyrir kraftmiklu starfi eftir að það flutti á Laugaveg fyrir ofan Skífuna. Þar var nýlega sýning á öllum verkum í eigu safnsins sem er einstök. Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun og lýtur yfirráðum myndlistarmanna.

## Einkarekstur studdur

Artbox ehf., sem stendur fyrir rekstri leikhópsins Vesturports, fær 3,5 milljónir árlega næstu árin en það hefur staðið fyrir sýningum erlendis og í kjölfarið hér heima. Það stendur nú í samstarfi við LR í Borgarleikhúsi um sviðsetningu á nýjum íslenskum söngleik sem gerist á elliheimili. Ekki er á þessu stigi ljóst hvort Artbox fær áfram styrk frá leiklistarráði sem veitir brátt sína styrki.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar fær árlegan styrk sem nemur 3,3 milljónum. Það hýsir velflest verk Sigurjóns Ólafssonar og hefur byggt sér myndarlegt safn í tengslum við heimili listamannsins á Laugarnesi í Reykjavík.

Möguleikhúsið er líka einkarekið fyrirtæki og stendur fyrir leiksýningum fyrir börn í húsnæði við Hlemm og ferðast að auki um skóla landsins með sýningar fyrir krakka. Pétur Eggerz og hans menn fá 3 milljónir á ári og eru með samstarfssamning til næstu ára.

## Tvær og hálf og minna

Kammersveit Reykjavíkur er að hefja sitt 25. starfsár í borginni. Sveitin hefur staðið fyrir myndarlegu tónleikahaldi um langt skeið – að jafnaði nokkrum tónleikum á ári og hefur að auki ferðast víða um til tónleikahalds. Hún fær 2,5 milljónir og er með starfssamning.

Þegar hér er komið á listanum fer aðilum að fjölga: Tónlistarhópurinn Caput, Jazzhátíð Reykjavíkur, Nýsköpunarsjóður tónlistar –Musica Nova fá 2 milljónir hver: Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fær 1,75 milljónir, Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju og Stórsveit Reykjavíkur fá 1,5 milljónir. Tólfhundruð þúsund renna til Gallerí i8 sem er eina einkarekna galleríið sem fær styrk, Schola Cantorum í Hallgrímskirkju og tónlistarhátíð nútímatónlistar – Myrkir músikdagar.

## Lúðrasveitatal

Íslensk tónlistarmiðstöð sem rekur nótnasafn og nótnadreifingu fyrir íslensk tónskáld fær milljón; líka Nútímadanshátíð í Reykjavík, danshópurinn Pars Pro Toto og Stoppleikhópurinn sem einkum leikur fyrir unglinga í skólum landsins.



**MYNDLIST - EDDA JÓNSDÓTTIR**
Gallerí i8 fær styrk til reksturs skrifstofu og sýningaraðstöðu á Klapparstíg auk þátttöku í sölumessunum í Basel og Miami.

Hagsmunafélag kvikmyndagerðarmanna, FK, fær hálfa milljón, sýningarsalur samtaka myndlistarmanna – Íslensk Grafík annað eins, rétt eins og lúðrasveitir: Lúðrasveit Reykjavíkur, Verkalýðsins og Svanur – 400.000 krónur. Kammermúsíkklúbburinn hefur staðið fyrir tónleikahaldi hér í borg í fjóra áratugi og er styrktur um 400 þúsund af almannafé, áhugamannaleikfélagið Hugleikur, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Miðstöð munnlegrar sögu, Mozarthópurinn og Voces Thules líka.

## Árleg verkefni

Aðgreindur er sá hluti styrkja sem einungis er til verkefna á þessu ári: Ung Nordisk Musik hlaut eina milljón króna til að halda UNM hátíð í Reykjavík í september á þessu ári. Leikhópurinn Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur hlaut 800 þús. kr. styrk til að setja upp fjölleiksýninguna Draugaskipið og Guðrún Ásmundsdóttir leikkona sömu upphæð til uppsetningar einleiks á 50 ára leikafmæli hennar í Iðnó, þar sem sögu hússins eru gerð skil.



**KVIKMYNDIR - ARI ALEXANDER**
Fær stuðning til að gera heimildarmynd um Jórunni Viðar tónskáld.

Smærri styrkir renna til margra misleitra verkefna: 700 þús. kr. styrk hlutu Blúshátíð í Reykjavík, Kvikmyndafélag Íslands vegna stuttmyndadaga og leiklistarhátíðin Lókal. 600 þús. kr. styrk hlaut Ergis kvikmyndaframleiðsla vegna heimildarmyndar um Jórunni Viðar tónskáld (önnur af tveim kvikmyndum sem borgin styrkir beint) og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík vegna Myndlistar fyrir alla.

## Ljóðskáld og sinfóníur

500 þús. kr. styrk hlutu sviðslistahópurinn CommonNonsense, leikhópurinn Draumasmiðjan, Hið íslenska bókmenntafélag, Kór Áskirkju, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Leikminjasafn Íslands, Lífsmynd – heimildarmynd um Jónas Hallgrímsson, Lýðveldisleikhúsið, Jazzklúbburinn Múlinn, myndlistarhátíðin Sequences, Sögusvuntan, leikhópurinn Thalamus og Örn Magnússon píanóleikari.

400 þús. kr. styrk hlutu Blásarakvintett Reykjavíkur, Camerarctica, Davíð Stefánsson ljóðskáld, Halaleikhópurinn, Kammerkórinn Carmina, Kling & Bang gallerí, Minerva Iglesias Carcia dansari, skáldahópurinn Nýhil, tónlistarhópurinn Rinascente, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Söngsveitin Fílharmónía.

## Eldri borgarar og foreldrafélög

300 þús. kr. styrk hlutu Blásarasveit Reykjavíkur, Gunnar Kvaran, List án landamæra, Matarsetrið Matur-saga-menning og tónleikaröðin Nordic Affect. 250 þús. kr. styrk hlaut myndlistarverkefnið InfoPHR-Alien Structures in Urban Landscape og 200 þús. kr. styrk hlutu 15:15 tónleikahópurinn, Eiríkur Orri Ólafsson tónlistarmaður, Félag íslenskra tónlistarmanna, Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur, IBBY á Íslandi og Rúrí myndlistarmaður. 150 þús. kr. styrk hlaut Lúðrasveit verkalýðsins og 100 þús. kr. styrk hlutu Benedikt S. Lafleur skáld og myndlistarmaður, Kórskóli Langholtskirkju v. drengjakórs, Leikfélag eldri borgara Snúður og Snælda, Kórstarf eldri borgara í Gerðubergi og Samband ungra sviðslistamanna.

Í lægstu upphæðunum eru skil milli starfsemi áhugamanna og atvinnumanna orðin afar óljós. Raunar ber allur listinn með sér að fjárveitingar úr sjóðum Reykvíkinga eru enn háðar duttlungum: því fær Blásarakvintett meira en Blásarasveit? Þarf að styrkja leiklistarhópa sérstaklega umfram það sem kemur til þeirra frá leiklistarráði? Er samráð við leiklistarráð? Því er listastarfsemi sem hefur verið staðsett í Hafnarfirði um árabil styrkt sérstaklega? Lægri upphæðir eru varla nema dropi í stórsjó í rekstri og því eru flestir styrkþega upp á annað aflafé komnir. pbb@frettabladid.is


**Stúdentaleikhús kynnir „ þú ert enginn Johnny Depp ”**
Til að verða við óskum þeirra sem ekki komust að munu verða aukasýningar á verkinu Fim 4. jan kl. 20 / Fös 5. jan kl. 20 / Lau 6. jan kl. 20 / Sun 7. jan kl. 20

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Fors. Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14
Sun 21/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00
**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1, lau. 27/1.
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 13/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.
**BAKKYNJUR** eftir Evrípídes
4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 **nokkur sæti laus**, fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus**, lau. 13/1 **örfá sæti laus**, lau. 20/1. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
Kúlan
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00** uppselt, **kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

31 1 2 **3** 4 5 6

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Tónsmíðafélagið **S.L.Á.T.U.R.**, Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, halda lúðratónleika í **Fríkirkjunni**. Um er að ræða 6 manna hóp flytjenda er leika á lúðra en tveir af þeim eiga einnig verk á tónleikunum. Flutt verður ný tónlist eftir **Áka Ásgeirsson**, **Benedikt Hermann Hermannsson**, **Guðmund Stein Gunnarsson, Inga Garðar Erlendsson**, **Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur** og **Pál Ivan Pálsson**. Tónlistin er bæði framsækin og ómfögur, ágeng en vinaleg.

### FUNDIR

☐ 10.00 **Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands** efnir til umræðufundar um útrás íslenskra fyrirtækja í **stofu 101** í **Odda**. Þar verða nokkrir einstaklingar með stutta framsögu og í kjölfarið verða umræður. Aðgangur er ókeypis og er fundurinn öllum opinn. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á vefsíðunni **www.ibr.hi.is.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Arnar Þór Jensson** heldur erindi á vegum **Tungutækniseturs HÍ í stofu 201 í Háskólanum í Reykjavík** og fjallar þar um gerð íslensks talgreinikerfis sem fyrirlesari bjó til og rannsóknir sem gerðar hafa verið á því. Sérstaklega verður fjallað um hvernig hægt er að smíða talgreinikerfi þegar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir til þjálfunar.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur** sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórum í hinum vestræna heimi, þeim **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrum safnstjóri **Listasafns Reykjavíkur** starfaði einnig með þeim. Sýningin stendur til 21. janúar.



☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal 2 en hann var nemandi Matisse.



☐ 14.00 Myndlistarmennirnir **Sirra Sigrún Sigurðardóttir**, **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** og **Daníel Björnsson** sýna í **Kling & Bang gallerí**, **Laugavegi 23.** Sýningin ber heitið **Ljósaskipti-Jólasýning Kling og Bang** og stendur til 28. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Söngleikurinn Um miðja nótt

Á gamlárskvöld var frumsýndur nýr danskur söngleikur, Midt om natten. Midt om natten var hljómplata sem kom út þann 24. nóvember 1983 og er mest selda plata í sögu Danmerkur. Talið er að hún finnist enn á meira en tíunda hverju heimili í Danmörku. Höfundur laganna og aðalflytjandi var Kim Larsen. Efni laganna var allt tengt pólitískri baráttu þessa tíma, íbúðartökufólki og baráttunni fyrir framtíð Kristjaníu. Skömmu eftir útgáfu plötunnar hafði Larsen samband við Erik Balling leikstjóra (79 af stöðinni, Matador, Olsen Banden) og varpaði þeirri hugmynd fram að gera kvikmynd eftir lögunum á plötunni sem varð úr: Midt om natten-kvikmyndin var frumsýnd ári síðar.

Nú er Balling fallinn frá en Larsen heldur enn veldissprota sínum sem þjóðargersemi Dana: menn gera því ráð fyrir að söngleikurinn gangi vel. Þetta er dýrðaróður til baráttunnar um manngildi og frelsi, segir leikstjórinn Mikael Fock. Tónlistin er klingjandi rokk með elskulegum laglínum, þéttu undirspili og glæsilegum söng. Hér er borgarstjórnin í Höfn fjandmaðurinn, rokkararnir ráða öllu, og ungt fólk berst við atvinnuleysi. Fjarri eru mál innflytjenda. Fyrir bragðið er yfir sýningunni þrá eftir liðnum tíma. Sýningin er á Det Danske Teater.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem efni úr danskri kvikmynd kveikir söngleik – kvikmyndin Den eneste ene leiddi til söngleiks fyrir tveimur árum sem naut mikilla vinsælda í Danmörku. Hér á landi hefur danskur söngleikur ekki komið á svið síðan Þjóðleikhúsið setti Táningaást eftir Ernst Bruun Olsen á svið á miðjum sjöunda áratug síðustu aldar en á fyrri hluta aldarinnar hafði dönsk dægurlagatónlist mikil áhrif hér á landi.

**- pbb**



**SÖNGLEIKIR** David Owe, sjónvarpsleikarinn kunni úr Erninum, leikur eitt fjögurra aðalhlutverka í Midt om natten
MYND/GUÐMUNDUR THAI/DET DANSKE TEATER




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Queen besta breska hljómsveitin



Ofurhljómsveitin Queen er besta breska hljómsveitin að mati hlustenda BBC Radio 2. Alls bárust tuttugu þúsund atkvæði og skutu Freddie Mercury og félagar hljómsveitum á borð við Rolling Stones, Bítlana, Take That og Oasis ref fyrir rass. Hlustendur voru beðnir um að gefa hljómsveitum einkunn fyrir mikilvæga þætti og nægir þar að nefna texta- og lagasmíðar, framkomu á tónleikum og útgeislun.



**BÍTLARNIR** Af mörgum talin áhrifamesta rokksveit síðari tíma en greinilega ekki sú besta að mati hlustenda BBC Radio 2.

Queen var ein þeirra fimm hljómsveita sem komust í úrslit og hafði sigur eftir harða keppni við Bítlana en einungis munaði fjögur hundruð atkvæðum á þeim.

Queen varð hvað frægust fyrir ákaflega líflega framkomu söngvarans Freddies Mercury en hann lést úr alnæmi árið 1991. Hljómsveitin hélt hins vegar áfram störfum og frá árinu 2004 hefur Paul Rodgers gegnt stöðu forsprakka. Samkvæmt slúðustu fregnum úr herbúðum sveitarinnar er stefnt á nýja plötu á næstunni með þessari meðlimaskipan en söngleikur byggður á lögum Queen, We Will Rock You, er sýndur fyrir fullu húsi í London og víðar.

**QUEEN** Hinn skrautlegi klæðaburður sveitarinnar vakti ekki síður athygli en tónlist



**KEITH URBAN** Er ekki orðinn fullhress og fór aftur í meðferð.

# Urban aftur í meðferð

Keith Urban, eiginmaður Nicole Kidman, er farinn aftur í meðferð eftir að hafa verið með fjölskyldunni í Ástralíu yfir jólin. Urban skráði sig í áfengismeðferð hjá Betty Ford-stofnuninni í Kaliforníu í október í fyrra en fékk að verja jólunum með fjölskyldunni en til Sydney hafði hann ekki komið síðan hann og Kidman gengu í það heilaga þar á síðasta ári.

Eftir að fjölmiðlar vestra gerðu því skóna að Urban hefði lokið meðferðinni tók talsmaður hans öll tvímæli af og tilkynnti að hann væri snúinn aftur á stofnunina.


Gleðilegt ár!



Kennsla hefst 8. janúar

Innritun og upplýsingar
í síma 561 5620
frá kl. 12-17

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara


# Prúðbúin á nýársfagnaði í lídó

**Mikill nýársfagnaður var haldinn í veislusalnum Lídó þar sem fjöldi prúðbúins fólks lét sig ekki vanta til að fagna árinu 2007.**

Félagarnir Andrés Pétur, Sveinn Eyland, Hilmar í Blend og Ívar Guðmundsson stóðu á bak við uppákomuna, sem heppnaðist vel eins og svo oft áður. Athygli vakti að háttsettur maður innan enska knattspyrnuliðsins Chelsea kíkti í partíið og skemmti sér konunglega.



**STJÖRNUPÖR** Fótboltakappinn Garðar Gunnlaugsson mætti í Lídó ásamt Ásdísi Rán Gunnarsdóttur. Með þeim á myndinni er annað þekkt par, söngkonan Ragnhildur Gísladóttir og Birkir Kristinsson.



**ÓPERUÍDÝFUR** Óperuídýfurnar Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson skemmtu gestum með söngatriði sínu.



**ANDRÉS PÉTUR OG HEIÐA** Veisluhaldarinn Andrés Pétur ásamt söngkonunni geðþekku, Heiðu.



**Í SÍNU FÍNASTA PÚSSI** Gestir veislunnar mættu að sjálfsögðu í sínu fínasta taui eins og sjá má á þessari mynd.

# Kate og Pete sögð hafa gift sig á Taílandi

Samkvæmt fréttum bresku slúðurpressunnar eru ofurfyrirsætan Kate Moss og Pete Doherty nú gift en talið er að þau hafi látið pússa sig saman á eyjunni Phuket sem tilheyrir Taílandi á gamlárskvöld. Bresku blöðin hafa lengi fylgst með þessum ólíkindatólum og samlífi þeirra, enda er Doherty nú á skilorði fyrir ólöglega vörslu fíkniefna en Moss nýkomin úr meðferð frá Bandaríkjunum.

Athöfnin var sögð hafa verið að búddískum sið en giftingin telst ekki lögleg í Bretlandi. Gula pressan í Bretlandi er sannfærð um að þetta brúðkaup sé aðeins forsmekkurinn af því sem koma skal en bæði The Sun og The Mirror greina frá því að vinir og ættingjar skötuhjúanna hafi verið beðnir um að taka frá 18. janúar sem sé þá hugsanlega stóri dagurinn. Talsmenn ferðamannaeyjunnar Phuket neita öllum fréttum um brúðkaupið og sögðu það ekki hafa farið fram enda hefði parið ekki verið á staðnum.



**KATE OG PETE** Gengu í það heilaga að búddískum sið á Taílandi.

Bresku fjölmiðlarnir halda því hins vegar fram að nánustu vinir Pete og Kate hafi verið viðstaddir og að þau hafi notið kvöldsólarinnar eftir athöfnina á fallegu hóteli við ströndina.

# Spears að brotna saman

**Britney Spears var sögð hafa fallið í yfirlið á nýárssamkomu sökum of mikillar drykkju en hún var borin út af skemmtistað í Las Vegas að sögn sjónarvotta.**



**SPEARS** Féll í yfirlið í nýársgleði í Las Vegas og var borin út af öryggisvörðum.

Atvikið átti sér stað á næturklúbbnum Pure sem staðsettur er í Ceasar‘s Palace í Las Vegas en Spears hafði verið fengin til að vera gestgjafi í boðinu og ætlaði að stíga léttan dans fyrir gesti og gangandi. Spears og föruneyti hennar, sem taldi í kringum 27 manns, hófu daginn reyndar snemma og byrjuðu á veitingastað nálægt næturklúbbnum þar sem hersingin lagði svokallað VIP-herbergi undir sig og drakk ótæpilegt magn af kampavíni.

Spears mætti síðan í teitið rétt fyrir miðnætti, sýndi sínar bestu hliðar þegar lagið I‘m a Slave for You hljómaði og fagnaði nýju ári með því að opna fokdýra kampavínsflösku sem væntanlega hefur verið kláruð á mettíma en síðan fór að síga á ógæfuhliðina. Breska götublaðið The Sun hefur eftir einum sjónarvotta að Spears hafi dansað nokkuð mikið en rétt fyrir klukkan eitt vildi hún fara heim. „Spears reyndi að standa upp en féll í yfirlið,“ sagði eitt vitna við blaðið en vinir söngkonunnar færðu hana á öruggan stað þar sem lífverðir Britney tóku við henni. „Þeir báðu um aðstoð og ég heyrði eina vinkonuna biðja um teppi þannig að ekki væri hægt að taka ljósmyndir af henni,“ bætti annar sjónarvottur við. „Við sáum Britney Spears síðan borna út,“ lýstu vitnin tvö yfir.

Umboðsmaður Britney Spears, Larry Rudolph, bar hins vegar allar sögusagnir um að söngkonan hefði verið ofurölvi til baka og sagði að hún hefði einfaldlega ferðast mikið að undanförnu og væri líkamlega þreytt. „Hún hefur það fínt, hún var bara þreytt og klukkan var auk þess orðin margt,“ lýsti Rudolph yfir.






## Flugstoðir taka flugið

Flugstoðir ohf. er nýtt opinbert hlutafélag sem tók til starfa 1. janúar síðastliðinn í kjölfar laga sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2006. Hlutverk Flugstoða er að annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar. Einnig annast Flugstoðir alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug.
Flugmálastjórn Íslands mun sinna stjórnsýslu og eftirliti eins og verið hefur.

FLUGSTOÐIR
ISAVIA

Flugstoðir ohf.
Reykjavíkurflugvöllur
101 Reykjavík

Sími: 424 4000
Fax: 424 4001
www.flugstodir.is







# Hatturinn passar ennþá

**Fjórða myndin um fornleifafræðinginn ævintýragjarna, Indiana Jones, er væntanleg í kvikmyndahús í maí á næsta ári.**

Nítján ár eru liðin síðan Harrison Ford lék Indy síðast í þriðju myndinni í seríunni, The Last Crusade.

Steven Spielberg mun leikstýra nýju myndinni og framleiðandi verður George Lucas. Stefnt er að því að hefja upptökur í júní víðs vegar um heiminn. „George, Harrison og ég erum allir mjög spenntir,“ sagði Spielberg. „Okkur finnst handritið vera biðarinnar virði. Við vonum að það eigi ekki eftir að valda aðdáendum Indiana Jones vonbrigðum.“

Þrátt fyrir að vera að undirbúa mynd um ævi Abraham Lincoln með Liam Neeson í aðalhlutverki ákvað Spielberg að einbeita sér fyrst að gerð Indiana Jones 4. Fyrsta myndin í seríunni, Raiders of the Lost Ark, kom út árið 1981. Þremur árum síðar kom framhaldsmyndin, Indiana Jones and the Temple of Doom, og árið 1989 kom síðan út The Last Crusade. Alls hlutu myndirnar fjórtán óskarstilnefningar, sjö óskara og tóku inn rúma 70 milljarða króna í miðasölunni úti um allan heim.

Margir hafa beðið spenntir eftir fjórðu myndinni. Helst hafa menn óttast að Harrison Ford sé of gamall í hlutverkið, en hann er orðinn 64 ára. „Ég er hæstánægður með að vera kominn aftur í lið með mínum gömlu vinum,“ sagði hann í yfirlýsingu sinni. „Ég veit ekki hvort buxurnar passa enn þá en ég veit að hatturinn gerir það.



**INDIANA JONES** Fornleifafræðingurinn ævintýragjarni snýr aftur á næsta ári í fjórðu Indiana Jones-myndinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**SNOW PATROL** Hljómsveitin Snow Patrol átti söluhæstu plötuna í Bretlandi árið 2006.

# Snow Patrol söluhæst

Hljómsveitin Snow Patrol átti mest seldu plötu síðasta árs í Bretlandi. Platan, sem nefnist Eyes Open og er fjórða plata sveitarinnar, seldist í 1,2 milljónum eintaka.

Í næstu sætum á eftir voru Whatever People Say I Am That´s What I´m Not með Artic Monkeys og Ta Dah með Scissor Sisters.

Þrjú lög af plötu Snow Patrol komust á topp tuttugu vinsældarlistann í Bretlandi: You´re All I Have, Chasing Cars og Set the Fire to the Third Bar.



**KYLIE** Er að ná fyrri styrk og hélt upp á nýja árið með aðdáendum sínum í Bretlandi.

# Kylie ákaft fagnað

Hin smávaxna ástralska söngkona Kylie Minogue gat ekki hafið söng fyrir fagnaðarlátum áhorfenda sem ætlaði aldrei að linna þegar hún söng nýja árið í garð á Wembley Arena. Alls mættu tólf þúsund aðdáendur söngkonunnar og stóð Kylie klökk á sviðinu þegar þeir tóku á móti henni með þessum hætti. „Ég elska ykkur öll og takk fyrir þann stuðning sem þið hafið sýnt í verki,“ sagði Minogue en hún greindist með brjóstakrabbamein í maí árið 2005 og hefur verið á fullu í endurhæfingu en hún hyggst endurvekja tónleikaferð sína Showgirls.




# Vill fréttir af syninum

Yoyhane Bonda, faðir malavíska drengsins sem Madonna ættleiddi á dögunum, vill fá að spyrja söngkonuna hvernig syni hans reiðir af en veit ekki hvernig hann getur haft samband við hana. „Ég er ekki með símanúmerið hennar eða heimilisfang. Ég vil bara fá að vita hvernig sonur minn hefur það,“ sagði Bonda í samtali við dagblaðið Daily Times. Hann ræddi einu sinni við stjörnuna áður en hann lét son sinn af hendi.

Ættleiðing Madonnu og Guys Ritchie, eiginmanns hennar, vakti mikla athygli á sínum tíma; mannréttindafélög í Malaví gerðu því til dæmis skóna að ekki væri allt með felldu og að hjónin hefðu fengið sérmeðferð í krafti auðæfa sinnar og frægðar.

Bonda segist ekki fara fram á að fá son sinn aftur, aðeins að fá að vita að honum reiði vel af.



**RITCHIE OG MADONNA** Ættleiddu dreng að nafni David frá Malaví í október.
















**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | [illegible] | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | [illegible] |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 3:30 - 6 - 8:20 - 10:40 | B.i.16 | BOSS OF IT ALL | kl. 8 | B.i.7 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | SKOLAÐ Í BU .. Ísl tal. | kl. 3:30 - 5:40 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:30 - 5:40 | Leyfð | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| STRANGER THAN FIC... VIP | kl. 8 - 10:20 | | DOA | kl. 4 | B.i.12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1 - 3 | Leyfð |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1 - 2:10 - 3:20 - 5:40 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | | | | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | | | |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | [illegible] | |
| CHILDREN OF MEN | kl. 8:10 - 10:30 | [illegible] | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1:20 - 3:40 - 5:50 | [illegible] | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:40 - 5:50 | [illegible] | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:40 - 3:50 | [illegible] | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:40 | [illegible] | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i.7 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:30 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 8 | Leyfð |
| ERAGON | kl. 5:30 | B.i.12 |
| DÉJÁVU | kl. 10:15 | B.i.12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

HANDHAFAR SVARTA KORTSISNS FÁ 20% AFSLÁTT AF ALMENNU MIÐAVERÐI EF GREITT ER MEÐ KORTINU
GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM Í VIP SAL EÐA Á ÍSLENSKAR MYNDIR

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is

Munið VISA tilboðið* á miðvikudögum í janúar

Þeir sem greiða með VISA kreditkorti fá tvo miða á verði eins í SAMbíóin og Háskólabíó á miðvikudögum í janúar

Góða skemmtun

SAMBÍÓIN Háskólabíó VISA

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM, EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG EKKI Í VIP

Kynnið ykkur myndir sýningartíma og fleira á SAMbio.is


# Varði vekur athygli

**Tónlistarmaðurinn Hallvarður Ásgeirsson, eða Varði eins og hann er kallaður, hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Lífsblómið.**

Á plötunni blandar Varði saman sígildri tónlist og svokölluðu „doom metali“ eða myrkrametali. Varði gerði nýverið samning við breska plötufyrirtækið Paradigms Recordings sem hann komst í kynni við í gegnum heimasíðuna MySpace og hefur platan fengið góðar viðtökur.

**Heillandi og minimalískt**

Platan var meðal annars valin ein af fimmtán bestu plötum ársins af veftímaritinu dustedmagazine.com. Þar segir að hún sé ekki eins mikið eftir bókinni og búast mætti við: „Lífsblómið er heillandi safn nútímalegrar, minimalískrar tónlistar. Sterkum áhrifum er blandað saman við framúrstefnulegar lagasmíðar á meðan einnig er leitað aftur til Vínarskólans.“

**Engar heimildarmyndir**

Varði vakti á sínum tíma athygli fyrir heimildarmyndina Varði Goes Europe í leikstjórn Gríms Hákonarsonar þar sem hann ferðaðist sem götuspilari um Evrópu og spilaði á rafmagnsgítar sinn fyrir pening. Hann segist hafa ákveðið að taka sér frí frá öllu slíku um óákveðinn tíma. „Þetta var skemmtilegt verkefni en ég tók þetta ekki það alvarlega,“ segir hann og kímir. „Það var góð reynsla að spila á götunni og að vinna í öðrum geirum. Ég held að það sé eitthvað sem allir þurfa að prófa.“

**Á leið til New York**

Varði, sem hefur spilað með Stórsveit Nix Noltes og stendur jafnframt á bak við plötufyrirtækið Andrými, útskrifaðist síðasta sumar úr Listaháskóla Íslands þar sem hann lagði stund á tónsmíðar. Hann segir að lögin á nýju plötunni hafi komið af sjálfu sér. „Ég kunni á rafmagnsgítar áður en ég fór í skólann. Ég fór í tónsmíðar í gegnum raftónlist. Þetta er svona blanda af þyngra rokki og ambíent pælingum,“ segir hann.

Varði er um þessar mundir að kenna á gítar í Keflavík og stefnir að því að fara til New York í haust til að læra meira í kennslufræði. Útgáfutónleikar vegna plötunnar, sem fæst í 12 Tónum og Hljómalind, eru fyrirhugaðir síðar í þessum mánuði.

freyr@frettabladid.is



**HALLVARÐUR ÁSGEIRSSON** Varði hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Lífsblómið.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Á að mæta í réttarsal

Söngvarinn George Michael á að mæta fyrir dómara hinn 11. janúar fyrir umferðarlagabrot. Söngvarinn var handtekinn í október eftir að hann leið ofurölvi út af í bifreið sinni og hindraði umferð á gatnamótum í London.

Honum var sleppt úr haldi gegn tryggingu. Lögreglan hafði áður veitt söngvaranum viðvörun fyrir að hafa kannabisefni í fórum sínum fyrir tæpu ári. Í apríl síðastliðnum ók hann á þrjá kyrrstæða bíla á bílastæði.



**GEORGE MICHAEL** Er lélegur bílstjóri.

# Petty ekki á leiðinni að hætta

Hinn virti rokkari Tom Petty ætlar alls ekki að setjast í helgan stein, þrátt fyrir að fréttir þess efnis hafi víða birst á síðasta ári. Tímaritið Rolling Stone fullyrti til að mynda í júlí að Petty ætlaði að gefa rokkið upp á bátinn, en hann þvertekur fyrir það.

Petty segir að árið 2006 hafi verið eitt besta ár hans á ferlinum til þessa og hann búist við að velgengnin haldi áfram í ár. „Maður veit aldrei hvernig hlutirnir atvikast, ég átti allavega ekki von á því að þetta ár yrði svo gott,“ sagði Petty í viðtali við LA Times. „Það er aldrei að vita nema þetta ár verði betra.“

Petty og hljómsveit hans, The Heartbreakers, hlutu nýlega tvær tilnefningar til Grammy-verðlaunanna fyrir eftirminnilega plötu sína sem kom út í fyrra, Highway Companion. 30 ára afmælistónleikaferð þeirra sló í gegn og uppselt var á alla tónleikana. Þegar þeir héldu tónleika í heimabænum, Gainesville, var Petty afhentur lykill að borginni.



**ÆTLAR EKKI AÐ HÆTTA** Rokkarinn Tom Petty átti gott ár í fyrra og vonast eftir öðru góðu í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Á þessu ári er svo von á heimildarmynd um Tom Petty og The Heartbreakers. Leikstjóri myndarinnar er Peter Bogdanovich.

### > Soltau farinn frá Keflavík

Körfuknattleikslið Keflavíkur hefur ákveðið að láta danska miðherjann Thomas Soltau fara frá liðinu en samkvæmt heimasíðu þess hélt hann af landi brott í gær. Hann hefur því leikið sinn síðasta leik fyrir liðið en frammistaða Soltaus hefur verið misjöfn, hann hefur skorað að meðaltali fimmtán stig í leik í Iceland Express-deildinni en fundið sig mjög vel í Evrópuleikjum. Fram kemur á síðunni að ástæðan fyrir brotthvarfi hans hafi verið sú að hann þykir ekki henta leikskipulagi Keflavíkurliðsins.



**sport**
sport@frett[...]adid.is

GUÐLAUGUR ARNARSSON: ER KOMINN AFTUR HEIM EFTIR DVÖLINA HJÁ GUMMERSBACH Í ÞÝSKALANDI

## *Bilaður ef ég nýti ekki þetta tækifæri*



Handknattleiksmaðurinn Guðlaugur Arnarsson er kominn aftur heim eftir að hafa spilað með liði Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni. Hann er samningsbundinn Fylki en var lánaður til Gummersbach til að fylla skarð Sverre Jakobsen sem átti við meiðsli að stríða en hefur nú jafnað sig. Guðlaugur lék átta leiki í þýsku deildinni og lék sem varnarmaður en náði þó að skora eitt mark og stóð sig með prýði.

„Þetta var mjög mikið ævintýri og rosalega gaman í alla staði. Þetta kom mjög óvænt upp í október og ég var farinn út nokkrum dögum eftir að þeir höfðu samband. Það var gaman að spila í þessari sterkustu handboltadeild í heimi og þegar ég lít til baka er ég mjög ánægður með það hvað ég spilaði mikið. Ég bjóst við því að það tæki mig meiri tíma að komast inn í þetta en allt gekk ótrúlega hratt fyrir sig," sagði Guðlaugur sem er 28 ára.

„Þremur vikum eftir að ég kom fór ég til Rússlands að spila í Meistaradeildinni og þetta voru mjög stórir leikir sem ég hoppaði allt í einu inn í. Ég fann mig mjög vel," sagði Guðlaugur en hann vonast til þess að tími hans hjá Gummersbach virki sem stökkpallur til liða erlendis. „Draumurinn er að sjálfsögðu að reyna að byggja eitthvað ofan á þetta tækifæri sem ég fékk. Þegar maður er búinn að vera í þessum bolta svona lengi verður maður að nýta svona tækifæri, annars er maður eitthvað bilaður."

Guðlaugur er þó ekkert að flýta sér. „Ég ætla bara að taka þessu rólega og næstu verkefni eru æfingar hjá Fylki og svo reynir maður að aðstoða við að festa liðið í sessi í efstu deild. Svo skoðar maður annað á næstu mánuðum, ég ætla að koma mér í samband við einhvern umboðsmann og svona. Síðan kemur framhaldið í ljós," sagði Guðlaugur sem ætti að verða Fylkismönnum dýrmætur á seinni helmingi DHL-deildarinnar en liðið hefur verið í vandræðum og tók Ólafur Lárusson við þjálfun þess af Sigurði Sveinssyni ekki alls fyrir löngu. „Mér líst mjög vel á Fylkisliðið en þetta verður erfiður róður og við þurfum að nýta janúar mjög vel," sagði Guðlaugur Arnarsson að lokum.

# Landsliðið verður fyrir blóðtöku

**Íslenska landsliðið í handbolta varð fyrir miklu áfalli í gær þegar í ljós kom að Einar Hólmgeirsson getur ekki leikið með liðinu á HM í Þýskalandi nú í janúar. Einar Örn Jónsson kemur í liðið í stað nafna síns.**

**HANDBOLTI** „Það þarf ekkert að fjölyrða um það hversu mikið áfall þetta er fyrir mig," sagði Einar Hólmgeirsson í samtali við Fréttablaðið í gær eftir að það var staðfest að hann þarf að gangast undir aðgerð á þumalfingri. Einar meiddist í leik Grosswallstadt og Kiel þann 30. desember en hann hefur leikið mjög vel með fyrrnefnda liðinu á tímabilinu.

„Þetta var mjög klaufalegt. Ég var að taka fáránlegt skot og fylgdi vel á eftir í varnarmanninn og lá bara óvígur eftir. Ég gat ekki spilað meira og vissi samstundis að eitthvað mikið var að," sagði Einar sem fór í skoðun hjá Brynjólfi Jónssyni, lækni íslenska landsliðsins, í gær. Hann staðfesti að þörf væri á því að Einar fari í aðgerð. „Það má segja að það sé kominn endanlegur úrskurður um þetta og ég mun að öllum líkindum fara undir hnífinn í dag. Það eru tveir læknar búnir að segja að ég þurfi að fara í aðgerð og það þarf að gerast sem fyrst," sagði Einar.

Stórskyttan getur ekki haldið á handbolta, svo slæm eru meiðslin en hann virðist taka fréttunum með miklu jafnaðargeði. „Það er lítið gagn að mér ef ég get ekki einu sinni haldið á boltanum. Ef ég get ekki skotið, þá er minn hæfileiki bara farinn," sagði Einar léttur í lund en ljóst er að hann leikur ekki handbolta næstu mánuðina.

„Ég kem vonandi bara sterkur út úr þessu en það verður líklega ekki fyrr en eftir þrjá mánuði. Læknarnir úti í Þýskalandi, þar sem ég fór fyrst í skoðun, sögðu mér að þetta tæki sex til átta vikur en svo hitti ég handasérfræðing hjá Landspítalanum og hann sagði mér að það væri bara bull að ætla sér að fara að æfa fyrr en eftir



**EKKI MEÐ TIL ÞÝSKALANDS** Einar Hólmgeirsson er meiddur á þumalfingri vinstri handar og verður líklega frá í þrjá mánuði vegna þeirra meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þrjá mánuði. Þetta gæti tekið skemmri tíma en það eða lengri, en þetta er svo mikilvægt liðband að þetta verður að fá sinn tíma. Þetta er vinnan mín og því þarf ég að passa mig," sagði Einar sem hefur skorað 73 mörk í sautján leikjum fyrir Grosswallstadt á tímabilinu.

„Ég hef verið í fínu formi og verið að leika ágætlega og var búinn að hlakka til mótsins frá því að við lögðum Svíana áður en þetta reiðarslag gekk yfir. Sem betur fer erum við nokkuð vel mannaðir í skyttustöðunni. Alex getur spilað vel fyrir utan og fleiri, það má því ekki detta í neitt volæði þó að það vanti einn leikmann."

Það verður ekki annað sagt en að Einar sé mjög seinheppinn hvað meiðsli varðar. „Ég sneri mig á ökkla í Túnis rétt fyrir HM þar fyrir tveimur árum og gat ekki tekið þátt þar, svo var ég sendur heim frá EM í Sviss í fyrra með heilahristing og nú þetta. Janúar er kannski ekki alveg minn mánuður, það mætti alveg flytja þessi stórmót á einhvern annan tíma ársins," sagði Einar glaðbeittur þrátt fyrir allt. „Þetta er frekar pirrandi að lenda alltaf í þessu en ég á nokkur ár eftir," sagði hinn 24 ára gamli Einar.

Ísland er í riðli með Ástralíu, Úkraínu og Frakklandi á mótinu. Fyrsti leikurinn er gegn Áströlum þann 20. janúar og Einar hefur fulla trú á því að liðið nái góðum árangri í Þýskalandi. „Það er erfitt að standa undir þessum miklu væntingum sem eru fyrir mótið en þetta eru allt atvinnumenn og ég veit að þeir munu standa sig," sagði Einar að lokum.

Auk þess sem Einar verður ekki með hefur Ólafur Stefánsson átt við meiðsli að stríða. Ólafur hefur barist við þrálát meiðsli í öxl en ætti að geta beitt sér af fullum krafti. Landsliðið kemur saman í dag á sinni fyrstu æfingu og heldur svo til Danmerkur á æfingamót á morgun.

Einar Örn Jónsson hefur verið kallaður inn í landsliðið í stað nafna síns. Einar Örn spilar með Minden í Þýskalandi og verður með á æfingu liðsins í dag. **- hþh**



**VIGGÓ** Gerði góða hluti með Flensburg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framkvæmdastjóri Flensburg:

## Viggó kom með sigurviljann

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson skildi við Flensburg í góðum málum er hann hélt aftur heim til Íslands á aðfangadag jóla en þá hafði hann stýrt liðinu frá upphafi keppnistímabilsins í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Í nýlegu viðtali sagði Thorsten Storm, framkvæmdastjóri Flensburg, að Viggó væri í miklum metum hjá leikmönnum og þjálfurum.

„Þetta er lið sem er búið að spila lengi saman og því var ekki miklu breytt inni á vellinum," sagði Storm. „En það sem Viggó kom með var mikill kraftur í liðið og gífurlega mikill sigurvilji. Viggó er fagmaður fram í fingurgóma og tókst afar vel upp í sínu starfi." **- esá**



**ISINBAJEVA** Var valin íþróttamaður ársins annað árið í röð, líkt og Federer. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Alþjóðasamtök fréttamanna:

## Völdu Federer og Isinbajevu

**VERÐLAUN Alþjóðasamtök íþróttafréttamanna, AIPS, völdu Roger Federer, tenniskappa frá Sviss, og rússneska stangarstökkvarann Jelenu Isinbajevu sem bestu íþróttamenn ársins 2006. AIPS völdu því sömu menn og í fyrra en auk þess var ítalska landsliðið í knattspyrnu valið lið ársins eftir að hafa landað heimsmeistaratitlinum síðasta sumar. Valið kemur þó engum á óvart þar sem bæði Federer og Isinbajeva báru höfuð og herðar yfir aðra í sínum greinum á nýliðnu ári.**

**Fabio Cannavaro, varnarmaður Real Madrid og fyrirliði ítalska landsliðsins lenti í öðru sæti og Fernando Alonso, Formúlu-1 ökuþór, í því þriðja. Hjá konunum varð tennisdrottningin Justine Henin-Hardenne í öðru sæti og Janica Kostelic í þriðja. - hþh**

Eggert Magnússson leggur allt kapp á að styrkja leikmannahóp West Ham í félagaskiptaglugganum í janúar:

# Við styrkjum okkur eins og við þurfum

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, stjórnarformaður og eigandi West Ham, leggur nú allt kapp á að styrkja leikmannahóp liðsins. West Ham var jarðað af Reading í ensku úrvalsdeildinni í fyrradag þegar það tapaði 6-0 og brúnin á Eggert mjög þung þegar sjónvarpsmyndavélar beindust að honum í stúkunni meðan á leiknum stóð.

West Ham situr nú í fallsæti í deildinni eftir 22 leiki og staða liðsins er alls ekki góð. Alan Curbishley tók við liðinu um miðjan desembermánuð og ljóst er að Eggert þarf að finna leikmenn í samráði við hann til að styrkja hópinn. „Við erum að skoða leikmannamálin. Leikmannaglugginn var auðvitað bara að opna en við ætlum að ganga frá þessu eins fljótt og hægt er, það er ekki eftir neinu að bíða. En þessi gluggi er erfiður, það er erfitt að fá til sín toppleikmenn," sagði Eggert við Fréttablaðið í gær en hann vildi ekkert tjá sig um hvaða leikmenn hann er að skoða.

„Þetta er allt bara orðrómur þarna úti," sagði Eggert, aðspurður um það hvort hann hefði áhuga á því að krækja í David Beckham sem hefur verið sterklega orðaður við félagið. „Við munum styrkja okkur og fá eins marga leikmenn og við teljum okkur þurfa, við ætlum okkur að vera uppi. Það verður bara að koma í ljós hversu miklum fjármunum við eyðum, það fer eftir ýmsu," sagði Eggert.

Curbishley hefur stjórnað liðinu í fimm leikjum og hefur aðeins náð einum sigri, en Eggert hefur fulla trú á því að Curbishley nái að stýra skútunni á réttan kjöl á nýju ári. „Það hefur verið erfitt fyrir hann að glíma við öll þessi vandamál sem eru ekki honum að kenna. Það er ljóst að það er eitthvað mikið að og það er hans að laga það en þetta tekur allt sinn tíma. Hann tekur við búi sem var orðið alltof erfitt, því miður," segir stjórnarformaðurinn sem segist ekki hafa hugmynd um hvað sé vandamál leikmanna liðsins.



**EGGERT OG BJÖRGÓLFUR** Eru hér saman á leik á Upton Park, heimavelli West Ham, fyrr á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Það er ljóst að sjálfstraust er það sem vantar núna en ég held að þetta sé dýpra vandamál, sem var bara búið að vera of lengi í gangi en ég hef engar skýringar á. Breytinga var þörf, annars hefði ég ekki gert hana, en þetta er kannski ekki eins alvarlegt og það virðist vera," sagði Eggert og vísaði til þess þegar Alan Pardew var látinn taka poka sinn í desember. **- hþh**

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, varar stuðningsmennina við of mikilli bjartsýni:

# Ekki búast við neinum kraftaverkum

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Chelsea gerðu sér lítið fyrir og bauluðu á liðið sitt eftir 2-2 jafnteflisleikinn gegn Fulham um síðustu helgi. Jose Mourinho, stjóri liðsins, hefur látið stór orð falla um einstaka leikmenn og gagnrýndi þá opinberlega eftir jafnteflið sem setti Chelsea sex stigum á eftir Manchester United.

Þrátt fyrir ótrúlegt fjármagn, sem Mourinho hefur nýtt sér til fullnustu með því að fá til sín nafntogaða leikmenn á borð við Michael Ballack og Andriy Shevchenko, hefur Chelsea ekki náð að sýna þá yfirburði sem liðið hefur áður sýnt. Eftir meiðsli Johns Terry og Petrs Cech, sem Mourinho segist sakna sárlega, hefur vörn liðsins verið hriplek og meðal annars fengið á sig tvö mörk í hverjum leik í síðustu þremur umferðum.



**MOURINHO** Róar stuðningsmenn Chelsea niður. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Mourinho snýst nú til varnar og varar stuðningsmenn Chelsea við. „Ef þeir vita stöðuna sem við erum í hafa þeir enga ástæðu til þess að gera þetta þar sem engin kraftaverk gerast í fótboltanum,“ sagði Mourinho sem lýsti því yfir eftir leikinn gegn Fulham að Didier Drogba væri eini leikmaðurinn sem væri að spila af fullri getu. „Ég er enn sannfærður um að við vinnum deildina,“ segir Drogba. „Ég var líka sannfærður um það þegar við vorum átta stigum frá efsta sætinu en við höfum minnkað það um tvö stig. Ég veit að það verður erfitt þar sem Manchester United er að spila vel um þessar mundir,“ sagði Drogba. - hþh

Peter Crouch:

# Ég vil ekki fara

**FÓTBOLTI Peter Crouch segist ekki hafa nokkurn áhuga á því að yfirgefa herbúðir bikarmeistara Liverpool. Hinn hávaxni framherji skoraði sitt tíunda mark á tímabilinu með glæsilegri bakfallsspyrnu gegn Bolton á nýársdag en hann hefur verið orðaður við Newcastle undanfarið. „Ég hef heyrt þetta allt en ég er mjög ánægður hérna og dýrka að spila fyrir þennan klúbb,“ segir Crouch.**

**„Þetta er frábært félag, allir leikir eru stórleikir og ég vil alls ekki fara. Ég vona að ég hafi sýnt að ég legg mig alltaf 100 prósent fram. Ég sé framtíð mína hérna og svo lengi sem stjórinn vill ekki að ég fari fer ég ekki neitt.“** - hþh



**SAHA** Hefur spilað vel fyrir Manchester United á leiktíðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meiðsli hjá Man. Utd.:

# Louis Saha frá í tvær vikur

**FÓTBOLTI** Louis Saha, sóknarmaður Manchester United, verður frá vegna nárameiðsla næstu tvær vikurnar. Hann fór meiddur af velli eftir hálftíma leik þegar United gerði 2-2 jafntefli við Newcastle á nýársdag.

Hinn sænski Henrik Larsson kemur því til liðsins á besta tíma en lánssamningur hans hefur tekið gildi og mun hann leika sinn fyrsta leik gegn Aston Villa í bikarkeppninni um komandi helgi. Hann mun verða í sókninni ásamt Ole Gunnar Solskjær sem skoraði tvö mörk í jólatörninni. - egm



**TERRY** Hefur ekki getað spilað með í síðustu leikjum vegna meiðsla. NORDIC PHOTOS/GETTY

John Terry snýr aftur:

# Spilar æfingaleik í vikunni

**FÓTBOLTI John Terry, varnarmaður Chelsea, mun í þessari viku spila æfingaleik fyrir luktum dyrum en hann hefur ekki spilað með Chelsea að undanförnu vegna meiðsla. Talið er að hann geti snúið aftur fyrir bikarleik gegn Wycombe um næstu helgi og verður hann því klár í slaginn þegar enska landsliðið mætir því spænska 7. febrúar. Chelsea hefur fengið á sig átta mörk í fjórum leikjum þann tíma sem Terry hefur verið meiddur og ljóst að hans hefur verið sárt saknað.** - egm



**NIEMI** Meiddist gegn Watford. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Höfuðmeiðsli Antti Niemi:

# Fór betur en á horfðist

**FÓTBOLTI** Antti Niemi, markvörður Fulham, hefur verið útskrifaður af spítala en höfuðmeiðsli sem hann varð fyrir í markalausu jafntefli gegn Fulham reyndust ekki eins alvarleg og fyrst var talið. Þessi finnski leikmaður mun gangast undir fleiri skoðanir síðar í vikunni en Fulham mun kalla Tony Warner til baka úr láni hjá Leeds til að fylla hans skarð. - egm



## > Rebecca Romijn

Fæddist þann 6. nóvember 1972 í Berkeley í Kaliforníu. Romijn starfaði sem fyrirsæta í París en er kannski hvað þekktust fyrir fyrirsætustörf sín fyrir Victoria's Secret og Sports Illustrated.

Romijn færði sig yfir á hvíta tjaldið með hlutverki sínu sem Mystique í X-Men árið 2000. Hún hefur komið fram í þó nokkrum myndum síðan þá, og tók svo að sér hlutverk blaðakonunnar Pepper Dennis á síðasta ári, en þátturinn sá er á dagskrá Sirkuss í kvöld kl. 21.30. Næst mun hún fara með hlutverk í þáttunum Ugly Betty sem njóta mikilla vinsælda vestanhafs um þessar mundir. Það lítur því út fyrir að Romijn sé komin til að vera á skjánum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM Á NÝJU ÁRI

# *Ísmaðurinn sem varð að engu*

Það er leiðinlegt að vera neikvæður strax í byrjun ársins en því miður var sjónvarpsdagskráin í Ríkissjónvarpinu ekki til að hrópa húrra fyrir á nýárskvöld.

Ég hafði hugsað mér gott til glóðarinnar því heimildarmynd um ísmanninn ógurlega var á dagskrá auk þess sem kvikmyndin Strákarnir okkar átti að taka þar við. Báðir dagskrárliðirnir lofuðu góðu en ollu sárum vonbrigðum.

Heimildarmyndin hefði átt að vera miklu betri því viðfangsefnið, Sigurður Pétursson, er afar áhugavert. Sigurður er fyrrverandi togarajaxl sem hafði það gott hér á landi þar til hann ákvað að flytja til Grænlands og hefja þar frumstætt veiðilíf. Er hann vafalítið þekktastur fyrir ísbjarnaveiðar sínar.

Einhvern veginn klikkaði allt í þessari mynd. Hún virtist vera tekin upp á ódýra upptökuvél, tónlistin var hallærisleg og minnti á það sem heyra má í gömlum fræðslumyndum í grunnskólum og Sigurður var spurður sömu spurninganna, til að mynda hvort hann saknaði ekki einhvers úr fyrra lífi og svaraði auðvitað alltaf eins: „Einskis". Hvers vegna Linda Pétursdóttir var fengin í myndina veit ég ekki og ekki skil ég heldur af hverju höfundurinn var sífellt í mynd. För Sigurðar til Íslands var jafnframt ruglingsleg og illa unnin.

Því næst var röðin komin að Strákunum okkar og frá byrjun var ljóst að sú mynd væri ekki heldur upp á marga fiska. Það hvernig aðalpersónan opinberaði samkynhneigð sína án þess að maður fengi nokkuð að kynnast henni áður og sömuleiðis viðbrögðin við þeirri ákvörðun var eitthvað sem hefði mátt liggja lengur yfir. Samtölin voru stirðbusaleg og í raun grátbrosleg. Skrýtið að svona myndir skuli enn vera gerðar hér á landi eftir alla þá reynslu sem er komin í íslenska kvikmyndagerð.



**SIGURÐUR PÉTURSSON** Ísmaðurinn var á dagskrá Ríkissjónvarpsins á nýárskvöld. Heimildarmyndin um hann olli sárum vonbrigðum.

## EKKI MISSA AF




▶ **22.00** Eurotrip STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.00** Arsenal-Charlton SKJÁR SPORT



▶ **18.00** Bestu bikarmörkin SÝN



▶ **20.25** Oprah STÖÐ 2



▶ **21.00** America's Next Top Model SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**18.30 Herkúles (16:28)** (Disney's Hercules)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Bráðavaktin (20:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk: Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**21.00 Nægtaborð Nigellu (3:13)** (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram girnilegum krásum.

**21.35 Úlfaþytur í úthverfi (6:8)** (Suburban Shootout) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum. Meðal leikenda eru ▶ Anna Chancellor, Felicity Montagu, Amelia Bullmore og Emma Kennedy.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Ístölt Austurland 2006** Þáttur um mótið sem var haldið í blíðskaparveðri á Eiðavatni þann 25. febrúar í fyrra. Umsjón: Ásgrímur Ingi Arngrímsson. Dagskrárgerð: HS myndatökur.

**22.55 Króníkan (21:22)** (Krøniken) Næstsíðasti þátturinn endursýndur. Lokaþátturinn verður endursýndur kl. 22.25 á fimmtudagskvöld.

**23.55 Kastljós**

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 13 Going On 30** (13 bráðum 30) Rómantísk gamanmynd með Jennifer Garner (Alias) í hlutverki unglingsstelpu.

**8.00 Pelle Politibil**

**10.00 My Boss's Daughter**

**12.00 Fierce Creatures**

**14.00 13 Going On 30**

**16.00 Pelle Politibil**

**18.00 My Boss's Daughter**

**20.00 Fierce Creatures**

▶ **22.00 Eurotrip** Bönnuð börnum.

**0.00 Below**

**2.00 Bodywork** Stranglega bönnuð börnum.

**4.00 Eurotrip** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**

**9.00 Bold and the Beautiful**

**9.20 Í fínu formi 2005**

**9.35 Oprah (82:145)**

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours**

**13.05 Valentína**

**13.50 Amazing Race (11:14)**

**14.35 How I Met Your Mother (21:22)**

**15.00 Osbournes 3 (6:10)** Það ríkir engin lognmolla þegar Ozzy er annars vegar. Á næstu vikum gengur mikið á í lífi fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar.

**15.25 Oliver Beene (13:14) (e)**

**15.50 Shoebox Zoo**

**16.13 Scooby Doo**

**16.38 Cubix**

**17.03 Könnuðurinn Dóra**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Neyðarfóstrurnar (8:16)** Barnauppeldi er enginn hægðarleikur, sérstaklega ekki nú á síðari tímum þar sem báðir foreldrar eru útivinnandi. Það kemur því til kasta Nanny 911 þegar í harðbakkann slær. (4:18) Það gengur ýmislegt á á heimili Priore-fjöskyldunnar þar sem tíu ára dóttir og 8 ára fjórburar leika við hvern sinn fingur. Stella er kvödd til og gerir sitt til að ráða fram úr ástandinu. Leyfð öllum aldurshópum.

▶ **20.25 Oprah**

**21.10 Afterlife (4:8)** Bönnuð börnum.

**22.00 Nip/Tuck (1:15)** (Cindy Plumb)Bönnuð börnum.

**22.55 Strong Medicine (17:22)**

**23.40 The Closer (6:15)** Bönnuð börnum.

**0.25 Eleventh Hour - Resurrection** Bönnuð börnum.

**1.35 Jane Doe** Stranglega bönnuð börnum.

**3.05 Afterlife (4:8)** (Framhaldslíf)

**3.55 Ísland í bítið e**

**5.30 Fréttir og Ísland í dag**

**6.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld (5:24)**

**20.00 Entertainment Tonight**

**20.30 South Park**

**21.00 Sirkus Rvk**

**21.30 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn. Þrátt fyrir sínar bestu tilraunir þá getur Pepper ekki líkað illa við Charlie enda finnst henni hann vera gáfaður, sætur og það sem meira er er hann á lausu. Ofan á allt þetta bætist síðan þegar systir hennar, hin ofdekraða Kathy, flytur inn til hennar á meðan hún stendur í skilnaði.

**22.20 Insider**

**22.45 Weeds (10:12) (e)**

**23.15 Seinfeld (5:24) (e)**

**23.40 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku, og alls kyns uppákomum í bransanum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.

**0.05 Supernatural (22:22) (e)** (Devil's Trap) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean elta vísbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum sem þeir eru staðráðnir í að stöðva. Bönnuð börnum.

**0.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**8.00 Rachael Ray (e)**

**15.20 Will & Grace (e)**

**15.50 Venni Páer (e)**

**16.20 Beverly Hills 90210**

**17.05 Rachael Ray**

**18.00 Will & Grace**

**18.30 Will & Grace**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 The King of Queens (e)**

**20.00 Love, Inc.**

**20.30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt.

▶ **21.00 America's Next Top Model VII** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Janice Dickinson mætir aftur og kemur stúlkunum í opna skjöldu. Nú þurfa þær að herma eftir fræga fólkinu í myndatökunni.

**22.00 The Real Housewives of Orange County** Mögnuð raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Húsmæðurnar hittast í fyrsta sinn í grillveislu sem Jeana heldur fyrir fjölskyldurnar. Jo daðrar við Shane. Slade ræður unga og sæta aðstoðarkonu og Jo er ekki ánægð. Kimberly leitar að stærra húsi og Vicki og hennar gengi fer í fjörugt frí.

**23.00 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gaman-sería.

**23.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.

**0.20 Close to Home (e)** Bandarísk sakamálasería.

**1.10 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Wigan - Blackburn**

**16.00 Fulham - Watford**

**18.00 Þrumuskot (e)**

▶ **19.00 Arsenal - Charlton (frá 2. jan)**

**21.00 Newcastle - Man. Utd. (frá 1. jan)**

**23.00 Aston Villa - Chelsea (frá 2. jan)**

**1.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00
### NIP/TUCK



Eftir dramatískt og vægast sagt blóðugt uppgjör í lok síðustu þáttaraðar mæta þeir aftur til starfa á lýtalækningastofu sína, fóstbræðurnir Sean McNamara og Christian Troy. Eftir stormasamt samband og að því er virtist óviðunandi ágreining hafa þeir fallist í faðma og tekið saman höndum um að bjarga rekstrinum. En þótt þeir séu komnir á flug á ný, og fagna í þessum fyrsta þætti fimmtu og nýjustu seríunnar tímamótauppskurði, lítur út fyrir að þeir hafi verið of seinir á sér og framtíð McNamara/Troy er í uppnámi. Í þessum fyrsta þætti, sem byrjar með viðlíka látum og sá síðasti endaði lætur Julia loksins verða af því að segja Sean frá örlögum barnsins og Christian á óhugnanlegan fundi með sálfræðingnum sínum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ BRÁÐAVAKTINNI Í SJÓNVARPINU KL 20.15

Sjónvarpið sýnir nú tólftu þáttaröð þessara feikivinsælu þátta um líf og störf önnum kafinna lækna á bráðamóttökunni á sjúkrahúsi í Chicago. Bráðavaktin hefur notið gríðarlegra vinsælda frá því að hún hóf göngu sína fyrir tólf árum, bæði hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Þættirnir hafa hlotið 117 Emmy-tilnefningar og eiga því metið í fjölda tilnefninga ásamt þáttaröðinni Staupasteini. Í þættinum í kvöld fylgjumst við enn frekar með baráttu Dr. Carter og Dr. Pratt við ástandið í Darfur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Af gömlum merg
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

▶**18.00 Bestu bikarmörkin** (FA Cup Greatest Goals 1) Enska bikarkeppnin á sér langa sögu. Mörg óvænt úrslit hafa litið dagsins ljós og glæsileg tilþrif og mörk hafa yljað knattspyrnuáhugamönnum. Í þessum þætti eru sýnd eftirminnileg mörk en af nógu er að taka.

**18.55 Bestu bikarmörkin** (Liverpool Ultimate Goals) Bikarveisla að hætti Liverpool en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).

**19.50 Enska bikarkeppnin** (Úrslit: Liverpool - West Ham) Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar þar sem Liverpool og West Ham áttust við í hreint mögnuðum leik.

**22.30 FA Cup Season Preview Show 2007** (FA Cup Season Preview Show 2007) Upphitunarþáttur fyrir ensku bikarkeppnina sem er elsta knattspyrnukeppni í heiminum.
**23.00 Erlendur íþróttaannáll 2006** (Erlendur íþróttaannáll 2006) Svipmyndir frá íþróttaviðburðum af erlendum vettvangi sem valdir hafa verið sérstaklega af íþróttafréttamönnum Sýnar.

**0.05 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Smagsdommerne **12.45** OBS **12.50** Fantastiske fortællinger **13.20** Genbrugsguld **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Svada **15.30** Pigebandet Frank **16.00** Snurre Snup **16.05** Juniper Lee **16.30** Junior **17.00** Turen går til byen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Lægens bord **19.00** Sporløs **19.30** Cyklus **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Velkommen hos familien Rozes **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Attention Mobning **23.30** Et forbudt talent

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Amigo **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Grenseløs kjærlighet **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fiffi og blomsterbarna **17.15** Den lille blå dragen **17.20** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens fargerike **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.10** Lydverket **22.45** Den tredje vakten **23.25** Det skjulte landet

## SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.30** Det våras för Sheriffen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Meg och Mog **17.10** Det är tur att jag ser ut... **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Tracey McBean **18.00** Kärleksagenterna **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Entourage **20.30** Far From Heaven **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En uppstoppad hund **23.35** Sändning från SVT24




HRÓSIÐ ...



...fær Reynir Lyngdal, sem ásamt samstarfsfólki sínu hristi hressilega upp í gamalgrónu skaupi og fóstraði eitt besta áramótaskaup margra ára.

# Cleese ódýrari en Orkuveituauglýsingin



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Lék á móti breska grínistanum í auglýsingu Kaupþings sem vakið hefur mikla athygli.

Auglýsing Kaupþings með breska stórleikaranum John Cleese vakti mikla athygli á gamlárskvöld enda frumsýnd á eftirsóttasta tímanum í íslensku sjónvarpi, var síðasta auglýsingin fyrir Áramótaskaup Ríkissjónvarpsins.

Eitthvað hafa menn verið að velta því fyrir sér hvað kosti að fá leikara í þessum gæðaflokki til að leika í auglýsingu og skrifar almannatengillinn Ómar R. Valdimarsson á bloggsíðu sinni að hún hafi ekki kostað undir áttatíu milljónum íslenskra króna.

„Mikið, mikið minna,“ segir Jón Sæmundsson, framkvæmdastjóri EnnEmm auglýsingastofunnar, sem á mesta heiðurinn af auglýsingunni. „Upphæðin er mjög langt frá áttatíu milljónum og þetta er alls ekki dýrasta auglýsingin sem gerð hefur verið á Íslandi,“ útskýrir Jón sem sagðist vita um að minnsta kosti eina dýrari auglýsingu. Hann vildi ekki gefa upp hversu mikið breska stórstjarnan hefði fengið borgað fyrir þessar þrjár leiknu auglýsingar auk blaðaauglýsingar sem birtast á næstu dögum því slíkt væri trúnaðarmál. „Það liggja ekki fyrir endanlegar tölur en þetta voru ágætis dagslaun og Cleese horfði á þann höfðafjölda sem sæi auglýsinguna,“ segir Jón en ólíkt því sem margir hafa haldið þá eru þessar auglýsingar eingöngu hugsaðar fyrir íslenskan markað. Til gamans má geta að Orkuveituauglýsingin, sem fékk á baukinn í lok Skaupsins, kostaði 15 til 18 milljónir og telst með dýrustu auglýsingum sem gerðar hafa verið fyrir íslenskt fyrirtæki. - fgg



**JOHN CLEESE** Launagreiðslur til Cleese eru trúnaðarmál en auglýsingin ku ekki vera sú dýrasta sem gerð hefur verið á Íslandi.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** gáski **6** klukka **8** keyra **9** fljótfærni **11** í röð **12** þíða **14** elda **16** skóli **17** fiskur **18** hætta **20** bor **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** blunda **3** guð **4** smjaðra **5** rúm ábreiða **7** rafstraumur **10** sigti **13** rá **15** heila **16** blundur **19** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ærsl, **6** úr, **8** aka, **9** ras, **11** jk, **12** afísa, **14** malla, **16** ma, **17** áll, **18** ógn, **20** al, **21** knús.
**LÓÐRÉTT:** **1** lúra, **3** ra, **4** skjalla, **5** lak, **7** rafmagn, **10** sía, **13** slá, **15** alla, **16** mók, **19** nú.

## LEIÐRÉTTING

Fyrir handvömm var Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra rangtitluð í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




**BÍÐUR RÓLEGUR HEIMA** Andri Freyr Viðarsson fékk uppsagnarbréf sitt frá X-FM á gamlársdag eins og aðrir starfsmenn stöðvarinnar. Starfsfólki KissFM var líka sagt upp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ANDRI FREYR VIÐARSSON: X-FM OG KISS FM LOKAÐ

# Þreyttur á uppsagnarbréfum

„Þetta er alveg óþolandi. Ég er búinn að fá nóg af þessum uppsagnarbréfum. Ég get svo svarið það. Þriðja skiptið á einu ári,“ segir Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður en hann hefur verið annar umsjónarmaður Capone útvarpsþáttarins á X-FM sem vakið hefur nokkra athygli á undanförnum árum og mánuðum.

Öllum starfsmönnum á X-FM og KissFm var sagt upp störfum á gamlársdag. Nú er bara leikin þar tónlist og engin dagskrárgerð í gangi. Andri segir uppgefna ástæðu fyrir lokun stöðvanna þá að Stef hafi svipt stöðvarnar útvarpsleyfi vegna skuldar.

„En ég kaupi það nú ekki. Þetta er eitthvað plott. Það verður fundur á morgun [í dag] og þá kemur þetta betur í ljós. En, já, við erum með uppsagnarfrest. „Hangin'around“ heima hjá mér. Ég kann ofsalega vel við það. Nú er bara að slaka á. Nema eitthvað annað gerist. Nema Valli sport opni aftur stöð! Það er aldrei að vita.“

Yfirmaður útvarpssviðs Íslenska útvarpsfélagsins, sem rekur stöðvarnar tvær, er Kristján Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot: „Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíð útvarpsstöðvanna. Hún verður tekin á næstu dögum.“ Hann segir það rangt að Stef hafi svipt stöðvarnar útvarpsleyfi vegna skuldar. Hið rétta sé að Stef hafi ekki samþykkt nýtt útvarpsleyfi sem svo er lagt fyrir útvarpsréttarnefnd, en hið gamla rann út um áramót. „Við skuldum eitthvað, það er rétt, en við skuldum Stef ekki neitt,“ segir Kiddi sem fékk það hlutskipti að segja starfsfólki sínu upp. Honum var sjálfum sömuleiðis sagt upp störfum. Aðspurður segir Kiddi að rekstur útvarpsstöðvanna hafi gengið bærilega. Gamlar skuldir hafi fylgt stöðvunum en ágætlega hafi gengið að vinna þær upp.

Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóra Stefs, segir að stöðvarnar hafi verið í vanskilum við Stef. Af þeim sökum hafi samningi við þær verið rift. Skuldin hafi síðar verið gerð upp fram til áramóta. Vilji X-FM og KissFM fá endurnýjað útvarpsleyfi þurfi að ganga frá nýjum samningi við Stef, meðal annars með greiðslu trygginga. - jbg / hdm



**YFIRMAÐURINN** Kiddi Bigfoot þurfti að segja upp öllu starfsfólki X-FM og KissFM á gamlársdag. Hann veit ekki hver framtíð stöðvanna verður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn og sjónvarpsmaðurinn **Felix Bergsson** fagnaði fertugsafmæli sínu á nýársdag. Veislan var haldin í Loftkastalanum og þar sem um 300 gestir voru samankomnir. **Gunnar Helgason** var veislustjóri og fjölbreytt skemmtiatriði voru fyrir gesti. Meðal gesta voru ýmsir forkólfar Samfylkingarinnar á borð við **Jón Baldvin Hannibalsson** og **Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur**, sem og leikhúsfólk á borð við **Svein Einarsson** og **Stefán Baldursson**. Felix voru færðar fjölmargar góðar gjafir af þessu tilefni. Þá stærstu fékk hann að morgni afmælisdagsins frá eiginmanni sínum, **Baldri Þórhallssyni** stjórnmálafræðingi. Baldur gaf Felix tveggja vikna ferð til Rio de Janeiro sem þeir leggja upp í á föstudag.



***Jón Sæmundur Auðarson*** og **Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir**, eigendur tískuvöruverslunarinnar Liborius, stóðu fyrir áramótapartí á hinum nýja skemmtistað Boston. Margt góðra gesta leit við á gamlárskvöld, fremst í flokki fór **Björk Guðmundsdóttir** en einnig mátti sjá glitta í leikarahjónin **Brynhildi Guðjónsdóttur** og **Atla Rafn Sigurðarson**, tónlistarmanninn **Togga** og ***Ásgrím Má*** tískulöggu.



-hdm/bs

# Logi leitar að nýjum Meistaraefnum

„Það er kominn fiðringur,“ segir Logi Bergmann Eiðsson, stjórnandi spurningaþáttarins Meistarans, en þátturinn fer í loftið í lok janúar. Á laugardaginn geta Íslendingar þreytt inntökupróf fyrir þáttinn á fjórum stöðum á landinu; í Reykjavík og á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Allir þátttakendur fá sömu fimmtíu spurningarnar og segir Logi að í framhaldinu af útkomu þess ráðist hversu margir þekktir „spurningakeppna-nirðir“ verði fengnir í þáttinn til að berjast um Meistara-tignina.

Í fyrra tóku þau Ólína Þorvarðardóttir, Stefán Pálsson og Mörður Árnason þátt auk Illuga Jökulssonar sem komst alla leið í undanúrslit en var þá sleginn út af núverandi Meistara, Jónasi Erni Helgasyni. Logi vildi hins vegar ekki gefa upp hverjir þeir frægu yrðu í þetta skiptið, það væri ekki komið á hreint. „Ég er með nokkra í huga,“ viðurkenndi hann.

Logi segir að mikið hafi verið haft samband við sig og hann meðal annars spurður hvenær prófin færu fram enda vildu menn ekki missa af þessu einstaka tækifæri. Þá sagði hann að borðspilið sem byggt er á þættinum hefði jafnframt kynt undir áhuganum. Að sögn Loga verða hins vegar ekki neinar stórvægilegar breytingar á þættinum sjálfum og vinningsupphæðin verður að öllum líkindum fimm milljónir íslenskra króna. - fgg



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR** Einn þeirra þekktu spurningakeppnanjarða sem tóku þátt í fyrra.



**INGA DÓRA** Varð að lúta í lægra haldi fyrir Jónasi í sjálfum úrslitaþættinum. Hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hún hyggi á endurkomu.



**LOGI BERGMANN EIÐSSON** Er sjálfur kominn með fiðring í magann enda styttist óðum í fyrsta þátt Meistarans.


OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00
ÖRFÁ
EINTÖK
ENGIR
VEXTIR
OPNUM
10:00
Gateway M465X
• Intel Core Duo T2400 1.83GHz örgjörvi
• 1 GB Dual DDR2 533MHz vinnsluminni
• 80 GB SATA 5400RPM harðdiskur
• 8xDVD+-RW hljóðlátur skrifari
• 15,4" WXGA 1280x800 skjár
• 128MB ATI X1400 PCI-E16X skjákort
• Windows XP PRO á íslensku eða ensku
• 54Mbps þráðlaust netkort og Gigabit netkort
• 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
INTEL CORE DUO
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri hraða og afköst í fjölda forrita í einu
MINNISKORTALESARI
5 í 1 minniskortalesari fyrir flestar tegundir minniskorta eins og SD, Memory Stick ofl.
128MB ATI X1400
Öflugt PCI Express skjákort með 128MB háhraða minni og allt að 256MB Hyper minni
HLAÐIN TENGJUM
Öll helstu tengi, USB2 FireWire, TV-út, VGA, Gigabit netkort og minniskortalesari
OPNUNARTILBOÐ
Opnunartilboðin halda áfram og er þessi fartölva á verði sem hefur aldrei sést áður
WINDOWS XP PRO
Windows XP PRO stýrikerfi. Þú velur hvort þú villt íslenskt eða enskt viðmót
99.900
EVIO 9.990
Engir vextir í 10 mánuði
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Birt með fyrirvara um breytingar og villur
EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Office 1 Superstore

Bæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag




BAKÞANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Okkar menn*

Það var létt yfir Sillu frænku þegar hún boðaði vini í kaffi og kringlur til sín á nýársdag.

**HENNAR** maður hafði verið valinn MAÐUR ÁRSINS. Og ekki stóð á lofræðum um Ómar Ragnarsson og hið góða val valnefndar sem hafði komist hjá því að vera styrkt af Landsvirkjun eða Alcan á sínum umræðufundum.

**NEI,** málið var að nú hafði einn maður bæst í hópinn í „dýrlingatölu“ gömlu konunnar en það var Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands. Var það nýárspredikun biskupsins sem hafði bætt honum í hóp útvalinna manna hjá Sigurlaugu Guðmundsdóttur. Ómar Ragnarsson og Nelson Mandela voru þar fyrir og nú hafði æðsti maður þjóðkirkju Íslendinga bæst í þennan föngulega hóp.

**UMRÆÐUR** voru fjörugar í litla herberginu hennar Sillu sem hún deildi vitanlega með annarri konu. (Hefði endilega frekar viljað sætan karl í hinu rúminu heldur en Guðbjörgu blessaða, en það voru nú einu sinni örlög eldra fólks á Íslandi að fá ekki að vera einsamalt í herbergi.) Líklega var það lán í óláni að sambýliskona Sillu var heyrnarlaus svo hún var ekkert að grípa fram í þegar samræður gerðust heitar, háværar og pólitískar.

**Á** nýársdag 2007 var rætt um HEILSUVERNDARSTÖÐINA. Þeir láta alltaf svona þegar kemur að málum kvenna, sagði Silla og dýfði kringlu í kaffið, það er eins og þeim finnist þeir geti ráðskast með þeirra viðkvæmustu mál. Munið þið þegar FÆÐINGARHEIMILIÐ var lagt niður og öll starfsemi þess flutt yfir á Landspítalann. Á þessu fæðingarheimili var svo heimilislegur og yndislegur aðbúnaður fyrir sængurkonur.

**AUÐVITAÐ** reyndu konur að mótmæla þegar þetta vinsæla afdrep var tekið af þeim. En það var eins og að berja höfði við stein. Ráðamenn vissu betur hvað væri best fyrir þær. Ef erfiðleikar við fæðingu kæmu upp á voru bestu sérfræðingarnir starfandi á Lansanum var sagt. „En Fæðingarheimilið er rétt hjá Landspítalanum ef eitthvað kemur uppá,“ kveinuðu konurnar. Og þetta sama hrópaði starfsfólk og skjólstæðingar sem voru til húsa á Heilsuverndarstöðinni. „Ekki málið,“ var svarið. „Það er komið gott sölutilboð í húsið, svo nú skal tilvonandi mæðrum komið fyrir uppi í Mjódd.“


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is

Óskabyrjun Toyota

Við störtum nýju ári með sjaldgæfum sértilboðum




Avensis á sértilboði

RAV4 á sértilboði

RAV4 og Avensis – gefa þér fljúgandi start

Við hjá Toyota erum í skýjunum yfir frábæru gengi á síðasta ári. Þess vegna störtum við nýju ári með sjaldgæfum sértilboðum á Avensis og RAV4. Gríptu tækifærið og fáðu sannkallaða óskabyrjun á árinu.

Komdu og reynsluaktu Avensis og RAV4 – þeir eru á tilboði sem þú sérð kannski aldrei aftur.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070